


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Flutningar







# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
5. janúar 2012
4. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011



**Frumsýna nýtt verk**
*Leikfélag Kópavogs er 55 ára.*
**tímamót** 20

**Leoncie snýr aftur**
*Indverska prinsessan kemur fram á langþráðum tónleikum í Reykjavík síðar í mánuðinum.*
**fólk** 42



**Óvissa með EM-hópinn**
*Guðmundur Guðmundsson fer með 18 leikmenn á æfingamótið í Danmörku.*
**sport** 38

## veðrið í dag




**HVESSIR Í KVÖLD** Í dag verður strekkingur austast í fyrstu en annars yfirleitt hæg N-átt og úrkomulítið en vaxandi SA-átt með snjókomu S- og V- til seint í kvöld. Frost 1-12 stig.
VEÐUR 4

# Virði eigna FSÍ tvöfaldaðist

**Tæplega 100 prósent aukning hefur orðið á virði þeirra eigna sem Framtakssjóður Íslands fjárfesti í frá miðju ári 2010 og fram í júlí 2011. Það jókst um 16,6 milljarða króna. Munar mestu um Icelandic Group.**

**VIÐSKIPTI** Virði eigna Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) jókst um tæp 100% á fyrsta fjárfestingaári sjóðsins samkvæmt drögum að endurmati á eignum hans. Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri FSÍ, kynnti endurmatið á fundi Félags löggiltra endurskoðenda í gærmorgun. Samtals nam kaupverð á umræddum fjárfestingum 16,8 milljörðum króna.

Samkvæmt endurmatinu sem kynnt var á fundinum í gærmorgun hefur virði þeirra hækkað um 16,6 milljarða króna á þessu eina ári og er samtals 33,4 milljarðar króna. Langmest munar um endurmat á virði Icelandic Group sem hefur hækkað um 13 milljarða króna á einu ári. Auk þess hækkaði virði Icelandair töluvert.

Finnbogi segir arðsemi fjárfestinganna hafa farið langt fram úr þeim væntingum sem upphaflega voru gerðar til þeirra. „Af hálfu lífeyrissjóðanna sem stofnuðu sjóðinn voru send þau skilaboð að við ættum að skila sömu ávöxtun árlega og lífeyrissjóðirnir eru að skila að meðaltali. Við starfsmenn höfum síðan sett okkur þau markmið að vera með að minnsta kosti 15% arðsemi að meðaltali á ári á meðan sjóðurinn starfar. Þessi árangur fer langt fram úr öllum þeim væntingum.“

FSÍ var stofnsettur í lok árs 2009 af sextán lífeyrissjóðum. Tilgangur hans var að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar bankahrunsins. Síðar komu Landsbankinn, sem er stærsti einstaki eigandi sjóðsins, og VÍS inn í eigendahópinn. - þsj / sjá síðu 10

**Fjárfestingar Framtakssjóðsins 30. júní 2010 - 30. júní 2011**

| Fyrirtæki | Kaupverð í m.kr. | Drög að endurmati |
|---|---|---|
| Icelandair Group (19%) | 2.376 | 4.780 |
| Icelandic Group (100%) | 8.059 | 21.000 |
| Vodafone (79%), SKÝRR (79%), Plastprent (100%) | 4.850 | 4.850 |
| Húsasmiðjan/Holtavegur 10 | 250 | 0 |
| Icelandair Group -SELT | 1.250 | 2.711 |
| **Samtals** | **16.785** | **33.341** |

HEIMILD: FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS



**GÆSUNUM GEFIÐ** Gæsirnar á Tjörninni hafa liðið fyrir kuldakastið undanfarið en hafa þó notið góðvildar vegfarenda. Spáð er áframhaldandi frosti á landinu í dag. Fréttablaðið/Anton

Erfðabreytt matvæli merkt:

## Kostnaðurinn út í verðlagið

**NEYTENDUR** **Jón Gerald Sullenberger, kaupmaður í Kosti, segir kostnaðinn sem fylgir því að merkja erfðabreytt matvæli í versluninni fara út í verðlagið.**

**Jón Gerald segir að þessar breytingar muni kosta neytendur tugi ef ekki hundruð milljóna króna. „Þetta gæti endað eins og í Danmörku að hér verði ekki hægt að kaupa Cheerios og Cocoa Puffs.“**



JÓN GERALD SULLENBERGER

**Um áramótin tók gildi reglugerð um merkingar erfðabreyttra matvæla. Markmiðið er að neytendur fái réttar og greinargóðar upplýsingar um erfðabreytt matvæli.**
**Helga Pálsdóttir hjá Matvælastofnun segir að vörur frá Evrópusambandinu séu undir strangara eftirliti og neytendur eigi því að vera öruggir með vörur þaðan.** -ibs / sjá síðu 12

Apategundir sem skyldastar eru mönnum byggja ákvörðun á mati á líkindum:

# Taka áhættu fyrir stóra banana

**VÍSINDI** Þær apategundir sem skyldastar eru mannfólkinu eru færar um að meta áhættu og taka ákvarðanir byggðar á líkum á því að þær skili árangri. Þetta er niðurstaða þýskra vísindamanna sem rannsökuðu górillur, simpansa, órangútana og bónóbóapa.

Vísindamennirnir lögðu próf fyrir apana þar sem þeir fengu að velja á milli tveggja banana. Annar bananinn var minni, en hann gátu þeir alltaf fengið. Til að fá stærri banannn þurftu þeir að giska á hvar hann væri falinn. Ef þeir giskuðu ekki rétt fengu þeir engan banana. Til að skilja hugsanaferlið hjá öpunum var felustöðunum fyrir stærri banana fjölgað, og stærðarmuninum á ávöxtunum breytt.

Niðurstaðan er sú að aparnir tóku frekar áhættu þegar mikill munur var á stærð banananna og þegar felustaðirnir fyrir stóru banananna voru frekar fáir. Þeir virðast því reikna út hverjar líkurnar eru á því að finna stærri bananann, og hvort hann sé nógu stór til að áhættan við að missa minni bananann sé þess virði.

Í niðurstöðunum kemur jafnframt fram að simpansar og órangútanar eru almennt áhættusæknari en górillur og bónóbó-apar. Vísindamennirnir treystu sér ekki til að skýra hvers vegna það væri. - bj









## SPURNING DAGSINS



*Biggi, ertu búinn að ímeila þá?*

„Nei, það er búið að vera mikið maus að ná í þá."

Birgir Örn Steinarsson, í hljómsveitinni Maus, sem varð einna frægust fyrir lagið „Ég ímeila þig", er ósáttur við samnefnda hljómsveit í Hollandi.

Línur byrjaðar að skýrast við formlegt upphaf kosningabaráttu repúblikana:

# Michelle Bachmann hætt við framboð

**BANDARÍKIN, AP** Þeir Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri í Massachusetts, og Rick Santorum öldungadeildarþingmaður urðu nánast jafnir í forkosningum Repúblikanaflokksins í Iowa, báðir með tæplega fjórðung atkvæða í þessum fyrstu forkosningum flokksins fyrir forsetakosningarnar í haust.

Romney hlaut 30.015 atkvæði en Santorum 30.007 þannig að mismunurinn var aðeins átta atkvæði. Þeir Newt Gingrich og Rick Perry fengu mun færri atkvæði, eða 13 og 10 prósent, og Michelle Bachmann fékk aðeins fimm prósent og varð þar með í sjötta sæti.

Hún tók síðan í gær ákvörðun um að draga sig út úr kosningabaráttunni.

Santorum var hæstánægður með niðurstöðuna og segir hana ómetanlega hvatningu til sín, enda var hann lengi vel ekki talinn sigurstranglegur: „Það er nú eða aldrei fyrir íhaldskjósendur," sagði hann, „ég er eini íhaldsmaðurinn sem starfa af ástríðu og heilindum og get sameinað Repúblikanaflokkinn."

Forkosningarnar í Iowa fara þannig fram að áhugasamir kjósendur mæta á kvöldfundi, sem haldnir eru í skólum, kirkjum og samkomuhúsum víða um land og greiða atkvæði að loknum ræðuhöldum. Rúmlega 122 þúsund manns mættu á þriðjudag til þessara kosningafunda, en það eru innan við tíu prósent af skráðum kjósendum í Iowa. - gb



**MITT ROMNEY HRÓSAR SIGRI** Hefur tryggt sér stuðning frá John McCain, sem var forsetaefni flokksins síðast. NORDICPHOTOS/AFP

Aldrei meira tjón en 2011:

## Hamfarir aldrei reynst dýrari

**HAMFARIR Aldrei hafa náttúruhamfarir valdið jafn miklu tjóni á einu ári og árið 2011. Þetta er mat þýska tryggingafyrirtækisins Munich Re.**

**Í ársskýrslu fyrirtækisins segir að tjón vegna náttúruhamfara hafi á árinu numið 380 milljörðum bandaríkjadala sem er jafngildi tæpra 47 þúsund milljarða króna. Fyrra metið var rúmir 27 þúsund milljarðar.**

**Dýrustu hamfarir ársins voru stóru jarðskjálftarnir tveir í Japan og á Nýja-Sjálandi.** - mþl

Danir staðfesta dóm:

## Íslendingur í 14 ára fangelsi

**DANMÖRK** Lárus Freyr Viðarsson, 24 ára Íslendingur sem búsettur er í Danmörku, hefur verið dæmdur í 14 ára fangelsi fyrir morð. Lárus og félagi hans skutu konu til bana í smábænum Lund í Danmörku, skammt frá Horsens, í apríl síðastliðnum. Þeir voru dæmdir í bæjarrétti skömmu síðar en áfrýjuðu. Vestri-Landsréttur staðfesti dóminn yfir Lárusi í gær.

Félagi hans fékk 12 ára fangelsi í vor fyrir aðild að morðinu. Hann var aftur á móti sýknaður í Landsrétti, en dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir að hafa stefnt lífi þeirrar myrtu í hættu og fyrir brot á skotvopnalögum. - sv

### HEILBRIGÐISMÁL

**Tæpur fimmtungur reykir**

Samtals reykja 18,9 prósent fullorðinna Íslendinga. Þetta er niðurstaða Capacent Gallup sem gerði fjórar kannanir um málið í fyrra. Um 14,3 prósent reykja daglega en 4,6 prósent sjaldnar en daglega.

# Sonurinn kæfði eld með rifnu gólfteppi

**Átján ára drengur bjargaði lífi móður sinnar þegar kviknaði í henni út frá etanól-arni. Konan brann illa í andliti og á líkama en grær vel. Hún mun aldrei nota arininn aftur. Missti af 15 ára jólahefð fjölskyldunnar vegna brunans.**



**FRÁ BRUNASTAÐ** Theodór Fannar bjargaði móður sinni þegar kviknaði í íbúð þeirra við Fagrahjalla. Margrét brann illa í andliti, á höfði og hendi. Mildi þykir að ekki fór verr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**BRUNI** „Hann byrjaði á því að slökkva eldinn í andlitinu á mér með því að rífa upp gólfteppið og pakka mér inn í það. Ég var búin að reyna að velta mér um á gólfinu en þegar ég sneri mér upp blossuðu logarnir alltaf upp aftur," segir Margrét Sverrisdóttir, íbúi í Fagrahjalla í Kópavogi. Margrét brann töluvert í andliti og á hálsi, kvið, læri og illa á annarri hendi í desember þegar sprenging varð í etanól-arni á heimili hennar.

Sonur Margrétar, hinn átján ára gamli Theodór Fannar Eiríksson, brást fljótt við þegar sprengingin varð. Læknar og bráðaliðar tjáðu henni að Theodór hefði bjargað lífi hennar. Hann hefði brugðist hárrétt við þrátt fyrir að hafa aldrei sótt námskeið í slysavörnum.

„Ég er í raun hissa á því hvað hann var rosalega skynsamur. Þegar við komum út úr húsinu fékk fólk algjört áfall við að sjá mig og þá hringdi hann á Neyðarlínuna," segir Margrét. „Hann gerði allt, strákurinn."



Margrét var flutt á bráðadeild Landspítalans og á lýtadeild í kjölfarið. Hún dvaldi á spítalanum í tæpar tvær vikur og fékk að fara heim daginn fyrir gamlárskvöld og þurfti ekki að gangast undir neinar húðágræðslur. Hún er afar ánægð með þá umönnun sem hún fékk á spítalanum.

Hún segist aldrei ætla að nota etanól-arininn aftur og vonar að fleiri eigi eftir að fylgja dæmi hennar. Hún hefur átt arininn í rúm þrjú ár og notað hann einungis við sérstök tækifæri. Margrét lýsir sprengingunni þannig að hún hafi þeyst burt frá eldstæðinu og lent á bókaskáp í stofunni. Eldurinn varð töluverður og er mikið af húsinu ónýtt eftir bruna og reykskemmdir.

„Við förum ekki heim á næstunni. Það þurfti að rífa allt út úr húsinu; parket, eldhúsinnréttinguna, loftin — það urðu svo miklar reykskemmdir," útskýrir Margrét, sem er yfir sig hamingjusöm að betur fór en á horfðist og að þurfa ekki að gangast undir neinar aðgerðir. „Ég verð líklegast bara með hanska á hendinni," segir hún.

Sonur Margrétar og foreldrar hennar fóru til Kanaríeyja um jólin, líkt og fjölskyldan hefur gert að sið síðustu fimmtán ár. Hún þurfti þó að dvelja á sjúkrahúsi til að ná sér eftir slysið. „Ég hafði það loks í gegn að þau færu. Strákurinn hafði sérstaklega gott af því," segir hún. sunna@frettabladid.is

Samkeppni á Hólsheiði:

## Byggingu fangelsis ýtt út vör

**FANGELSISMÁL** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og Logi Már Einarsson, formaður Arkitektafélags Íslands, undirrituðu í gær samning um útfærslu hönnunarsamkeppni um byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði í Reykjavík.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í árslok og að nýtt fangelsi verði tekið í gagnið 2014.

Bygginguna skal hanna í samræmi við þá stefnu Fangelsismálastofnunar að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, mannleg og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetja fanga til að takast á við vandamál sín. - jss

Lögregla skoðaði kanínuhræ:

## Maður viðurkenndi íkveikju

**LÖGREGLUMÁL Maður hefur gefið sig fram til lögreglu og upplýst að hann hafi kveikt í kanínukofa með kanínu inni í, í hrauninu við Garðabæ. Hann fullyrðir þó að kanínan hafi verið dauð áður en hann bar eld að kofanum. Fréttablaðið greindi frá því í gær að tvær ungar stúlkur hefðu tilkynnt lögreglu um kanínuna.**

**Í tilkynningu segir að lögreglumenn hafi hitt börnin og forráðamenn þeirra í gær og verið vísað á kanínuna. Bæði henni og kofanum var fargað.**

**Þá segir að maður hafi haft samband við lögreglu vegna málsins. Hann sagði dauða kanínunnar hafa borið að með eðlilegum hætti og er ekki talin ástæða til að rengja frásögn mannsins, sem er sagður mjög miður sín vegna málsins. Hann gat þess enn fremur að hann hefði alltaf ætlað sér að brenna bæði kofann og hræið en „því verki hefði því miður bara verið rétt ólokið þegar börnin komu að og þótti honum það afar leitt".** - sv






Skipulagsbreyting verður gerð hjá 365 miðlum, útgáfufélagi Fréttablaðsins:

# Enn skerpt á aðgreiningu ritstjórnarefnis og auglýsinga

**FJÖLMIÐLAR** Skipulagsbreyting hefur verið ákveðin hjá 365 miðlum. Breytingin felur í sér að þeir starfsmenn ritstjórnar Fréttablaðsins sem hafa haft með höndum skrif í kynningarblöð sem fylgt hafa blaðinu færast yfir til sölu- og þjónustusviðs 365 miðla.

Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, segir að útgáfa kynningar- og auglýsingablaða á vegum 365 miðla hafi farið vaxandi og verið vel tekið. Löng hefð sé fyrir því að kynningarblöð á vegum fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka fylgi dagblöðunum. „Sú nýbreytni sem auglýsingadeild 365 hefur bryddað upp á er að gefa út kynningarblöð þar sem kynningum frá smærri fyrirtækjum eða samtökum úr svipuðum bransa er safnað saman," segir Ólafur.

„Starfsfólk ritstjórnar hefur skrifað þessi blöð vegna þess að hér er færnin og reynslan í að skrifa texta. Nú er umfang þessara skrifa hins vegar orðið það mikið að eðlilegast er að starfsmenn sem hafa þau með höndum færist yfir á söluvsviðið. Skipulagsbreytingin er gerð til að taka af allan vafa um aðskilnað frétta og ritstjórnarefnis annars vegar og auglýsinga hins vegar," segir hann.

„Þetta tvennt hefur verið rækilega aðgreint í fylgiblöðum Fréttablaðsins en það er rökrétt skref að aðgreina einnig þær deildir í fyrirtækinu sem vinna mismunandi efni."



**HÖFUÐSTÖÐVAR 365** Þeir starfsmenn ritstjórnar Fréttblaðsins sem hafa haft með höndum skrif í kynningarblöð færast nú yfir til sölu- og þjónustusviðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Miklu meiri hollusta

*41% minni sykur*

**Fitness morgunkornflögurnar innihalda 41% minna af sykri, meira af trefjum og færri kaloríur en sambærilegar heilsukornflögur á markaðnum. Láttu skynsemina ráða og byrjaðu daginn á bragðgóðum og miklu hollari morgunverði.**




ÍSLENSKA SIA.IS NAT 57329 12.2011

## GENGIÐ 04.01.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,72 | 122,30 |
| Sterlingspund | 190,44 | 191,36 |
| Evra | 158,52 | 159,40 |
| Dönsk króna | 21,318 | 21,442 |
| Norsk króna | 20,564 | 20,686 |
| Sænsk króna | 17,841 | 17,945 |
| Japanskt jen | 1,5870 | 1,5962 |
| SDR | 187,65 | 188,77 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,7503

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Saksóknari áfrýjar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í skattahluta Baugsmálsins:

# Telur að þyngja eigi refsinguna

**BAUGSMÁL** Ríkissaksóknari hefur áfrýjað dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í skattahluta Baugsmálsins til Hæstaréttar. Hann krefst þyngri refsingar yfir ákærðu í þeim ákæruliðum þar sem sakfellt var, og þess að Hæstiréttur snúi dómi héraðsdóms í þeim ákæruliðum þar sem sýknað var.

„Héraðsdómur sakfelldi fyrir verulegan hluta af því sem var ákært fyrir, en við teljum að það eigi að þyngja refsinguna,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson aðstoðarríkissaksóknari.



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Þrír sakborningar í málinu voru í desember sakfelldir fyrir skattalagabrot. Það voru þau Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarformaður Baugs Group, Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Gaums, og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs.

Þó að héraðsdómur hafi sakfellt þremenningana fyrir skattalagabrot var þeim ekki gerð refsing haldi þeir skilorð í eitt ár. Ástæðan er sú að dómurinn taldi drátt sem varð á rannsókn málsins brot á stjórnarskrárvörðum réttindum sakborninga og ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. **- bj**

Mun færri skip sökkva:

# Fleiri íslensk skip stranda

**SLYS** Fimmtán íslensk skip strönduðu eða tóku niðri í fyrra og er það fjölgun úr átta frá árinu áður. Árið 2009 voru þau ellefu.

Þetta kemur fram í ársskýrslu Rannsóknarnefndar sjóslysa (RNS) fyrir árið 2011. Þar segir einnig að engin banaslys urðu á sjónum, en það gerðist síðast árið 2008.

Fjölda skipa sem sökkva fækkar verulega milli ára, úr sex í tvö. Þá lentu fleiri skip í árekstri í fyrra en árið áður. **- sv**



**Á KJÖRSTAÐ** Egyptar greiddu atkvæði í gær í síðasta áfanga kosninga til neðri deildar þingsins. NORDICPHOTOS/AFP

Síðasti kosningadagur:

# Líkur á sigri múslímaflokks

**EGYPTALAND, AP** Egyptar luku í gær kosningum til neðri deildar þingsins, sem staðið hafa yfir í áföngum frá því í byrjun desember. Kosningar til efri deildar eru þó enn ekki hafnar.

Veraldlega sinnaðir stjórnarandstæðingar, sem voru eitt helsta aflið í mótmælunum í Egyptalandi í byrjun síðasta árs, hafa vaxandi áhyggjur af því að flokkar á vegum Bræðralags múslíma, sem spáð er góðum sigri í kosningunum, geti nú myndað stjórn með stuðningsmönnum herforingjastjórnarinnar, sem farið hefur með völdin frá því að Hosni Mubarak hraktist frá völdum. **- gb**

# Bóndi í Vigur segir bannið ógna búskap

**Hlunnindabóndi í Vigur í Ísafjarðardjúpi missir 15% af heildartekjum sínum vegna veiðibanns á lunda. Hann efast um rök fyrir banni þar sem stofn lunda í eynni sé stærri en fyrri ár. Veiðin er áþekk skráðri veiði frá einum netabáti.**

**LANDBÚNAÐUR** „Er þetta ekki eignaupptaka, ég spyr. Við missum töluverðan hluta af okkar tekjum sem gerir erfiðara fyrir okkur að halda áfram búskap hér í eynni. Virði jarðarinnar rýrnar svo ofan í kaupið,“ segir Salvar Baldursson, hlunnindabóndi í Vigur í Ísafjarðardjúpi.

Eins og greint var frá í fréttum í gær hefur umhverfisráðherra fengið samþykki ríkisstjórnar til að breyta lögum svo hægt sé að friða fimm sjófuglastofna af svartfuglaætt. Friðun er ómöguleg ef 20. grein laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum stendur. Greinin fjallar um hlunnindarétt og sölu afurða.

Salvar segir að veiði á lunda sé um 15% af tekjum þeirra sem búa í Vigur. Teknir séu fimm til tíu þúsund fuglar á ári, eftir aðstæðum. „Flesta munar um það, en það versta er að ég kem ekki auga á tilganginn. Lundinn er í vandræðum í Vestmannaeyjum og víðar en það segir ekkert um stöðuna hérna. Hér hefur lundi sótt í sig veðrið á undanförnum árum. Ég vil ekki meira af lunda því hér er stórt æðarvarp, sem fer ekki vel saman við of mikinn lunda.“

Salvar hefur veitt lunda í 40 ár í Vigur. Hann segir að á þeim tíma hafi sést greinilegar sveiflur á stofninum. „Þú fjölgar ekki lunda á excel-skjali. Þetta snýst allt um ætið og hvar fuglinn vill vera þess vegna,“ segir Salvar. Hann bendir á til samanburðar að í skýrslunni komi fram að einn netabátur hafi skráð 8.000 fugla í skýrslur eitt árið.

Bændasamtökin hafa harðlega gagnrýnt lagabreytingu til friðunar og hvetja til þess að gerðir séu samningar við landeigendur um veiðihlé eða takmörkun veiða. Vegna þessa sögðu samtökin sig frá skýrslu starfshóps umhverfisráðherra en meirihluti hans mælir með friðun.

Í úrsagnarbréfi fulltrúa BÍ er bent á að líka þurfi að horfa til sjálfbærrar þróunar byggða í landinu.

Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir, fulltrúi Bændasamtakanna í starfshópnum, segir í viðtali við Fréttablaðið að í afskekktum byggðum séu hlunnindi oft meginuppistaðan í búskap. Það verði að virða. Einnig rétt landeigenda til nýtingar á hlunnindum þótt þeir stundi ekki búskap á jörðinni.

Þá finna Bændasamtökin að því að lögum sé breytt vegna þess að lagabreytingar verði ekki aftur teknar.

svavar@frettabladid.is



**LANDSÝN** Í Vigur hafa verið veiddir fimm til tíu þúsund lundar á ári. MYND/BJÖRN BALDURSSON

## Rök meirihluta starfshóps fyrir friðun

Í skýrslu starfshóps er lögð áhersla á að hér við land sé einn stofn af lunda, álku, langvíu, stuttnefju og teistu þannig að staðbundin áhrif og breytingar hafi áhrif á viðkomandi stofn um allt land.

Rannsóknir sýna viðvarandi viðkomubrest hjá um 75% af lundastofninum í nokkur ár og algjört hrun var í varpi hans árið 2011 nema á Norðurlandi hjá um 20% af stofninum, þar sem varp var viðunandi.

Starfshópurinn telur helstu orsakir hnignunar stofnanna vera fæðuskort en telur að tímabundið bann við veiðum og nýtingu muni flýta fyrir endurreisn þeirra.

Milljarðamæringur deyr:

# Eitur í kattakjötskássu

**BEIJING, AP** Milljarðamæringurinn Long Liyuan lést eftir að hafa borðað hægeldaða kattakjötskássu þegar hann fór í hádegismat með tveimur viðskiptafélögum sínum þann 23. desember síðastliðinn. Fljótlega eftir matinn fór Long að finna fyrir svima og ógleði og var fluttur á spítala þar sem hann fékk hjartastopp og dó.

Mennirnir þrír deildu sama réttinum og veiktust allir, Long borðaði þó töluvert stærri skammt en hinir sem gerði það að verkum að hann var sá eini sem lést. Talið er að annar hinna tveggja, Huang Guang, hafi eitrað matinn en þeir Long höfðu átt í deilum. **- trs**

Lögregla leitar upplýsinga:

# Þjófar á ferð í sumarbústað

**LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á Selfossi var í vikunni tilkynnt um innbrot og þjófnað í sumarbústað við Sogsbakka sem stendur á milli Ljósafossvirkjunnar og Steingrímsstöðvar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Atvikið hefur átt sér stað á tímabilinu frá 18. desember síðastliðnum til 2. janúar. Þjófurinn eða þjófarnir stálu Philips flatskjá, fartölvu og ýmsum öðrum munum. Þeir fóru um bústaðinn og ollu þar nokkru tjóni á innanstokksmunum.**

**Ógreinileg skóför voru í snjónum við húsið en fennt hafði í þau svo líkur eru til að nokkrir dagar hafi verið liðnir frá innbrotinu þar til það uppgötvaðist. Lögreglan á Selfossi biður þá sem veitt geta upplýsingar um innbrotið að hafa samband í síma 480 1010.** **- jss**

## SANDGERÐI

### Ríkisútvarpið heyrist illa

Mælingar þróunarsviðs Ríkisútvarpsins vegna hlustunarskilyrða í Sandgerðisbæ sýna að styrkur FM sendinga er nokkru fyrir neðan eða í neðri kanti þess sem æskilegt er fyrir góða þjónustu. Bæjarstjórnin vill að unnið verði hratt að nauðsynlegum úrbótum.

## LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt að Viðskiptaráð hafi lagt fram hugmyndir um hvernig „lækka mætti skatta minna“ og skera meira niður í Fréttablaðinu í gær. Þar átti að standa „hækka skatta minna“.


# Viltu losna við verkina?

**Námskeið fyrir þá sem glíma við einkenni frá stoðkerfi svo sem bakverki, eftirstöðvar slysa eða gigt.**

**Ný námskeið hefjast 16. janúar**

Skráðu þig núna
í síma 560 1010 eða á
mottaka@heilsuborg.is



HEILSUBORG
Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**LÆGÐ Á LEIÐINNI** til landsins en áhrifa hennar fer að gæta í kvöld með vaxandi suðaustanátt og snjókomu fyrst sunnan og vestan til. Það dregur smám saman úr frosti og á föstudag má víða búast við 0-6 stiga hita og skúrum eða éljum en vægu frosti norðaustantil.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 10° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 4° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | 1° |
| París | 11° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is



ToysЯUs
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
Lagerútsala
Sparið allt að
70%
á völdum vörum
KOMIÐ
OG SJÁIÐ
OKKAR
FRÁBÆRA
ÚRVAL
TILBOÐ Á YFIR
600
VÖRUM!
Tilboðin gilda meðan vörur eru til. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.
www.toysrus.is

**KJÖRKASSINN**



*Ertu ánægð/ur með hvernig snjómokstur hefur gengið í þínu nágrenni?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 39,4% |
| NEI | 60,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur ríkisstjórnin gengið of langt í skattkerfisbreytingum?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Hvarf Rögnu Esterar Sigurðardóttur í Bandaríkjunum fyrir sextíu árum rannsakað:

# Lögreglukona vill DNA-sýni úr ættingjum

**BANDARÍKIN** Lögreglukonu hjá lögreglunni í Portland í Oregon-ríki í Bandaríkjunum hefur verið falin rannsókn á hvarfi Rögnu Esterar Sigurðardóttur Gavin. Ragna Ester fluttist til Portland árið 1946 en síðast spurðist til hennar snemma árs 1952.

Vefútgáfa blaðsins The Oregonian hefur greint frá sögu Rögnu Esterar undanfarið.

Hún bjó með manni sínum, Larry Gavin, og börnum þeirra tveimur.

Eiginmaðurinn var mjög ofbeldisfullur og þegar Ragna Ester þurfti að leggjast inn á spítala eftir barsmíðar hans árið 1951 voru börnin þeirra sett á barnaheimili.

Hjónin skildu svo og Ragna Ester fékk fullt forræði yfir börnunum. Hún gat hins vegar ekki reitt af hendi þá upphæð sem þurfti til að fá börnin í sínar hendur. Þau voru síðar ættleidd.

Fjölskylda Rögnu Esterar hér á landi hefur lengi leitað hennar og reynt að komast að afdrifum hennar.

Á síðasta ári komust þau í samband við dóttur Larry af seinna hjónabandi, Melissu Gavin. Í kjölfarið tókst að hafa uppi á börnunum tveimur, sem voru ættleidd.

> **60** ár eru liðin frá því að síðast sást til Rögnu Esterar en hún hvarf árið 1952 í Bandaríkjunum.

Dóttir Rögnu og Larry er látin, en hún þjáðist af þroskahömlun, mögulega vegna barsmíða Larry meðan hún var í móðurkviði. Sonur þeirra er hins vegar enn á lífi.

Melissa leitaði víða fanga í leit sinni og hitti meðal annars konu sem ólst upp sem systir barna Rögnu. Þá hafði hún samband við lögregluna í Portland og nú hefur lögreglukonan Carol Thompson tekið við rannsókn málsins.

Thompson sagði í sambandi við The Oregonian að eina vonin í málinu væri að fá DNA-sýni úr ættingjum hennar og skrá þau í gagnagrunn svo hægt sé að bera sýnin saman við sýni úr óþekktum líkum sem finnast. **- þeb**

Andersen & Lauth
Reykjavik
established 1934

OUTLET
LOKAR

Rýmingarsala

Allur fatnaður og fylgihlutir fyrir dömur og herra á
1.000-10.000 kr.
Rýmingarsalan stendur aðeins út næsta laugardag, 7. janúar

Nú fer hver að verða síðastur...

Andersen & Lauth
OUTLET
Laugavegi 86-94



**Í HEYSKAP** Skeljungur sagði í fréttatilkynningu 3. janúar að fyrirtækið leggi áherslu á að uppfylla öll skilyrði íslenskra reglugerða um áburðarframleiðslu og líti málið alvarlegum augum. Fyrirtækið seldi 11 þúsund tonn af áburði í sumar vitandi að hann var ósöluhæfur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skeljungur þagði um ósöluhæfan áburð

**Matvælastofnun og Skeljungur þögðu um að áburður innihéldi ríflega tvöfalt magn kadmíums. 11 þúsund tonnum var dreift. Fyrir Alþingi liggur frumvarp um að skerpt verði á skyldu stjórnvalda um að upplýsa almenning um mengun.**

**UMHVERFISMÁL** Skeljungi, jafnt sem Matvælastofnun, var ljóst á vormánuðum að áburður sem kominn var til landsins var ósöluhæfur. Þrátt fyrir það var tekin ákvörðun um selja áburðinn.

Eins og bbl.is greindi frá í desember og fréttastofa Rúv á þriðjudag, var kadmíummagn í áburði sem Skeljungur flytur inn ríflega tvöfalt það sem leyfilegt er.

Reglugerðir kveða skýrt á um að innflytjendur þurfi að votta að kadmíuminnihald áburðar skuli vera samkvæmt reglum áður en sala hans hefst. Þarf innflytjandi að leggja fram þar til gerða yfirlýsingu til Matvælastofnunar. Skal hún fylgja vörunni til heildsala og kaupandi á rétt á að sjá hana.

Þetta atriði kemur skýrt fram á eyðublaði sem má finna á heimasíðu Matvælastofnunar: Yfirlýsing. Kadmíuminnihald áburðar.

Valgeir Bjarnason, sérfræðingur áburðar- og fóðureftirlits hjá Matvælastofnun, hefur staðfest að vitað var á vormánuðum að áburðurinn stóðst ekki kröfur en það var látið óátalið að hann yrði notaður. Því var 11 þúsund tonnum af þessum áburði dreift í sumar. Í viðtali við Fréttablaðið sagði hann að vissulega bæri Skeljungur ábyrgð á þeirri vöru sem seld er og fyrirtækið hafi allan tímann haft sömu upplýsingar og stofnunin.

Skeljungur gerði grein fyrir því í yfirlýsingu á þriðjudag að bændum hefði verið greint frá því bréflega í desember hvers kyns var. Fyrirtækið hafði hins vegar vitneskju um hátt kadmíummagn áburðarins áður en honum var dreift, þótt það hafi ekki komið fram í upphaflegri fréttatilkynningu eftir að málið komst í hámæli.

Fréttablaðið óskaði eftir viðtali við forsvarsmenn Skeljungs til að afla upplýsinga frá fyrirtækinu um tæknileg atriði við innflutninginn og þá hvenær þeim varð ljóst að áburðurinn var ósöluhæfur.

Skeljungur brást við með því að senda út fréttatilkynningu til allra fjölmiðla síðdegis í gær. Þar kemur fram að vissulega hafi verið ljóst allt frá upphafi að áburðurinn var ósöluhæfur. Eins að fyrirtækið beri „að sjálfsögðu ábyrgð á öllum þeim vörum sem fyrirtækið dreifir, bæði gagnvart viðskiptavinum sínum og yfirvöldum, í samræmi við íslensk lög“.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingu á lögum um upplýsingarétt um umhverfismál. Þar er lagt til að skerpt verði á frumkvæðis- og viðbragðsskyldu stjórnvalda, og þá eftirlitsstofnana eins og Matvælastofnunar, til að veita almenningi upplýsingar um mengun. **svavar@frettabladid.is**

Borgarbúar geta keypt þjónustu til að láta sækja jólatrén heim:

# Jólatrén sótt í flestum sveitarfélögum

**NEYTENDAMÁL** Reykjavíkurborg mun ekki hirða jólatré í ár, frekar en síðustu ár. Hins vegar bjóða einhver íþróttafélög upp á að hirða jólatré fyrir borgarbúa gegn gjaldi. Þá hafa Skógræktarfélag Reykjavíkur og Gámaþjónustan hafið samstarf um að hirða jólatré auk þess sem Íslenska gámafélagið sækir jólatré.

Jólatré sem sett eru út fyrir lóðamörk verða hirt í flestum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Hjálparsveit skáta og þjónustumiðstöð í Garðabæ munu hirða jólatré þar. Þau tré sem lögð verða út fyrir lóðamörk 7. og 8. janúar verða sótt íbúum að kostnaðarlausu.

Í Hafnarfirði munu starfsmenn taka jólatré sem sett eru út fyrir lóðamörk eftir helgina, þann 9. og 10. janúar. Á Seltjarnarnesi og í Kópavogi verður það sama uppi á teningnum. Alls staðar er brýnt fyrir fólki að koma trjánum vel fyrir til að koma í veg fyrir að þau fjúki burt.

Hægt er að fara með tré án endurgjalds á endurvinnslustöðvar. **- þeb**



**JÓLATRÉ** Sveitarfélögin biðja fólk að koma jólatrjánum þannig fyrir að þau fjúki ekki.


ÚTSALA
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
GERÐU FRÁBÆR KAUP!
ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR
250-4000 KR.
það gerist varla betra...
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvar fer Reykjavíkurskákmótið 2012 fram?
2 Hvað heitir kanadíska leikkonan sem er kærasta Arnars Gunnlaugssonar?
3 Hver er ríkisskattstjóri?

SVÖR:
1. Í hörpu 2. Michaela Conlin 3. Skúli Eggert Þórðarson

Héraðsdýralæknir vill að lögregla skoði þátt eiganda tveggja veikburða trippa í sjálfheldu:

# Gefa varð trippum í Gæsadal næringu í æð

**DÝRAHALD** Trippin tvö, sem hafa verið innikróuð nyrst í Gæsadal vikum saman, voru orðin svo veikburða að gefa þurfti þeim næringu í æð á leið til byggða, samkvæmt upplýsingum Matvælastofnunar.

Gerður var út leiðangur björgunarsveitarmanna frá björgunarsveitinni Ægi á Grenivík í fyrradag, undir forustu Þórarins Péturssonar, bónda á Grýtubakka, í fylgd héraðsdýralæknis, til að sækja trippin tvö á snjótroðara Kaldbaksferða. Auk héraðsdýralæknis voru með í för dýralæknir og aðstoðarmaður á vegum eiganda trippanna. Björgunarsveitarmenn á þremur sérútbúnum vélsleðum aðstoðuðu bílstjóra snjótroðarans við að finna hentuga leið, en hvítt var yfir öllu og mjög blindað.

Um tvo tíma tók að komast til trippanna og um þrjá tíma til baka. Aðstæður voru mjög erfiðar, víða laus snjór og brattlent. Ógerningur var að reyna að reka trippin til byggða sökum fannfergis, auk bágs ástands þeirra.

Trippin, sem eru hryssur, önnur veturgömul og hin tveggja vetra, voru mjög þreytt eftir ferðalagið.



**BJÖRGUNIN** Björgunarmenn ásamt trippunum tveimur.

Þau hafa verið innikróuð í fjöllunum líklegast vikum saman en fundust fyrir tilviljun 28. desember. Síðan hefur þeim verið fært hey samkvæmt fyrirskipun búfjáreftirlitsins sem hafði gefið eigandanum frest til vikuloka að koma trippunum til byggða. Þegar Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir Norðausturumdæmis, fékk vitneskju um málið greip hann þar inn í og fyrirskipaði að þau skyldu sótt strax. Útlit er fyrir að litlu hryssurnar nái sér að fullu. Héraðsdýralæknir mun óska eftir því að lögregla skoði þátt eiganda trippanna í þessu máli. Hann hafði saknað hrossanna frá mánaðamótum október og nóvember. - jss



**KONUNGSFJÖLSKYLDAN** Um jólin hittist breska konungsfjölskyldan að venju á Sandringham-setrinu. NORDICPHOTOS/AFP

Lík á lóð Bretadrottningar:

## Annar líkfundurinn í vetur

**BRETLAND Lík af konu fannst á nýársdag á lóð Sandringham-setursins í Bretlandi, en það er í eigu bresku konungsfjölskyldunnar.**

**Lögreglan rannsakar líkfundinn sem morðmál og sagði líkið hafa verið þarna í nokkurn tíma. Ekki er þó talið að konungsfjölskyldan tengist málinu.**

**Þetta er í annað sinn í vetur sem lík finnst nálægt höll í eigu konungsfjölskyldunnar. Í október fannst á eyju í St. James Park í London, í sjónmáli við Buckingham-höll, lík af eldheitum aðdáanda fjölskyldunnar. Líkið hafði legið þar í um þrjú ár, en maðurinn hafði komið sér fyrir á eyjunni til að geta fylgst með konungsfólkinu.** - gb

Lífseigur köttur:

## Lifði af tvær svæfingar

**UTAH, AP** Oft er talað um að kettir hafi níu líf. Það gæti vel átt við í tilfelli Andreu, kattar frá Utah í Bandaríkjunum. Eftir að starfsmenn dýraathvarfsins þar sem Andrea bjó höfðu reynt árangurslaust að finna henni heimili í 30 daga var ákveðið að lóga henni.

Hún var svæfð eins og venja er, en lifði það af og var því svæfð aftur. Í fyrstu var útlit fyrir að seinni tilraunin hefði tekist en annað kom þó á daginn stuttu síðar. Eftir að hafa lifað af tvær tilraunir til svæfingar var Andreu leyft að lifa. Hún býr nú í góðu yfirlæti hjá einum sjálfboðaliða athvarfsins. - trs

# Vilja selja þriðjung í HS Veitum sem fyrst

**Reykjanesbær vill selja 15% hlut í HS Veitum. Orkuveita Reykjavíkur er líka að skoða að selja sinn eignarhlut í fyrirtækinu. Íslandsbanki vinnur að því að finna kaupanda. HS Veitur verða þó áfram í meirihlutaeigu opinberra aðila.**

**VIÐSKIPTI** Reykjanesbær er að skoða að selja 15% hlut í HS Veitum til að greiða niður skuldir sínar. Sveitarfélagið á í dag 66,7% hlut í fyrirtækinu. Áætlað er að sala hlutarins fari fram á fyrstu mánuðum ársins. Þetta kemur fram í fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar sem var samþykkt í bæjarstjórn 3. janúar síðastliðinn. Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur (OR) hug á því að selja 16,6% eignarhlut sinn í HS Veitum í samstarfi við Reykjanesbæ. Íslandsbanki vinnur nú að verkefninu fyrir hönd sveitarfélagsins og OR. Því er samtals tæplega þriðjungshlutur í fyrirtækinu til sölu.

HS Veitur reka og eiga dreifiveitur fyrir raforku, kalt og heitt vatn. Veitusvæði fyrirtækisins nær til Suðurnesja, Hafnarfjarðar, Álftaness, hluta Garðabæjar, Vestmannaeyja og Árborgar. Samkvæmt lögum verða HS Veitur ávallt að vera í meirihlutaeign ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, staðfestir að stefnt sé að sölu á 15% hlut í HS Veitum á fyrstu mánuðum ársins 2012. Hann telur fyrirtækið vera ákjósanlega fjárfestingu fyrir áhugasama fjárfesta vegna sterkrar eiginfjárstöðu þess og stöðugs reksturs. „Við höfum það markmið að eiga áfram meirihluta í HS Veitum en teljum okkur geta selt út 15%. Við höfum verið í samstarfi við Orkuveituna sem er að gera ráð fyrir að skoða sölu á sínum hlut. Það yrði því rúmlega 30% hlutur sem yrði seldur út. Íslandsbanki hefur tekið að sér að skoða þetta verkefni og undirbúa það. Það er verið að horfa til þess að gefa öðrum sveitarfélögum eða lífeyrissjóðum tækifæri til að kaupa hlutinn.“ Hann útilokar þó ekki að aðrir áhugasamir einkafjárfestar getið keypt sig inn í veitufyrirtækið. „Svo lengi sem við uppfyllum lagaákvæðið um að meirihluti sé í eigu opinberra aðila þá kemur vel til greina að aðrir fjárfestar sem vilja eignast þennan hlut gætu gert það.“

Reykjanesbær birti lista yfir helstu seljanlegu eignir sínar í fyrravor. Þar kom fram að bókfært virði 66,7% hlutar sveitarfélagsins í HS Veitum væri 6,5 milljarðar króna. Samkvæmt því ætti 15% hlutur í HS Veitum að vera um 1,5 milljarða króna virði.

HS Veitur högnuðust um 124 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2011. Eiginfjárhlutfall fyrirtækisins um mitt síðasta ár var 51,4%. HS Veitur högnuðust um 321 milljón króna á árinu 2010. Fyrirtækið greiddi út 250 milljónir króna í arð til hluthafa á árinu 2011 vegna þeirrar frammistöðu. thordur@frettabladid.is



**BÆJARSTJÓRINN** Árni Sigfússon útilokar ekki að aðrir áhugasamir fjárfestar en sveitarfélög og lífeyrissjóðir kaupi sig inn í HS Veitur.

### Ætla að borga upp DePfa-lánið

Í fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2012 er einnig fjallað um leiðir sem sveitarfélagið ætlar að fara til að lækka skuldastöðu sína. Gert er ráð fyrir að samstæðuskuldir muni lækka um 2,1 milljarð króna á yfirstandandi ári og verði 37,8 milljarðar króna í lok þess. Meðal annars er gert ráð fyrir að greiða niður 1,8 milljarða króna lán við hinn þýska DePfa banka í byrjun árs 2012.

Fyrir utan sölu á hlut í HS Veitum er gert ráð fyrir að Alterra Power, sem hét áður Magma, kaupi skuldabréf sem félagið gaf sjálft út vegna kaupa í HS Orku til baka að öll leyti eða hluta. Alterra undirritaði viljayfirlýsingu þess efnis í haust og hefur tíma fram í miðjan febrúar til að ganga frá kaupunum.

Fulltrúar Palestínu og Ísraels:

## Reynt að hefja viðræður á ný

**JÓRDANÍA, AP** Samningafulltrúar Ísraels og Palestínu hittust í Jórdaníu á þriðjudag í fyrsta sinn í meira en ár.



**SAEB EREKAT**

Vonast var til að fundurinn yrði upphafið á nýjum samningaviðræðum, þar sem meðal annars yrði tekið á framtíðarlandamærum ríkjanna, öryggismálum og flóttamönnum.

Auk þeirra Yitzaks Molcho og Saebs Erekat hittust þar fulltrúar frá Bandaríkjunum, Rússlandi, Evrópusambandinu og Sameinuðu þjóðunum, eða kvartettinum svonefnda sem hefur reynt að móta farveg fyrir viðræðurnar. - gb

Slitastjórn Glitnis áfrýjar ekki:

## Málinu í New York er lokið

**DÓMSMÁL Slitastjórn Glitnis hefur hætt við að áfrýja frávísun skaðabótamáls á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og sex meintum samverkamönnum hans fyrir dómstóli í New York. Frestur til að skila inn gögnum vegna áfrýjunarinnar rann út án þess að það væri gert.**



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

**Í málinu voru sjömenningarnir sakaðir um að hafa sogið ríflega 250 milljarða króna út úr Glitni og notað í þágu eigin fyrirtækja.**

**Dómari vísaði málinu frá með þeim rökum að málareksturinn ætti heima á Íslandi.**

**Slitastjórnin hyggst höfða svipað mál á Íslandi en það verður þó í annarri mynd.** - sh






Tilfinninga- og hegðunarvandi líklegri ef börnin dveljast á stofnun eða eru eldri:

# Ættleidd börn í meiri hættu

**SAMFÉLAGSMÁL** Börnum sem eru ættleidd eftir átján mánaða aldur er hættara við tilfinninga- og hegðunarvanda en öðrum börnum. Niðurstöður nýrrar íslenskrar rannsóknar benda til þessa.

Rannsóknin heitir Afdrif barna á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá og er sagt frá henni í nýjasta tölublaði Læknablaðsins. Markmiðið með henni var að kanna hvaða áhættuþættir geta haft áhrif á andlega líðan og hegðun barna sem eru ættleidd frá útlöndum.

Börn sem voru ættleidd eftir átján mánaða aldur og börn sem höfðu dvalið á stofnun lengur en fyrstu átján mánuðina voru í meiri áhættu á að sýna einkenni athyglisbrests með ofvirkni og hegðunar- og tilfinningavanda en almennt þekkist. Þá skoruðu börn sem talin eru hafa sætt alvarlegri tilfinningalegri vanrækslu marktækt hærra á hegðunar- og tilfinningamatslistum en önnur börn. Börn sem voru ættleidd fyrir tólf mánaða aldur skoruðu sambærilega við önnur börn á öllum matslistum.



**ÆTTLEIÐINGAR** Ættleidd börn ættu að komast sem fyrst til kjörforeldra sinna til að koma í veg fyrir skaða.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að leggja beri áherslu á að ættleidd börn komist sem fyrst til kjörforeldra sinna og dveljist sem stytst á stofnun til að koma í veg fyrir skaða. - þeb

# SVARIÐ KEMUR ÞÉR Á ÓVART



Helga, starfsmaður hjá Eymundsson í Mjódd mælir með bók mánaðarins.

## Bók mánaðarins er *Hvers vegna fitnum við – og hvað getum við gert við því?* eftir Gary Taubes

Af hverju misheppnast flestir megrunarkúrar? Hvaða máli skipta erfðir og hvaða hlutverki gegna sykrur í offitu? Höfundurinn gagnrýnir viðtekin sannindi um offitu og gefur raunhæf og jarðbundin ráð þar sem ekki er ætlast til hins ómögulega.

**Aðgengileg bók sem á brýnt erindi við Íslendinga**

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

Eymundsson.is

ENNEMM / SÍA / NM49751



**GRÝLUKERTI Á APPELSÍNUM** Mikil kuldatíð hefur hrjáð íbúa í Flórída í Bandaríkjunum undanfarið, eins og sjá má á þessum appelsínutrjám. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bæjaryfirvöld í Kópavogi ítreka að reglur um lóðaúthlutun hafi verið lagfærðar:

# Kópavogur lofar gegnsæi í lóðaúthlutunum

**SVEITARSTJÓRNIR** „Umsækjendur um lóðir í Kópavogi geta nú treyst því að umsóknir þeirra verða metnar faglega og málefnalega,“ segir Guðríður Arnardóttir, formaður bæjarráðs, í fréttatilkynningu frá bænum.

Í dómi Hæstaréttar í desember segir að Kópavogsbær hafi með ólögmætum hætti mismunað umsækjendum um byggingarrétt á Kópavogstúni á árinu 2005. „Reglur Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarrétti fyrir íbúðarhúsnæði eru mun skýrari og ótvíræðari nú en þær voru árið 2005. Því ættu ágreiningsatriði þau sem fram koma í dómi Hæstaréttar frá því fyrir jól ekki að rísa aftur,“ segir í tilkynningu bæjarins.

„Vinnubrögð við lóðaúthlutanir í Kópavogi hafa harðlega verið gagnrýnd á undanförnum árum og hafa þær meðal annars verið taldar ólögmætar í þeim tilfellum sem umsækjendur hafa óskað álits innanríkisráðuneytisins, áður félagsmálaráðuneytisins, eða dómstóla,“ segir Guðríður.

Í tilkynningunni segir að úthlutunarreglur bæjarins séu nú skýrari og gegnsærri en áður. Ef umsækjendur um lóð eru fleiri en einn er dregið á milli þeirra sem uppfylla skilyrði um fjárhagsstöðu og hafa ekki fengið úthlutn á síðustu tíu árum. Þá kemur fram að ákvæði um að bæjarráð meti umsækjendur út frá fjölskylduaðstæðum, búsetu og fjárhags- og húsnæðisaðstöðu hafi verið afnumið. **- gar**



**KÓPAVOGSTÚN** Bærinn mismunaði og braut lög á umsækjendum um lóðir á Kópavogstúni á árinu 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**ALHÆFÐI UM KONUR** Kvenfélagskonur í Færeyjum voru alls ekki sáttar við orð lögmanns eftir áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögmaður Færeyja snupraður:

## Þótti ýta undir staðalímyndir

**FÆREYJAR Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja, fékk skammir frá kvenfélagasamtökum Færeyja, eftir ummæli sem hann lét falla um nýársræðu Margrétar Danadrottningar.**

**Sagðist lögmaðurinn ánægður með að drottning hefði vikið orðum að Færeyjum enda lesi færeyskar konur mikið af blöðum í líkingu við Se & Hør, Ude og Hjemme og Familie Journal.**

**Það þótti kvenfélagskonum vera gróf alhæfing um lestraráhuga kvenna þar í landi „og áhuga þeirra fyrir fínum kjólum“.**

**Johannesen baðst afsökunar á ummælum sínum í framhaldinu.** **- þj**

Nefnd segir Breivik sakhæfan:

## Fleiri krefjast endurmats

**NOREGUR, AP** Verulegur ágreiningur er kominn upp í Noregi um þann úrskurð tveggja réttargeðlækna frá í nóvember að fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik teljist ekki sakhæfur.

Í nýrri skýrslu þriggja sálfræðinga og eins geðlæknis er niðurstaðan þveröfug, nefnilega sú að Breivik geti ekki talist veikur á geði. Að minnsta kosti tíu lögmenn, sem fara með mál fórnarlamba Breiviks eða aðstandenda þeirra, ætla að krefjast þess að gert verði nýtt mat á andlegri heilsu hans. Hann varð 77 manns að bana í Noregi í fyrra. **- gb**



**ANDERS BEHRING BREIVIK**

**LÖGREGLUMÁL**

### Vatn flæddi inn í íbúð

Nokkurt tjón varð þegar vatn flæddi um gólf íbúðar í fjölbýlishúsi í Hafnarfirði um miðjan dag í fyrradag. Einn maður var sofandi í íbúðinni og var hann vakinn upp af nágrönnum. Talið er líklegt að tappi í lagnagrind hafi losnað með þessum afleiðingum.

# Virði fjárfestinga FSÍ jókst um 100%

**Heildarvirði eignasafns FSÍ er áætlað 44,5 milljarðar króna fyrir endurmat hluta eigna. Virði Icelandic og Icelandair jókst um 16,6 milljarða króna á fyrsta fjárfestingaári sjóðsins. Virði eigna hans tvöfaldaðist á fyrsta fjárfestingaári.**

**VIÐSKIPTI** Virði eigna Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) nær tvöfaldaðist á fyrsta fjárfestingaári sjóðsins. Þetta kemur fram í endurmati á eignum hans sem Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri FSÍ, kynnti á fundi Félags löggiltra endurskoðenda í gærmorgun.

FSÍ var stofnsettur í lok árs 2009 af sextán lífeyrissjóðum. Tilgangur hans var að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar bankahrunsins. Síðar komu Landsbankinn, stærsti einstaki eigandi sjóðsins, og VÍS inn í eigendahópinn.

Fyrsta fjárfestingaár sjóðsins var frá miðju ári 2010 og til júníloka 2011. Á því tímabili fjárfesti FSÍ í Icelandair Group, Icelandic Group, Vodafone, SKÝRR, Plastprenti og Húsasmiðjunni. Samtals nam kaupverð 16,8 milljörðum króna. Samkvæmt endurmatinu sem kynnt var á fundinum í gærmorgun hefur virði fjárfestinganna hækkað um 16,6 milljarða króna á þessu eina ári og er samtals 33,4 milljarðar króna.

Langmestu munar um Icelandic Group en FSÍ réðst í gagngera endurskipulagningu á rekstri þess félags. Í henni fólst meðal annars sala á eignum í Frakklandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Kína fyrir samtals 41 milljarð króna. Eftir söluna rekur félagið verksmiðjur í Bretlandi, sölustarfsemi víða um heim og er með veltu upp á um 85 milljarða króna á ári. Samhliða þessu hefur virði Icelandic farið úr 8 milljörðum króna í 21 milljarð króna.

Finnbogi segir endurmatið byggja á því að áætlaður ebitdahagnaður (hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði) félagsins sé 18 milljónir evra, um 2,9 milljarðar króna. Hann er síðan margfaldaður með 5,5 og niðurstaðan lögð saman við reiðufé í eigu Icelandic til að finna út áætlað virði félagsins. Að sögn Finnboga hafa endurskoðendur sagt að það megi margfalda ebitda-hagnaðinn með 6,0. Því sé um varfærið mat að ræða.

Í matinu er virði Vodafone, SKÝRR og Plastprent metið á því virði sem félögin voru keypt á. Auk þess er Húsasmiðjan metin sem einskis virði, en hún var seld til dönsku byggingavörukeðjunnar Bygma í lok árs 2011. Óljóst er hvort FSÍ fær eitthvað greitt vegna þeirra viðskipta.

Finnbogi segir mat á virði þessara félaga einnig vera varfærið. „Virði SKÝRR hefur til dæmis klárlega aukist verulega.“

Í haust fjárfesti FSÍ í 49,5% hlut í Plastframleiðandanum Promens fyrir 7,9 milljarða króna og í 16% hlut í N1. Sjóðurinn hefur auk þess samið um að kaupa 39% hlut Arion banka í N1 ef samkeppnisyfirvöld leggja blessun sína yfir kaupin. Gangi það eftir verður heildarkaupverðið í N1 5,9 milljarðar króna. Ef fjárfestingarnar í Promens og N1 eru metnar á kaupverði er heildarvirði eignasafns FSÍ því áætlað um 44,5 milljarða króna.

thordur@frettabladid.is



**FSÍ** Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins, segir endurmatið á virði eigna sjóðsins vera varfærið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**44,5** milljarðar er áætlað eignasafn Framtakssjóðs Íslands.

LÉTTUR VINNUÞJARKUR




TILBOÐ
35.900 m/vsk
Fullt verð 49.900
94DCD710S
LÉTT OG STERK BORVÉL
10mm patróna | 2 x 1,3Ah Li-Ion | 2 gírar | Led ljós
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Greiða 260 milljónir og semja við Rarik um lagningu hitaveitu frá Blönduósi:

# Hitaveita lögð til Skagastrandar

**ORKUMÁL** Sveitarstjórn Skagastrandar hefur samþykkt samning við Rarik um lagningu hitaveitu í bæinn. Gert er ráð fyrir að fyrstu hús tengist hitaveitunni haustið 2013 og að öll hús hafi möguleika á tengingu haustið 2014.

Á fundi sveitarstjórnarinnar í gær kom fram að Skagaströnd muni leggja fram óafturkræft framlag að upphæð 260 milljónir króna. „Af þeirri fjárhæð hefur sveitarfélagið tryggt sér 80 milljónir með sértækum framlögum á fjárlögum, 50 milljónir á fjáraukalögum 2011 og 30 milljónir á fjárlögum 2012. Beint framlag sveitarfélagsins verði því 180 milljónir króna sem greiðist á árunum 2012-2014,“ segir í fundargerð þar sem skýrt er frá því að með framlagi sveitarfélagsins og sérstöku framlagi á fjárlögum ríkisins sé arðsemi af veitunni tryggð.

Fyrst verður lögð ný stofnæð frá Reykjum við Húnavelli að Blönduósi á árinu 2012. Stofnæð lögð frá Blönduósi til Skagastrandar verður lögð á fyrri hluta árs 2013 og dreifikerfi lagt um byggðina þar sumarið og haustið 2013. Pípukerfi fyrir ljósleiðara á að opna nýja möguleika á flutningi stafrænna gagna.



**SKAGASTRÖND** Haustið 2013 á að tengja fyrstu húsin á Skagaströnd við hitaveitu sem lögð verður rúmlega 30 kílómetra leið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Adolf H. Berndsen oddviti segir hitaveituna mikið framfaraskref sem bæta muni búsetuskilyrði og rekstrarumhverfi fyrirtækja. **- gar**



# Ótrúleg verð!



Útsöluverð: 30.000 kr.

**Loftljós**

Verð 49.000 kr.



Útsöluverð: 20.000 kr.

**Hangandi ljós**

Verð 36.900 kr.



Útsöluverð: 20.000 kr.

**Ljósakróna**

Verð 39.900 kr.



Útsöluverð: 19.000 kr.

**Loftljós**

Verð 35.900 kr.



Útsöluverð: 30.000 kr.

**Loftljós**

Verð 45.900 kr.



Útsöluverð: 10.000 kr.

**Loftljós**

Verð 16.900 kr.



Útsöluverð: 10.000 kr.

**Loftljós**

Verð 17.900 kr.



**Gólflampi**

Verð 19.900 kr.

Útsöluverð: 10.000 kr.





Útsöluverð: 15.000 kr.

**Living Color**

Stemningslampi
Verð 22.900 kr.



Útsöluverð: 25.000 kr.

**Loftljós**

Sýnishorn
Verð 69.900 kr.

# Frábær útsala!

Fjöldi loftljósa og lampa á ótrúlega góðu verði. Mikil verðlækkun á sýnishornum!

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is
facebook.com/pfaff.is

PFAFF

# neytendur
hagur heimilanna

**569 KRÓNUR** var meðalverðið á kílói af kjötfarsi í nóvember síðastliðnum samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Verðið hefur hækkað um 6,6% frá árinu 2007.

■ **Varnir í hálkunni:**

## Gormar, broddar, naglar og tappar

Við kaup á hálkuvörn þarf að hafa í huga hvenær og hvar eigi að nota hana og hversu auðvelt er að setja hana á. Á að bregða henni undir skóna fyrir göngu eða hlaup úti í náttúrunni eða fyrir göngu út í búð?



Á vefsíðunni www.forvarnahusid.is segir að gormar séu góðir í göngu, sérstaklega úti í náttúrunni. Þeir geti hins vegar orðið mjög hálir á flísum og steingólfum. Stuttir naglar bæði að framan og aftan eru sagðir góðir í kraftgöngu og hlaupatúra. Þeir eru taldir góður búnaður þegar ísing er og klaki en síður þegar snjór liggur yfir klaka. Þá þykir betra að nota lengri nagla.

Broddar þykja hentugir undir gönguskó en þá þarf að taka af þegar gengið er á auðu undirlagi. Annars er hætta á að göngumaður festi þá og detti.

Gúmmítappar eru hálkuvörn með brodda sem hægt er að taka af. -ibs

**NEYTANDINN:** BRAGI VALDIMAR SKÚLASON, BAGGALÚTUR

## *Sat uppi með Frogger*

„Þegar ég velti fyrir mér bestu kaupunum kemur tvennt til. Annars vegar minn ástkæri iPhone 4 sem ég fullyrði að sé merkasta uppfinning mannkyns frá vatnssalerninu. Og hins vegar afar vel með farið eintak af grundvallarritinu Ástríki heppna, sem ég kom höndum yfir fyrir skömmu. Enda einn af hornsteinum evrópskrar sagnagerðar," segir Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútur og textasmiður. Aðspurður um verstu kaupin svarar Bragi: „BBC Master Compact tölva, 128 k. Einstaklega áferðarfagur gripur með hárauðum lyklaborðshnöppum sem ég vældi út úr foreldrum mínum seint á 9. áratug síðustu aldar. En þar sem ég var sá eini í 600 kílómetra radíus sem átti slíkan kostagrip var ekki vinnandi vegur að fá í hana leiki eða annað skemmtiefni. Því sat ég uppi með glataða útgáfu af Frogger, meðan aðrir drukku í sig lystisemdir Atari og Amstrad. Gríðarleg vonbrigði."





**MERKT VARA** Jón Gerald Sullenberger segir kostnaðinn vegna merkinga erfðabreyttra matvæla fara út í verðlagið. Þetta gæti endað með því að ekki verði hægt að kaupa Cheerios og Cocoa Puffs á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Erfðabreytt matvæli eiga nú að vera merkt

**Kaupmaðurinn í Kosti, Jón Gerald Sullenberger, hefur ásamt starfsmönnum sínum verið önnum kafinn að undanförnu við að merkja erfðabreytt matvæli í verslun sinni í samræmi við reglur sem tóku gildi um áramótin. Jón Gerald segir merkingarnar hafa í för með sér gríðarlegan kostnað.**

„Við erum með mannskap sem gerir ekkert annað en að líma miða á vörurnar. Þessu fylgir gríðarlegur kostnaður sem mun fara út í verðlagið. Það sem innflytjendur eru að gera núna mun kosta neytendur tugi ef ekki hundruð milljóna króna. Þetta gæti endað eins og í Danmörku að hér verði ekki hægt að kaupa Cheerios og Cocoa Puffs," segir Jón Gerald Sullenberger í Kosti um merkingar á erfðabreyttum matvælum.

„Það er eins og stjórnvöld séu að ýta okkur út í að kaupa aðföng sem eru 20 til 40 prósentum dýrari," bætir Jón Gerald við.

Markmiðið með reglugerðinni um merkingar erfðabreyttra matvæla sem tók gildi um áramótin er að neytendur fái réttar og greinargóðar upplýsingar um þau erfðabreyttu matvæli sem boðin eru til sölu. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga munu undir yfirumsjón Matvælastofnunar hafa eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt.

Helga Pálsdóttir, sérfræðingur á Matvælastofnun, segir að framleiðendur og innflytjendur eigi að afla sér upplýsinga um hvort þeir séu með undir höndum erfðabreytt hráefni og vörur. „Það er kannski engin leið fyrir neytandann að ganga úr skugga um það. Það er verið að höfða til samvisku seljenda og innflytjenda. Ég veit að fyrirtæki, sem stunda innflutning frá Bandaríkjunum, hafa látið rannsaka vörur fyrir sig úti og spurt okkur hvort niðurstöðurnar séu fullgildar."

Að sögn Helgu verða teknar stikkprufur og sjónum beint að þeim vörum sem líklegt þykir að innihaldi erfðabreyttar lífverur. „Það er langmest um erfðabreytingar í maís og soja sem er í afar mörgum vörum."

Helga getur þess að vörur frá löndum Evrópusambandsins séu undir mun strangara eftirliti en vörur annars staðar frá. „Neytendur ættu að vera nokkuð öruggir um að vörur frá þeim löndum séu ekki erfðabreyttar."

ibs@frettabladid.is

Ungmenni geta nú fengið nemakort hjá Strætó:

# Kortin hafa hækkað

Nemakort hjá Strætó kostar nú 15 þúsund krónur fyrir vorönnina. Kortið fyrir haustönnina kostaði 11 þúsund krónur. Sá sem keypti kort fyrir báðar annirnar í haust greiddi hins vegar aðeins 20 þúsund krónur.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir að með verðhækkuninni hafi verið komið til móts við óskir umboðsmanns barna um jafnræði. „Strætó barst bréf frá umboðsmanni barna þar sem bent var á að fólki á framhalds- og háskólastigi væru boðin betri kjör í strætó en börnum og unglingum. Við stóðum frammi fyrir því að lækka fargjöld flestra aldurshópa eða hækka nemakortin í átt að almennum unglingafargjöldum. Niðurstaða stjórnarinnar var að gera það."

Um leið og nemakortið fyrir báðar annir var hækkað úr 20 þúsundum króna í 30 þúsund krónur var grunnskólanemendum boðið að kaupa kortið á því verði, að því er Reynir greinir frá.

„Ungmenni sem áttu ekki kost á nemakorti og hefðu þurft að kaupa ungmennamiða hefðu á ársgrunni þurft að greiða 38 þúsund krónur í strætó ef þau ferðuðust tvisvar á dag. Neminn greiddi hins vegar 20 þúsund krónur. Nú ferðast allir á sama verði." - ibs



**Í STRÆTÓ** Unmboðsmaður barna benti á að fólki á framhalds- og háskólastigi væru boðin betri kjör í Strætó en börnum og unglingum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

**Jólatré**

*Losaðu þig við jólatréð*

Ein leið til að fjarlægja jólatréð án þess að fá grenið af trénu út um allt er að vefja trénu í gamalt lak eða sængurver áður en það er hreyft. Þá ætti að vera hægt að flytja tréð út fyrir á sem auðveldastan hátt án þess að sóða allt út.






LEONARDO STARFSMENNTUN
STYRKIR TIL STARFSMENNTUNAR Í EVRÓPU

NÁMSKEIÐ Í GERÐ LEONARDO UMSÓKNA UM MANNASKIPTA- OG SAMSTARFSVERKEFNI

**MÁNUDAGINN 9. JANÚAR 2012 KL. 13-15 Í NÁMU, SAL ENDURMENNTUNAR HÍ, DUNHAGA 7**

**Næstu umsóknarfrestir Leonardo verkefna eru:**

| | |
|---|---|
| Yfirfærsluverkefni | 2. febrúar 2012 |
| Mannaskiptaverkefni | 3. febrúar 2012 |
| Samstarfsverkefni | 21. febrúar 2012 |

**Dæmi um verkefni:**

- að senda starfsmann, nemanda eða leiðbeinanda erlendis í starfsþjálfun eða endurmenntun
- að nemendur í starfsnámi taki hluta starfsþjálfunar í öðru Evrópulandi
- samstarfsverkefni við aðrar evrópskar sambærilegar stofnanir um þróun í starfsmenntun
- samstarf um þróun nýrra kennsluhátta eða aðferða við mat í starfsmenntun

**Námskeiðið er ókeypis og öllum opið. Skráning fer fram í síma 525 4900 eða með tölvupósti á lme@hi.is**

Hægt er að óska eftir aðgengi að námskeiðinu í gegnum fjarfundabúnað símenntunarstöðva á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar um áætlunina og forgangsatriði næsta umsóknarfrests er að finna á www.leonardo.is og heimasíðu Menntaáætlunar ESB **www.lme.is**

Rannsóknaþjónusta HÁSKÓLA ÍSLANDS

LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB
www.lme.is
Leonardo: Dunhaga 5
107 Reykjavík | Sími: 525 4900

Menntaáætlun Evrópusambandsins
Stjórnardeild mennta- og menningarmála




arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

# KRÓNAN

**fyrst og fremst ódýr**



**20% afsláttur**

**1998 kr. kg**

Verð áður ~~2498~~ kr. kg
ÍM kjúklingabringur



**1498 kr. kg**

Lambalæri, ferskt



**1198 kr. kg**

Kjúklingur með lime og rósmarín



**15% afsláttur**

**593 kr. kg**

Verð áður ~~698~~ kr. kg
ÍM kjúklingabitar



**799 kr. kg**

Lamba súpukjöt, 1. flokkur



**998 kr. kg**

Bautabúrs blandað nauta- og grísahakk



**989 kr. pk.**

GLK ýsubitar, roð- og beinlausir, 800 g



**998 kr. kg**

Krónu lasagna



**2 stk. í pakka**

**450 kr. pk.**

Nauta- og Mexíkóbökur, 2 í pakka




**1,6 kg**

**Þú kaupir 3 pakka en borgar aðeins fyrir 2**

**1298 kr. pk.**

Iceland family lasagne, 1,6 kg




**Þú kaupir 3 pizzur en borgar aðeins fyrir 2**

**598 kr. stk.**

Iceland pizzur

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

GJAFAKORT KRÓNAN

**Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is**

# ÚRVALS KONFEKT Á FRÁBÆRU VERÐI!

## 50% afsláttur

**– komdu og gerðu frábær kaup!**




| | | |
|---|---|---|
| Bismarck Stokke, 12 stk. | 175 kr. | ~~349~~ kr. |
| Kinder jólasveinar, 3 stk. | 165 kr. | ~~329~~ kr. |
| Riegelen jólasveinar | 195 kr. | ~~389~~ kr. |
| Bangsi og nammi, í neti | 240 kr. | ~~479~~ kr. |
| Toffee jólasveinn | 400 kr. | ~~799~~ kr. |
| Jóladagatöl | 115 kr. | ~~229~~ kr. |
| Exelcium Chokolade | 250 kr. | ~~499~~ kr. |
| Konfektkassi með rós | 275 kr. | ~~549~~ kr. |
| Jólakrús með súkkulaði | 295 kr. | ~~589~~ kr. |

| | | |
|---|---|---|
| Smarties jólasveinn | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| Kit Kat jólasveinn | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| After eight jólasveinn | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| Smarties jólafígúrur | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| After Eight jólasveinar | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| Kit Kat jólasveinar | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| Trumpf konf. m/brandýfyllingu | 440 kr. | ~~879~~ kr. |
| Trumpf konf. hvítt | 440 kr. | ~~879~~ kr. |
| Trumpf konf. m/líkjörfyllingu | 440 kr. | ~~879~~ kr. |

| | | |
|---|---|---|
| Haribo Merry Christmas | 150 kr. | ~~299~~ kr. |
| Nóa konfekt Gunella, 300 g | 633 kr. | ~~1569~~ kr. |
| Nóa konfekt Gunella, 600 g | 1300 kr. | ~~2599~~ kr. |
| Nóa konfekt, 135 g | 324 kr. | ~~649~~ kr. |
| Nóa konfekt, 800 g | 1449 kr. | ~~2898~~ kr. |
| Nóa Pipp molar | 349 kr. | ~~698~~ kr. |
| Nóa konfekt, 400 g | 1100 kr. | ~~2199~~ kr. |
| Nóa konfekt, 500 g | 935 kr. | ~~2298~~ kr. |

## Breyttur opnunartími á Akranesi, Bíldshöfða og Granda

## Opið alla daga frá kl. 10-20

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Letin er líka tillitsleysi við samborgarana:

## Hirða rusl, moka og skafa

Sjónin sem blasti við á forsíðumynd Fréttablaðsins í gær er því miður alltof algeng eftir áramótin. Fleiri kíló af kössum utan af flugeldatertum skilin eftir á fallegu útivistarsvæði í Fossvogsdalnum, þar sem fjöldi manns gengur, hleypur, skíðar og rennir sér á sleða þessa dagana.

Nokkrir dagar eru liðnir frá gamlárskvöldi og sá sem hafði gaman af að skjóta upp flugeldunum telur það greinilega eiga að vera verk einhverra annarra að hirða upp eftir sig ruslið. Þó mætti ætla að sá sem hafði efni á jafnmörgum og stórum skottertum ætti líka einhverja aura fyrir eldsneyti til að keyra þær sjálfur í Sorpu.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Örn Sigurðsson, skrifstofu- og sviðsstjóri á umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, sagði í samtali við blaðið að starfsmenn borgarinnar væru uppteknir við snjómokstur og hefðu ekki við að tína upp rusl eftir gamlárskvöldið nema í kringum brennur og önnur vinsæl skotsvæði. Helzt ætti fólk að tína sjálft upp ruslið. „Það bara stendur upp frá þessu á götuhornum og gangstéttum og labbar í burtu," segir Örn. „Auðvitað á fólk ekki að skilja eftir sig sorp eða úrgang á víðavangi."

Örn bendir á að starfsfólk borgarinnar hafi einnig beðið fólk um að moka frá sorptunnum í fannferginu til að undanförnu til að auðvelda sorphirðufólki vinnu sína. Það hafi gengið „afskaplega illa".

Auðvitað er það rétt hjá Erni að allir sem á annað borð eru fullhraustir eiga að tína upp eftir sig ruslið eftir gamlárskvöldið og moka frá sorptunnunum sínum. Letin og hirðuleysið kemur niður á náunganum; annars vegar þeim sem langar til að njóta fallegs og snyrtilegs umhverfis og hins vegar þeim sem vinna það erfiða starf að hirða frá okkur heimilissorpið.

Þetta eru því miður ekki einu dæmin um slíkt á þessum árstíma. Fréttir hafa verið sagðar af því að bréf- og blaðberar hafi slasazt af því að fólk hefur ekki hreinsað snjó og hálku frá inngöngum og bréfalúgum. Og allur sá ótrúlegi fjöldi fólks við fulla heilsu sem nennir ekki að skafa almennilega af rúðum eða ljósum á bílunum sínum, þrátt fyrir afleitt skyggni og vetrarfærð, er eins og tifandi tímasprengjur í umferðinni og líklegri en aðrir til að valda slysum.

Um helgina er hætta á að til verði nýr haugur af óhirtu rusli sem fýkur út um borg og bý í næsta roki þegar borgarbúar fleygja jólatrénu út í skafl og eru kannski búnir að gleyma að borgarstarfsmenn koma ekki lengur að sækja það vegna niðurskurðar.

Við megum ekki gleyma að við berum öll ábyrgð á umhverfi okkar, að það sé snyrtilegt og öruggt. Árstíminn og veðráttan gera meiri kröfur til okkar en venjulega. Við getum hvorki treyst á starfsmenn sveitarfélaganna né hirðusama nágranna að vinna verkin fyrir okkur. Allir eiga að hirða eftir sig ruslið og koma því sjálfir í gám ef þarf, moka frá heimilinu og skafa af bílnum. Það er sjálfsögð tillitssemi við samborgarana.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Tónlistarnám fyrir þig
popp blús djass sönglög



Ástvaldur Traustason
skólastjóri Tónheima

Láttu drauminn rætast og lærðu að spila þín uppáhaldslög eftir eyranu á píanó, gítar eða ukulele.

Allir aldurshópar, byrjendur sem lengra komnir.

Frístundakort

tónheimar

Upplýsingar og skráning á tonheimar.is og í síma 846 8888

Tónheimar - Síðumúla 8 - tonheimar@tonheimar.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bætt fyrir brot annars

Akraneskaupstaður hefur ákveðið að kæra ekki Pál Baldvin Baldvinsson, gagnrýnanda Fréttatímans, vegna dóms hans um Sögu Akraness. Ástæða þess að bæjaryfirvöld sáu ljósið í þessu máli er hins vegar ansi sérkennileg. Árni Múli Jónasson bæjarstjóri segist í yfirlýsingu, sem birt var í Skessuhorni, ekki nenna að eyða orku eða fé í málið, þar sem eftir dóm Páls hafi svo margir virtir menn farið lofsamlegum orðum um ritið. Þetta er skrýtið. Ef Árni telur Pál hafa brotið lög skiptir varla máli hvað aðrir hafa sagt um bókina. Þeir bæta varla fyrir hið meinta brot gagnrýnandans.

### Hvað með ávirðingarnar?

Eftir stendur að í dómi Páls var að finna vel rökstuddar ávirðingar um ýmislegt sem hann taldi miður fara í ritun verksins. Snéri sumt að höfundarrétti. Upp á bæjarstjórann stendur að svara þeim ávirðingum, hvað sem öðrum gagnrýnendum líður.



### Ekkert eftir Eystein?

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, ritaði áramótagrein, eins og vera ber. Hann stiklaði þar á stóru í sögu flokksins, enda varð hann 95 ára á síðasta ári. Sigmundur vitnaði í þrjá forvera sína og fann í ræðum þeirra orð sem hann gerir að sínum. Þetta voru þeir Jónas frá Hriflu, Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson. Þetta er athyglisvert val. Allir þrír voru hinir mætustu menn og ekkert að því að vitna í þá. Eysteinn hætti hins vegar sem formaður árið 1968 og síðan hafa sex gegnt stöðunni. Orð Eysteins frá 1962 hafa hins vegar meira erindi í dag en orð eftirmanna hans, að mati Sigmundar.



**kolbeinn@frettabladid.is**

HALLDÓR





# Verndun svartfugla

Náttúruvernd



Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra

Undanfarin ár hafa verið mörgum tegundum svartfugla erfið hér á landi. Mælingar sýna að árleg fækkun álku er um 20%, fækkun langvíu um 7% á ári og stuttnefju um 24%. Viðvarandi brestur hefur verið hjá lundastofninum í nokkur ár og á síðasta ári varð algjört hrun í varpi hans, nema á Norðurlandi.

Vegna þessa skipaði ég starfshóp í september sl. til að gera tillögur um verndun og endurreisn svartfuglastofna. Hópurinn hefur skilað af sér skýrslu sem kynnt var fyrir ríkisstjórn á þriðjudag, en þar er m.a. lagt til að fimm tegundir sjófugla verði friðaðar fyrir öllum veiðum og nýtingu, þ.á m. eggjatínslu, næstu fimm árin. Þessar fimm tegundir eru álka, langvía, stuttnefja, lundi og teista.

Starfshópurinn telur eina helstu orsök hnignunar stofnanna vera fæðuskort. Svartfuglar lifa á sandsílum, fiskitegund sem virðist hafa fært sig til í sjónum umhverfis landið á síðustu árum. Þetta er mögulega varanleg afleiðing loftslagsbreytinga, en vonandi tímabundin sveifla í lífríki hafsins. Telur hópurinn að tímabundið bann við veiðum muni draga úr fækkun í stofnunum og flýta fyrir endurreisn þeirra. Leggur hópurinn jafnframt til að tíminn verði nýttur til að afla betri upplýsinga um tegundirnar, rannsaka þær og vakta, til þess að bæta megi verndun og sjálfbæra nýtingu þeirra og endurmeta ástandið þegar friðunartímabilinu lýkur.

Þannig háttar um veiðar á þessum fimm tegundum, að þær teljast til hlunnindaveiða í villidýralögunum, þannig að almenn friðunarákvæði laganna ná ekki yfir þær. Starfshópurinn leggur til að þessu ákvæði verði breytt og umhverfisráðherra geti með nýrri heimild stýrt veiðunum með reglugerð, líkt og gildir um aðrar fuglategundir. Slík lagabreyting er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að bregðast við erfiðri stöðu svartfuglategundanna með afgerandi hætti.

Brýnt er að almenningur sé vel upplýstur um þróun lífríkisins og náttúrunnar allrar. Þótt skýr lagasetning og öflug vernd séu mikilvæg tæki til að stuðla að viðgangi einstakra stofna er jafnframt nauðsynlegt að samspil manns og náttúrunnar byggi á ábyrgð og þekkingu.

Tillögur hópsins byggja í meginatriðum á þeirri grundvallarsýn að náttúran eigi að njóta vafans, að frekari þekkingar sé þörf og að stjórnvöldum beri að taka afstöðu með lífríkinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Íþróttir skipta okkur öll máli

Íþróttir

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Á nýju ári fagnar Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands aldarafmæli sínu. Að baki sambandinu standa um 150 þúsund félagar, þar af um 85 þúsund iðkendur. Íþróttir hafa mikla þýðingu í samfélaginu hvort sem fólk stefnir að afrekum í íþróttum, tekur þátt í keppnisíþróttum, eða vill einfaldlega stunda holla og skemmtilega hreyfingu sem bæði eflir heilsu og félagsþroska. Á þessum tímamótum er mikilvægt að minnast þess hvernig sjálfboðaliðar hafa byggt upp íþróttahreyfinguna um áratuga skeið. nauðsyn þess að bæta lífsstíl fólks og gegnir skólakerfið leiðandi hlutverki við að hvetja til hreyfingar og að auka þekkingu á gildi íþrótta. Við mótun stefnunnar var horft til framtíðar og tekið mið af því sem áunnist hefur á undanförnum árum. Sett eru fram skýr markmið og bent á leiðir til að framfylgja þeim. Stefna þessi gildir til ársins 2015 og verður hún þá endurmetin.

Stefna í íþróttamálum tekur mið af þeim lagaskyldum sem ríkið hefur samkvæmt íþróttalögum, alþjóðalögum og samningum sem tengjast opinberum aðilum og frjálsum félagasamtökum, sem fara með íþróttamál í landinu. Auk þess birtist hún í framlögum á fjárlögum til íþróttamála og áherslum mennta- og menningarmálaráðherra hverju sinni.

Til þess að vinna að framgangi stefnunnar er mikilvægt að aðilar sem bera ábyrgð á málaflokknum, þ.e. ríkið, sveitarfélögin og íþróttahreyfingin, hafi með sér samráð og samstarf. Byggt er á því grundvallarsjónarmiði að almennt íþróttastarf á Íslandi skuli skipulagt af frjálsum félagasamtökum. Þar er vísað til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, sérsambanda, íþróttahéraða, íþróttafélaga og deilda um land allt. Stór hluti landsmanna tekur þátt í þessu starfi á einn eða annan hátt.

Til þess að fylgja stefnumótuninni eftir hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið að undanförnu unnið að gerð samnings við ÍSÍ til þess að fylgja eftir stefnumótuninni til ársins 2015. Samhliða þeirri vinnu er mikilvægt að skoða á vettvangi stjórnmálanna hvernig eigi að þróa fjárframlög ríkisins til íþróttamála þannig að fylgja megi stefnunni eftir með sóma. Að lokum óska ég ÍSÍ hjartanlega til hamingju með aldarafmælið.

> Við mótun stefnunnar var horft til framtíðar og tekið mið af því sem áunnist hefur á undanförnum árum.

Þessi vinna hefur verið mikilvæg fyrir æsku landsins og samfélagið allt, auk þess sem hér hefur komið fram íþróttafólk á heimsmælikvarða.

Síðastliðið haust gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út stefnumótun í íþróttamálum til ársins 2015. Hún er sameiginleg stefna þeirra aðila sem bera ábyrgð á málaflokknum, sem eru ríkið, sveitarfélögin og íþróttahreyfingin. Stefnan byggist á því grundvallarsjónarmiði að almennt íþróttastarf á Íslandi skuli skipulagt af frjálsum félagasamtökum. Hún tekur að auki á öllum helstu þáttum íþrótta í félagastarfi og hvernig opinberir aðilar og atvinnulíf geti stutt við það starf. Stefnan tekur einnig á öllum helstu þáttum íþrótta í félagastarfi og hvernig opinberir aðilar og atvinnulíf geti stutt við það starf.

Þá er lögð sérstök áhersla á að auka hreyfingu barna og unglinga á öllum skólastigum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á

## Ólafur Ragnar verði áfram forseti

Í ávarpi sínu til þjóðarinnar á nýársdag lýsti forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, yfir því, að hann mundi yfirgefa Bessastaði á árinu tilkomandi.

Þetta lízt mér ekkert á. Ég vil að Ólafur Ragnar gefi kost á sér enn um fjögur ár og mælist til þess, að hann verði áfram forseti okkar nefndan tíma, til ársins 2016.

Ég setti saman tvær vísur í þessu sambandi, sem fara hér á eftir:

Fólkið kýs þig forseta
fjórum árum lengur,
örugglega einhuga,
af því vel þér gengur.

Og með Dorrit unir þú
enn á Bessastöðum.
Áfram þar í ást og trú
og með huga glöðum.

*Með beztu kveðju til forsetans og eiginkonu hans.*
*Auðunn Bragi Sveinsson, rithöfundur.*

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | LÍFIÐ | SJÓNVARP




TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

vísir

# Rýmingarsala á flísum og fleiru

Gott verð fyrir alla alltaf – í 10 ár




Rýmum fyrir nýjum vörum.
Yfir **40** tegundir af flísum.
Mikil verðlækkun, verð frá kr. **900** pr $m^2$.

Einnig útlitsgallaðar vörur á niðursettu verði!

*Reykjavík Kletthálsi 7.*
*Flísa&Baðmarkaðurinn Bæjarlind 6, Kóp.*
*Reykjanesbæ Fuglavík 18.*
*Akureyri Furuvöllum 15.*

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Almannatengsl og málaliðarnir

Almannatengsl



Björn S. Lárusson
viðskiptafræðingur

Í umræðum manna á milli eru oft settir undir einn hatt annars vegar þeir sem vinna að almannatengslum og upplýsingamálum og hins vegar þeir sem af einhverjum ástæðum hafa verið ráðnir af stjórnmálaflokkum, fyrirtækjum, stofnunum eða einstaklingum til að fegra ímynd, leka „jákvæðum“ fréttum, snúast til varnar í erfiðum málum eða einfaldlega búa til einhverja ímynd sem ekki á sér neina stoð í veruleikanum.

Stundum er þetta fólk nefnt „spunameistarar“. Í raun eru þetta málaliðar sem hafa það að atvinnu að snúa sannleikanum á haus í þágu umbjóðenda sinna gegn greiðslu. Einn hópur þessara málaliða eru blaðamenn sem hafa verið ráðnir og settir hinum megin við borðið til að tjónka við fyrrverandi kollega eða planta hjá þeim fréttum af velgengni eða jafnvel slátra fréttum af hrakförum umbjóðenda sinna – kannast einhver við flugfélag í þessu sambandi?

> Stundum er þetta fólk nefnt „spunameistarar“. Í raun eru þetta málaliðar sem hafa það að atvinnu að snúa sannleikanum á haus í þágu umbjóðenda sinna…

Blómatími málaliðanna var fyrir hrun þegar öll gagnrýni á útrásina var hlegin út af borðinu. En eins merkilegt og það kann að hljóma sátu margir þeirra sem fastast eftir það, jafnvel í virðulegum stofnunum og reyna nú að slá á reiði og gremju sem er afleiðing gerða þeirra fyrir hrun. Aðrir leika lausum hala hjá fyrirtækjum sem eiga undir högg að sækja. Stjórnmálamenn og forsvarsmenn fyrirtækja og stofnana hafa oft rekið sig á það að búið er að koma af stað einhverjum orðrómi, sögu eða ætlaðri atburðarás sem þeir kannast ekkert við. Í annan stað koma „upplýsingafulltrúar“ fram í viðtölum og eru að reyna að segja okkur einhvern annan „sannleika“ en blasir við öllu hugsandi fólki og þess eru mýmörg dæmi.

Nú þekki ég nákvæmlega eftir hvaða forskrift eða fræðum þessir málaliðar vinna en verk þeirra eiga ekkert sammerkt með almannatengslum eða upplýsingamálum tengdum þeim. Almannatengsl eru heiðarleg fræði og sómasamleg starfsgrein sem snýst um upplýsingatengsl á milli fyrirtækja, stofnana eða einstaklinga og viðskiptavina þeirra.

Í siðareglum IPRA, Alþjóðasamtaka almannatengsla, segir í fyrstu grein; „Vinnið af heiðarleika og heilindum til að byggja upp traust þeirra sem þið eigið samskipti við“. Í 5. greininni segir ennfremur: „Látið ekki frá ykkur af ásettu ráði upplýsingar sem eru blekkjandi eða rangar. Vandið vinnu til að koma í veg fyrir að slíkt sé gert í góðri trú og leiðréttið strax ef ástæða er til“. Þessar greinar útiloka það að störf ýmissa þeirra sem titla sig upplýsingafulltrúa geti nokkru sinni talist til almannatengsla.

Því miður er það svo, að oft togast almannatenglar á við málaliðana. Þá er verið að slökkva elda sem málaliðarnir hafa kveikt vegna hagsmuna umbjóðenda sinna og þá er sannleikanum fyrst fórnað. En sem betur fer þá er mest af tíma almannatengla varið í að koma á framfæri upplýsingum um heiðarlega starfsemi sem varða viðskiptavini og hagsmuni þeirra. Innan ráðuneyta eru margir góðir starfsmenn í almannatengslum sem taka starf sitt alvarlega og það á einnig við um mörg fyrirtæki og stofnanir sem vinna mjög fagmannlega.

Svörtu sauðirnir eru hins vegar allt of margir. Þeir skilja eftir sig sviðna jörð þegar þeir hætta og er tekið fagnandi í næsta fyrirtæki eða stofnun vegna þess að þeir komust svo oft í fjölmiðla með orðagjálfri eða kaffærðu umræðuna sem var þeim ekki að skapi.

# Hin hliðin á aukaverkunum hormónabælandi lyfja

Heilbrigðismál



Ástríður Helga Sigurðardóttir
guðfræðingur og kennari

Á forsíðu Fréttablaðsins 27. desember er viðtal við Ásgerði Sverrisdóttur, krabbameinslækni á Landspítalanum. Þar greinir hún frá því að konur, sem greinst hafi með brjóstakrabbamein og verið settar á hormónabælandi lyf, hafi gefist upp á því að taka lyfið vegna aukaverkana.

Ásgerður segir að í hennar hópi, þ.e. hópi krabbameinslækna, hafi þau á tilfinningunni að konur séu ekki að taka þessi lyf samkvæmt fyrirmælum og gefist stundum upp á að taka þau án þess að láta lækni vita af því, en sumar reyndar í samráði við lækni sinn. Ekki ætla ég að rengja þessi ummæli og heldur ekki að setjast í dómarasæti þar um. Ásgerður segir að algengustu aukaverkanir séu tíðahvarfaeinkenni.

Þetta er nú ekki alveg svona einfalt og langar mig til að veita ofurlitla innsýn í helstu aukaverkanir þessara hormónabælandi lyfja. Þessi lyf hafa jafn mismunandi aukaverkanir og konurnar eru margar sem taka þau, því ekkert lyf verkar eins á tvær konur. Lyfið Femar, sem mér skilst að sé nokkuð algengt að ávísa á, hafði til að mynda þau áhrif á mig að eftir u.þ.b. þrjár vikur var ég farin að fá slæma verki í alla liði, alla vöðva, vöðvafestingar og alla vefi.

Á skömmum tíma var ég orðin þannig að ég gat hvorki staðið, setið, legið eða gengið, svaf ekki fyrir kvölum í öllum skrokknum og engin verkjalyf verkuðu. Bara þunginn af sjálfri mér, og var ég þó í léttari kantinum, gerði það að verkum að ég gat hvorki setið né legið. Svitaköstin voru smámunir miðað við kvalirnar. Ég vil taka það fram að þetta er ekki orðum aukið, ég er engin dramadrottning. Ég hitti aðrar konur sem voru á þessu sama lyfi en fundu ekki fyrir því og einnig konur sem fengu miklar aukaverkanir.

Eftir nokkurn tíma hætti ég að taka lyfið og tilkynnti það lækni mínum, sem sagði þetta ástand óásættanlegt, en verkirnir í líkamanum voru áfram í marga mánuði þrátt fyrir það. Ég var sett á lyfið Faslodex og var það ögn skárra. Ég sat áfram uppi með svitaköst og svefnleysi. Svitaköstin voru þannig að það var líkast því að ég væri að koma úr sturtu og hefði klætt mig án þess að þurrka mér. Fötin klístruðust við mig og oft gat ég hvorki fækkað þeim né haft fataskipti, því ég var jafnvel í vinnunni eða úti í búð að kaupa í matinn eða einhvers staðar annars staðar en heima hjá mér.

Einnig varð andlitið sjóðandi heitt svo mig sveið í það, líkast því að ég væri komin með 40 stiga hita og reyndi ég að kæla það niður ef ég gat. Svefnleysið stafaði bæði af verkjum og svitaköstum og einnig var það, að eftir eins til tveggja klukkutíma svefn, þótt ég væri ekki með verki eða svitaköst, vaknaði ég og gat ekki sofnað aftur fyrr en undir morgun, rétt áður en ég átti að mæta í vinnu. Þannig fór ég dag eftir dag svefnlaus og þreytt í vinnuna, þar sem ég átti ekki nema u.þ.b. hálfs árs veikindarétt og hann var búinn. Ég get bætt ýmsu við en læt þetta nægja.

Mér finnst Ásgerður gera nokkuð lítið úr þessum aukaverkunum, en það er nú einu sinni þannig að þeir einir geta um talað sem í hafa komist, aðrir geta aldrei sett sig í spor þeirra. Í fyrrgreindu viðtali er vitnað í bandaríska rannsókn. Ég las um þessa rannsókn í Fréttablaðinu fyrir skömmu, en þar var og tekið fram að krabbameinslæknar vanmætu gjarnan þessar aukaverkanir.

> Einnig varð andlitið sjóðandi heitt svo mig sveið í það, líkast því að ég væri komin með 40 stiga hita og reyndi ég að kæla það niður ef ég gat.

Í lok viðtalsins fjallar Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir um árangur þessarar fyrirbyggjandi meðferðar með homónabælandi lyfjum og ætla ég ekki að gera lítið úr því. Ég hef tvisvar greinst með krabbamein með rúmlega 13 ára millibili. Í fyrra skiptið var ég skorin fleygskurði og sett í geisla sem ég brann undan svo húðin varð öll brún og hreistruð, með tilheyrandi kláða. Þrátt fyrir að hafa farið í geisla sem steiktu meira af heilbrigðum frumum en sýktum, komu þeir ekki í veg fyrir að krabbameinið tæki sig upp á nákvæmlega sama stað þessum rúmum 13 árum seinna.

Ég spyr því, hver var árangurinn af geislunum, eða er þetta eðlilegt ferli? Má þá ekki búast við að krabbameinið geti tekið sig upp aftur þrátt fyrir hormónabælandi lyfjameðferð?

Eftir tvö ár á hormónabælandi lyfjum fékk ég lækninn minn til að samþykkja að ég fengi að hætta á þeim og líður mér ágætlega í dag. Ég er mjög sátt við þá ákvörðun og læt engan koma inn hjá mér eftirsjá eða samviskubiti, hvorki Ásgerði Sverrisdóttur krabbameinslækni né nokkurn annan.

AF NETINU

## Fjórflokkurinn í rúst

Enn birtir Gallup rangar tölur um fylgi stjórnmálaflokka. Dregur frá þá sem hyggjast kjósa aðra en fjórflokkinn, sem ætla að skila auðu og sem taka ekki afstöðu. Að teknu tilliti til þessara óánægðu kjósenda er fylgi allra flokka mun minna en Gallup segir. Sjálfstæðisflokkur hefur 22% fylgi, Samfylkingin 12%, Framsókn 8%, Vinstri grænir 8%. Stærsti stjórnmálahópur landsins er 41% hópur hinna óánægðu og hinna ósáttu. Gallup má ekki deila því fylgi niður á fjórflokkinn, en gerir það samt. Fólk mætti gjarna vara sig á sinnulausri framsetningu niðurstaðna skoðanakannana. Þær sýna allan fjórflokkinn í rúst.

http://jonas.is/

Jónas Kristjánsson




| | | |
|---|---|---|
| | Fundarstjóri: Helga Jörgensdóttir geðhjúkrunarfræðingur | |
| 08:00 - 08:30 | Skráning og afhending ráðstefnugagna | |
| 08:30 - 08:40 | **Setning ráðstefnu**<br>Unnur Heba Steingrímsdóttir geðhjúkrunarfræðingur og móttökustjóri BUGL | |
| 08:40 - 09:15 | **Þroski í gegnum þjáningu? Heimspekileg hugleiðing**<br>Vilhjálmur Árnason prófessor í heimspeki við HÍ | |
| 09:15 -10:15 | **Brennt barn forðast eldinn: Þegar eldurinn verður að martröð-áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð fyrir börn**<br>*Ágústa I. Arnardóttir sálfræðingur BUGL* | |
| 10:15 - 10:35 | Kaffihlé | |
| | Salur A<br>Fundarstjóri:<br>*Hrefna Haraldsdóttir foreldraráðgjafi, Sjónarhóli ráðgjafarmiðstöð* | Salur B<br>Fundarstjóri:<br>*Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sálfræðingur, sviðstjóri áhrifaþátta heilbrigðis hjá Embætti landlæknis* |
| 10:35 -11:00 | **Ofbeldi gegn börnum á Íslandi: afleiðingar og fyrirbyggjandi þættir**<br>*Bryndís Björk Ásgeirsdóttir PhD, lektor í sálfræði við Háskólann í Reykjavík* | **Deilur í fjölskyldum og líðan íslenskra unglinga**<br>*Geir Gunnlaugsson landlæknir* |
| 11:05 -11:30 | **Ofbeldi gegn börnum á Íslandi: afleiðingar og fyrirbyggjandi þættir, frh.**<br>*Bryndís Björk Ásgeirsdóttir PhD, lektor í sálfræði við Háskólann í Reykjavík* | **Ábyrgð og aðgerðir: Niðurstöður þverfræðilegrar rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi**<br>*Daníel Reynisson lögfræðingur, Hjördís Árnadóttir skólafélagsráðgjafi og Sjöfn Kristjánsdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur* |
| 11:30 -11:55 | **Börnum straffað með hendi og vendi - Barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum**<br>*Steinunn Bergmann félagsráðgjafi Barnaverndarstofu* | **Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli: Árangur í 21 grunnskóla í Reykjavík í ljósi efnahagskreppu**<br>*Þorlákur H. Helgason framkvæmdastjóri Olweusaráætlunarinnar* |
| 12:00 - 13:00 | Hádegisverðarhlaðborð | |
| 13:00 - 13:55 | **Healing the origins of trauma: EMDR in psychotherapy with children and adolescents**<br>*Dr. Robbie Adler-Tapia Psychologist, EMDRIA therapist certified in EMDR* | |
| 14:00 - 14:20 | Kaffihlé | |
| 14:20 - 15:05 | **Healing the origins of trauma: EMDR in psychotherapy with children and adolescents, framhald**<br>*Dr. Robbie Adler-Tapia Psychologist, EMDRIA therapist certified in EMDR* | |
| 15:05 - 15:50 | **Sjúkratilfelli og EMDR meðferð**<br>Ragna Kristmundsdóttir sérfræðingur í geðhjúkrun barna og unglinga, BUGL<br>Unnur Heba Steingrímsdóttir geðhjúkrunarfræðingur, BUGL | |
| 15:50 - 16:00 | **Ráðstefnuslit með söng**<br>*Barnakór Kársnesskóla* | |

**Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 10. janúar 2012**
**Verð: kr. 9.500 - kaffi og hádegisverðarhlaðborð innifalið. Starfsmenn LSH og nemar verð kr. 6.000**
**Skráning fer fram á vef Landspítalans: www.lsh.is/?PageID=15361**
**Þökkum styrktaraðilum**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
BUGL

# LAGERSALA 4. - 9. janúar

66° NORÐUR

UNGBÖRN

Fleiri litir



**SVALA hettupeysa**
ÁÐUR: 5.800 kr. **NÚ: 2.500 kr.**

KRAKKAR

Einnig í grænu



**MAGNI úlpa**
ÁÐUR: 24.500 kr. **NÚ: 9.000 kr.**

KRAKKAR



**BRAGI dúnvesti**
ÁÐUR: 15.800 kr. **NÚ: 7.000 kr.**

KRAKKAR



**MAGNI jakki**
ÁÐUR: 12.800 kr. **NÚ: 4.500 kr.**

## 50 - 75% afsláttur

**Flísteppi 3.000 kr.**

**Húfur & vettlingar frá 1.000 kr.**

DÖMUR



**LANGJÖKULL jakki**
ÁÐUR: 43.800 kr. **NÚ: 17.000 kr.**

DÖMUR/HERRAR



**HEKLA úlpa**
ÁÐUR: 42.000 kr. **NÚ: 17.000 kr.**

HERRAR



**FROST hettupeysa**
ÁÐUR: 21.000 kr. **NÚ: 6.500 kr.**

DÖMUR



**FROST jakki**
ÁÐUR: 21.000 kr. **NÚ: 6.500 kr.**

**Faxafen 12, 108 Reykjavík:** Mán. - fös. 9 - 18 I Lau. 11 - 16 I Sun. 12 - 16
**Glerárgata 32, 600 Akureyri:** Mán. - fös. 9 - 18 I Lau. 11 - 16 I Sun. lokað

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**47** **DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON** þýðandi, grínari, rithöfundur og guðfræðingur er 47 ára.

*“Íslensk tunga er dýrasti arfur þjóðarinnar.”*



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Óskar Maríusson**

efnaverkfræðingur
Árskógum 6, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Seljakirkju, föstudaginn 6. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar í síma 543 1159.

**Kristbjörg Þórhallsdóttir**
**Maríus Óskarsson** **Katrín Hildur Jónasdóttir**
**Ragnar Óskarsson**
**Þórhallur Óskarsson** **Lilja Björgvinsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þorgils V. Stefánsson**

fyrrverandi yfirkennari,
Háholti 7, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 28. desember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 10. janúar kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

**Ingibjörg F. Hjartar**
**Dagný Þorgilsdóttir** **Neal Hermanowicz**
**Hörður Þorgilsson** **Lilja Stefánsdóttir**
**Fríða Þorgilsdóttir**
**Ásdís Hermanowicz**
**Stefán Hermanowicz**
**Dagný Harðardóttir**
**Rósa Harðardóttir**



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Kolbrún Magnúsdóttir**

Innbæingur, Aðalstræti 66,

lést 28. desember, útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 9. janúar kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Guðmundar Ólafssonar hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar, reiknr. 0327-13-301223 kt. 640269-2789.

**Hrafnkell Marinósson** **Hlín Ástþórsdóttir**
**Auður Magnúsdóttir**
**Kolbrún Hrafnkelsdóttir** **Kjartan Hrafnkelsson**
**Konráð Hrafnkelsson** **Kolbeinn Hrafnkelsson**
**og barnabarnabörn**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Svavar Guðni Guðnason**

Hraunbæ 26, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 30. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 6. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á samtökin Heilaheill.

**Andrés Svavarsson** **Þóra Stephensen**
**Kristín S. Svavarsdóttir** **Viðar Gíslason**
**Guðni B. Svavarsson** **Kristín G. Ólafsdóttir**
**Rannveig E. Beiter**
**barnabörn og barnabarnabörn**

## Merkisatburðir

**1848** Franskir skipbrotsmenn koma að landi í Breiðdal eftir mikla hrakninga í hafi. Þeir fóru frá Noregi í október og ætluðu til Frakklands.

**1874** Fyrsta stjórnarskrá Íslands staðfest af konungi og gekk í gildi 1. ágúst.

**1931** Fyrsta barnið fæddist á Landspítalanum, tveimur vikum eftir að hann var tekinn í notkun.

**1941** Fjölrituðu bréfi var dreift til breskra hermanna í Reykjavík og þeir hvattir til þess að ganga ekki í störf Íslendinga, sem voru í verkfalli. Herstjórnin leit á þetta sem hvatningu til uppreisnar. Gekk atburðurinn undir nafninu Dreifibréfsmálið.



†

*Elskuleg amma okkar,*

**Herdís Albertsdóttir**

Sundstræti 33, Ísafirði,

sem lést á aðfangadag jóla, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 7. janúar kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð kvenfélagsins Hlífar á Ísafirði. Minningarspjöld fást hjá Eymundsson.

**Kristjana Sigurðardóttir**
**og fjölskylda.**



†

*Elsku pabbi okkar*

**Jón Ásgeir Blöndal**

Keilusíðu 5g, Akureyri,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 23. desember. Útför hans fór fram í kyrrþey miðvikudaginn 4. janúar frá Höfðakapellu á Akureyri.

**Alexander Jósep, Silja Björk, Birta Rós.**
**Systkini og aðrir aðstandendur.**



†

*Maðurinn minn,*

**Ragnar Sveinsson**

Fjóluhlið 1, Hafnarfirði,

lést 2. janúar 2012 á Sólvangi. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 10. janúar kl. 13:00

**Fyrir hönd fjölskyldunnar**
**Erla Þórðardóttir**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Ágúst Sigmundsson Strandberg**

stýrimaður og tollvörður,

sem lést þriðjudaginn 27. desember 2011 á Hrafnistu í Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 6. janúar kl. 13.

**Sigurður Örn Jónsson** **Gunnhildur Halldórsdóttir**
**Sigríður Jónsdóttir** **Eggert Þór Ísberg**
**Ólöf Jónsdóttir** **Harrý Þór Hólmgeirsson**
**og barnabörn**





**HÁLFSEXTUGT LEIKFÉLAG** Hörður Sigurðsson stýrir Leikfélagi Kópavogs sem í dag er 55 ára. Hann segir félagið ætla að bíða með stórveislu þar til á sextugsafmælinu, en fagna tímamótunum með nýju, frumsömdu verki í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LEIKFÉLAG KÓPAVOGS: 55 ÁRA

# Stökkpallur leiklistaráhugans

„Það stendur ekkert stórkostlegt til í tilefni stórafmælisins nú, en við höldum árlega innanfélagsafmælisveislu okkar á laugardagskvöld og köllum hana stjörnuljósakvöld því hún tengist líka þrettándanum og jólahátíðinni,“ segir Hörður Sigurðarson stjórnandi Leikfélags Kópavogs sem var stofnað 5. janúar 1957 og er því 55 ára í dag.

„Leikfélagið varð til á uppvaxtarárum Kópavogs en þá tóku sig saman nokkrir bæjarbúar með leiklistaráhuga og settu upp fyrstu sýningu félagsins í barnaskólanum, sem var Spanskflugan. Tveimur árum síðar tók leikfélagið þátt í byggingu Félagsheimilis Kópavogs, ásamt fleiri félögum, og setti þar upp leiksýningar þar til á fimmtíu ára afmælinu að leikfélagið komst loks í nýtt leikhús að Funalind 2 með aðstoð Kópavogsbæjar,“ segir Hörður og bætir við að það hafi valdið straumhvörfum fyrir leikfélagið sem nú sé að verða eitt skemmtilegasta litla leikhúsið á landinu.

„Bæjarbragurinn sem áður einkenndi Kópavog er vitaskuld ekki sá sami og hann var í árdaga félagsins, en við viljum vera leikhúsið í bænum og höfða til bæjarbúa um leið og við viljum fá sem flesta landsmenn í leikhúsið,“ segir Hörður.

Í vikunni hefur leikfélagið æfingar á nýju frumsömdu verki sem ber vinnuheitið Hringurinn og gerist í umhverfi fjölleikahúss, en verkið verður frumsýnt um miðjan febrúar.

„Það hefur einkennt leikfélagið að vera í fararbroddi með svokallaðar „devise-sýningar“ sem unnar eru á staðnum, án handrits. Þá er búin til leiksýning úr grunnhugmynd eða sögu í náinni samvinnu leikstjóra og leikhóps, sem var óvanalegt þegar við byrjuðum á þess háttar leiklistarvinnu en hefur nú síast inn í stóru leikhúsin líka,“ útskýrir Hörður.

Hann segir leikfélagið öllum opið og einu kröfuna um inngöngu þá að fólk hafi áhuga á leiklist.

„Hér hafa margir af frægustu leikurum þjóðarinnar stigið sín fyrstu skref en einnig hafa ýmsir atvinnuleikarar stigið á fjalirnar í leiksýningum með okkur,“ segir Hörður.

Þess má geta að Leikfélag Kópavogs starfrækir öfluga unglingadeild sem setur upp leikverk á hverju ári, ásamt því að vera með vinsæl leiklistarnámskeið fyrir byrjendur og lengra komna.

Sjá nánar á www.kopleik.is.

thordis@frettabladid.is



†

*Okkar ástkæri,*

**Hjálmar Örn Jónsson**

rafeindavirki,
Hvannalundi 17, Garðabæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut mánudaginn 2. janúar.

**Elísabet Ásta Dungal**
**Gunnar H. Arnarson**
**Elísabet Arnardóttir** **Hjálmar G. Theodórsson**
**Anna Berglind Arnardóttir Dungal** **Victor Strange**
**Jón Örn Arnarson** **Margrét Helga Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

4BLS BÆKLINGUR

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**0% VEXTIR**

ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3% lántökugjald og 325kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.




AÐEINS 330g

## PlayTab 2PRO

Glæsileg multimedia 7" spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Google Android 2.3 stýrikerfi

**19.900**

NÝ KYNSLÓÐ SEM SPILAR NÚ HD 1080p H.264, MPEG4, MKV og fleira

## USB GLINGUR

Stútfullar verslanir af ótrúlega skemmtilegu USB glingri frá Satzuma á tilboði frá kr. 990

**FRÁ 990**

USB GLINGUR Í ÚRVALI

ENN BETRA VERÐ

## 4GB MINNISLYKILL

Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**1.490**

8GB 2.990 • 16GB 4.990

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## 24"LCD SKJÁR

BENQ G2450 FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði

**26.900**

27" LCD Á TILBOÐI 44.900

## NÝR VEFUR

GLÆSILEG NÝ VEFVERSLUN MEÐ FRAMÚRSKARANDI VIÐMÓT OG MÖGULEIKA Á WWW.TOLVUTEK.IS




5. JANÚAR 2012 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.




# GIGABYTE

**DELUXE TILBOÐ 1**

- Thermaltake V3 BlacX Deluxe turn
- AMD A6-3500 Triple Core 2.4GHz Turbo
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 2TB SATA3 64MB Seagate diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB Radeon HD6530D DX11 skjákjarni
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**119.900**

ÖFLUGUR LEIKJATURN




# EEEBOX

**BORÐTÖLVA Á TILBOÐI**

- Fusion Dual Core X2 E-350 1.6GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- Hægt er að festa aftan á skjá
- 512MB ATI HD6310 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 2xUSB3, 4xUSB2, HDMI, VGA o.fl.
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**69.900**

ÖRSMÁ OG ÖFLUG HEIMILISTÖLVA







Z 4610G

# VERITON

**SKJÁR OG BORÐTÖLVA**

Stórglæsileg og öflug borðtölva innbyggð í vandaðan 23" Full HD 1080p LED skjá með þráðlausu neti og 2MP HD vefmyndavél

- Intel Core i5-2400s 3.3GHz Turbo 4xHT
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 7200RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 23" LED FULL HD 1920x1080 skjár
- 512MB Core i HD Graphics skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 2.0MP HD vefmyndavél innbyggð
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.900**

ÖFLUG 23" BORÐTÖLVA Á TILBOÐI




# 120GB

**SATA3 SSD DISKUR**

- 120GB Mushkin Chronos SSD diskur
- Háhraða SATA3 SSD stýrikerfisdiskur
- Höggvarinn að 1500G álagi
- Read 550MB/sec, Write 515MB/sec
- SandForce SF2281 háhraða stýring
- TRIM fyrir meiri stýrikerfishraða
- 90000 IOPS einn hraðasti SSD í dag

**29.900**

ÚRVAL SSD DISKA FRÁ 9.990



## RS120 ÞRÁÐLAUS

Hágæða þráðlaus heyrnartól með innbyggðum NiMH hleðslurafhlöðum ásamt hleðslustöð. Supra Aural tækni tryggir hljómgæðin

**7.990**

SENNHEISER HEYRNARTÓL



## M6900 LEIKJAMÚS

- Ein flottasta leikjamúsin í dag
- High-Precision 3200dpi tækni
- On-the-fly 3ja þrepa DPI stillingar
- Gaming Grade 30G hröðun
- 5 forritanlegir hnappar
- Gaming Grade gúmmí grip

**4.990**

M6900 GAMING GRADE MOUSE




## 4GB MUSHKIN MINNI

Hágæða Mushkin 1333MHz DDR3 Stiletto vinnsluminni með kæliplötum og lífstíðarábyrgð

**3.490**

8GB DUAL DDR3 6.990




## ÞRÁÐLAUST SETT

Hágæða þráðlaust Media lyklaborð og mús frá Gigabyte með ábrenndu íslensku letri

**3.990**

GIGABYTE KM7580 LYKLABORÐ&MÚS




## LEIKJALYKLABORÐ

LED upplýst leikjalyklaborð með ábrenndu íslensku letri, Macro hnöppum, USB hub, ofl. ofl.

**9.990**

GIGABYTE AIVIA K8100

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



**Grænmeti** spilaði stóran þátt í tískusýningu sem haldin var í borginni Jangún í Mjanmar á dögunum. Þessi grænmetiskjóll var sýndur á Miss Dr's Secret tísku- og fegurðarsamkeppninni.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457





Eirberg

Íþróttastuðningshlífar

BAUERFEIND®

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



ROSALEGA FLOTTUR



teg DECO - fallega rauður í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 8.850,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Þú mætir - við mælum og aðstoðum

www.misty.is

Opið frá 10-18 virka daga.

10-14 laugardaga

Vertu vinur



Útsalan er hafin

allur fatnaður og skór í verslun á útsölu

fatnaður st. 36-52 skór st. 36-42 1/2

Vertu vinur okkar á facebook

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5

• Sími 581 2141

• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16


**Heiða Flosadóttir nemur fataiðn í Tækniskóla íslands og prjónaði jólafötin á dætur sínar.**



# *Saumaði dúkkuföt sex ára*

Mamma átti saumavél sem ég fékk að nota þegar ég var lítil, sem ekki allar mæður myndu leyfa. Ég fékk efni frá frænku minni sem er klæðskeri og fyrstu dúkkufötin gerði ég þegar ég var sex ára,“ segir Heiða Flosadóttir en hún stundar nám í fataiðn í Tækniskóla Íslands. Heiða prjónaði jólakjólana á dætur sínar og segist sjaldan leggja prjónana frá sér.


;FRAMHALD | 2


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ÚTSALA

Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

20-70% AFSLÁTTUR af völdum vörum

Skiptidýnur, útlitsgallaðar dýnur og sýningardýnur

Lök, pífur, hlífðardýnur, sængurverasett og fleira

Svefn & heilsa

www.svefn.is





Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150

Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**Söngkonan Lady Gaga** tók þátt í gamlársfögnuðinum á Times Square í New York. Múnderingin minnti á kristalskúluna sem árlega markar áramótin í borginni.



# Fortíð og nútíð

**Tískuvikan PFDC L'Oreal Paris Bridal Week 2011 LAHORE fór nýverið fram við góðar undirtektir.**

Mikið var um dýrðir á tískuvikunni PFDC L'Oréal Paris Bridal sem fór fram í Lahore, höfuðborg Pakistans, fyrir skemmstu. Helstu hönnuðir og stílistar landsins, bæði upprennandi stjörnur og gamlir refir, komu saman og kynntu til sögunnar helstu strauma og stefnur í brúðarklæðum og -skarti 2012.

Víða er farið lofsamlegum orðum um tískuvikuna á Netinu, þar sem einstaklega vel þótti heppnast að tvinna saman hefðbundnum og nýtískulegum fatnaði.

Viðburðurinn fer árlega fram í Pakistan og er skipulagður af tískuráði þar í landi.



Þessi klæði eru úr smiðju hönnuðarins Emraam Rajput sem var á meðal þeirra sem sýndu nýverið á tískuvikunni í Pakistan. NORDICPHOTOS/GETTY

# Útsölurráp er full vinna

**Nú eru útsölurnar í algleymingi og margir sem hugsa sér að gera góð kaup. Það getur verið þreytandi að rápa milli búða í leit að góðu kaupunum og því snjallræði að skipuleggja verslunarferðina rækilega.**

Eflaust hugsa margir sér gott til glóðarinnar að gera áhlaup á útsölurnar um helgina. Útsöluráp er full vinna og eins gott að vera vel undirbúinn andlega og líkamlega til að endast út daginn. Bandaríska vefsíðan examiner.com hefur tekið saman nokkur ráð sem gott er að hafa í huga í útsöluhamnum og þótt atgangurinn sé kannski ekki alveg jafn mikill á útsölum hér og í Bandaríkjunum er ekki vitlaust að hafa þessi ráð í huga.

**Pokar:** Þótt allar verslanir láti fólk hafa poka utan um vörurnar er sniðugra að koma með sína eigin poka að heiman. Rúllið þeim upp og setjið í stóran taupoka með renndu hólfi fyrir kvittanirnar. Þá er auðveldara að raða vörunum í pokana og jafna byrðarnar. Skiljið handtöskuna eftir heima og setjið kreditkort, peninga og síma í mittistösku. Stórar handtöskur þvælast bara fyrir og auka þyngdina á því sem þarf að bera.

**Skór:** Verið í þægilegum, flatbotna skóm, helst æfingaskóm með loftpúðum. Það er nefnilega ótrúlegt hversu mikið fólk gengur í búðarrápi.

**Föt:** Kuldinn býður ekki upp á það að fara léttklæddur að heiman en best er að vera í þunnri úlpu sem auðvelt er að rúlla saman og setja í einn pokanna. Það er mun sennilegra en ekki að fólk vilji geta fækkað fötum þegar hitna fer í kolunum.

**Hjálpartæki:** Ef þið þurfið lesgleraugu til að sjá á verðmiðana er langsniðugast að vera með þau í snúru um hálsinn þannig að auðvelt sé að bregða þeim upp á nefið. Þeir sem ekki vilja láta sjá sig með gleraugu geta tekið með sér lítið stækkunargler og borið það í sams konar snúru. Það skiptir öllu að lesa rétt í verð þegar meiningin er að gera góð kaup.

**Skipulag:** Skipuleggið ferðina frá A-ö. Ákveðið hvaða búðir þið ætlið að heimsækja og byrjið í öðrum enda verslunarmiðstöðvarinnar og vinnið ykkur yfir í hinn endann, ekki ráfa fram og til baka, það kostar alltof mörg aukaspor. Geymið að kaupa stærstu hlutina þar til síðast, þá hafið þið minna að bera og verðið ekki eins fljótt þreytt. Góða útsöluveiði.

*fridrikab@frettabladid.is*



Þreytan eftir útsluslaginn hverfur í skuggann af því að hafa gert reyfarakaup. Gott skipulag auðveldar útsölurápið.

Framhald af forsíðu

„Ég prjónaði flestar jólagjafirnar í fyrra, eitthvað í kringum 30 peysur, en hafði ekki tíma til að prjóna eins mikið fyrir þessi jól, því miður. Ég hef aðeins verið að búa til uppskriftir sjálf en styðst líka oft við uppskriftir í blöðum og breyti þeim kannski aðeins."

Heiða lærði að prjóna sem krakki og þegar hún var 17 ára fóru prjónarnir á fullt.

„Ég prjóna úr alls konar garni en aðallega ull, íslenskri ull og alpaca-ull. Íslenska ullin er skemmtileg því hún þæfir sig saman og því hægt að prjóna opna peysu í hring og klippa á milli án þess að rakni upp. Hún stingur reyndar svolítið og krakkarnir vilja oft ekki vera í henni næst sér. Í jólakjólana notaði ég norska merino-ull. Pífurnar á kjólunum eru úr mohair silkigarni," útskýrir Heiða og dæturnar, Karína Ísis, fimm ára, og Hera Nótt, tveggja ára, snúa sér í hring, hæstánægðar með kjólana.

Heiða er á fimmtu önn í fataiðn í Tækniskóla Íslands. Hún segist ekki ákveðin hvort hún fari í klæðskerann eða kjólasaum og upphaflega hafi hún hugsað sér myndlistarnám. „Ég var svo heppin að fá að föndra og teikna, mála og sauma eins og ég vildi þegar ég var lítil. Það er erfitt að ákveða sig þegar maður hefur svo mörg áhugasvið en námið í Tækniskólanum er mjög skemmtilegt og á vel við mig."

*heida@frettabladid.is*



Karína Ísis er hæstánægð með jólakjólinn sem mamma hennar prjónaði.

## Smástirni berjast

FIMMTA ÞÁTTARÖÐ CELEBRITY APPRENTICE HEFUR BRÁTT GÖNGU SÍNA Í BANDARÍKJUNUM. NÚ HEFUR DONALD TRUMP TILKYNNT HVAÐA SMÁSTIRNI BERJAST UM HITUNA.

Tilkynnt hefur verið hvaða stjörnur og smástirni munu taka þátt í nýjustu þáttaröð Donalds Trump, Celebrity Apprentice. Meðal annarra verða þar popp- og Idol-stjarnan Clay Aiken, Tia Carrere sem er þekktust fyrir að leika kærustu Mike Myers í Wayne's World, Victoria Gotti, dóttir glæpaforingjans alræmda John Gotti, og Arsenio Hall sem þekktastur er fyrir að leika félaga Eddie Murphy í Coming to America.

Fimmta þáttaröðin verður frumsýnd í Bandaríkjunum 12. febrúar og verður líklega dramatísk að vanda.



Clay Aiken




Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
STOTT PILATES®
STOTT PILATES
Ný námskeið hefjast 9. janúar
innritun í síma 581 3730

STOTT PILATES er krefjandi æfingakerfi og frábær leið til að:
- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja djúpvöðva í kvið og baki.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

6 vikna námskeið - Mánudaga og miðvikudaga kl. 10:30
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:30
Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.
**Verð kr. 19.900.**

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
60 PLÚS
Líkamsrækt á rólegri nótunum
Ný námskeið hefjast 9. janúar
innritun í síma 581 3730

Sérsniðin líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri.
Rólegri yfirferð, sérvalin tónlist og skemmtileg stemning.
Myndast hefur einstaklega góður andi og vinskapur í þessum tímum.

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Mánudaga og miðvikudaga kl 9:30
þriðjudaga og fimmtudaga laust kl 9:30

**Verð kr. 19.900**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



**Enskuskóli Erlu Ara**

Enskuskóli Erlu Ara auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna. Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 40 ára og eldri.
Við bjóðum upp á: 10 getustig með áherslu á tal.
Styrkt af starfsmenntasjóðum.
Skráning í síma 8917576 og erlaara@gmail.com
Þú ert velkominn í heimsókn og tekur ákvörðum eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt.




Sumarið 2012 er fyrirhuguð námsferð til Englands fyrir þau sem þess óska



Fyrirsætan Rosie Huntington-Whiteley í dressi frá Burberry Prorsum.

Fyrirsætan Alexa Chung í silfruðum kjól eftir Christopher Kane.

Sarah Jessica í sérstæðum kjól frá Louis Vuitton.

Leikkonan Camilla Belle í kjól frá Oscar de la Renta.

# STJÖRNUR í sumarskapi

**Þó að úti ríki vetur og kuldi eru stjörnurnar í Hollywood farnar að hugsa til sumarsins. Í það minnsta hafa margar þeirra kastað vetrarklæðunum og eru þegar farnar að spranga um í tískudressum heimsfrægra hönnuða úr vor- og sumarlínu 2012. Þá er bara að meta hvort flutningurinn af tískupallinum á rauða dregilinn hafi tekist vel eða ekki.**




Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
Stutt og strangt
S&S stutt og strangt
Skráning alltaf í gangi í síma 581 3730!

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Komdu þér í gang!
- 2ja vikna námskeið 5x í viku í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi
- Tilvalið að mæta með vinkonunum – hámark 6 í hóp
- Leiðbeiningar um mataræði
- Mæling og vigtun í byrjun og enda námskeiðs

Verð aðeins kr. 10.000.
Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





NÝTT!
Gyða með HotYoga

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
HotYoga
HOT YOGA
Ný námskeið hefjast 10. janúar innritun í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal.
Teygjanleiki vöðvanna aukinn, mikill sviti og vellíðan.

6 vikna námskeið - Þriðjudaga kl 18:30 og föstudaga kl 16:30.
Kennari: Gyða Kristinsdóttir.
Verð kr. 14.900.

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





ÚTSALA

30-50% afsláttur af öllum barnavörum

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



Fimmtudagsbrjálæði
Kápur áður 19990 aðeins í dag 7990

50%
afslátt ur af flestum útsöluvörum



FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

Fleiri myndir á Facebook Vertu vinur



**Frestur til**
**að senda tilnefningar er til miðnættis þann**
**31. janúar**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2012

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

# flutningar

FIMMTUDAGUR 5. JANÚAR 2012

## Góð byrjun á nýju ári

**Karl Berndsen er sestur að í hjarta Reykjavíkur.**

**SÍÐA 2**






NORDICPHOTOS/GETTY

● **NOTIÐ TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ GRISJA** Þarftu virkilega á fjórum tappatogurum að halda? Og hvað með fjarstýringuna sem stendur alltaf á sér? Að flytja í nýtt húsnæði gefur gullið tækifæri til að taka skurk í því að losa sig við hluti sem enginn notar lengur. Það sem er nothæft og í góðu standi er tilvalið að gefa í Góða hirðinn eða Hjálpræðisherinn, nú eða selja það á ebay og nota féð til að skreyta nýja heimilið. Það sem er orðið úr sér gengið og ónothæft setjið þið í endurvinnslu – ef það er hægt – eða setjið í þar til gerða ruslagáma. Ónýt rafmagnstæki, málning og annað sem ekki flokkast undir heimilissorp verður að fara í Sorpu sem veitir svör við því hvert tiltekið dót á að fara.



Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis þann 31. janúar

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2012

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 Hvunndagshetjan
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ



**„Þetta er mjög góð byrjun á nýju ári. Bara alger unaður,“ segir Karl um flutninginn niður í miðbæ.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Flutti búferlum um nýár eins og álfarnir

**Karl Berndsen, hárgreiðslu- og förðunarmeistari, tók álfana til fyrirmyndar og flutti búferlum um áramótin. Hann hefur búið í Grafarvoginum undanfarið en tók sig upp og settist að í hjarta Reykjavíkur.**

„Ég flutti úr Grafarvoginum niður í Lækjargötu. Bjó í þessu sama húsi fyrir átján árum en ekki samt á þessari hæð sem ég er á núna. Er búinn að flytja upp um nokkrar hæðir og kemst ekkert hærra. Þetta er bara toppurinn enda er ég með glæsilegt útsýni.“

Ekkert ónæðissamt?

„Nei, alls ekki. Mér finnst æðislegt að vera í miðju hringiðunnar. Það hentar mér mjög vel.“

Þú hefur verið eins og uppi í sveit í Grafarvogi.

„Já, núna er ég þannig að þegar ég ek þangað upp eftir þá hugsa ég: Djö... er langt hingað. Allt í einu fer allt að snúast við. Samt fannst mér það ekkert mál þegar ég bjó þar. En þetta á mun betur við mig. Ég þarf að vera í lífæðinni.“

Ertu búinn að koma þér fyrir?

„Engan veginn. Enda er ég bara búinn að vera hér síðan á nýársdag. Nýársnótt var nótt númer eitt. Álfarnir flytja um áramótin og ég var með þeim í því. Þetta er mjög góð byrjun á nýju ári. Bara alger unaður.“

Hvar er vinnustaðurinn þinn?

„Í Borgartúninu. Ég er bara tvær mínútur í vinnuna. Þar er ég á annarri hæð í turninum og með flott útsýni þar líka.“

Fannst þér mikið átak að flytja?

„Eiginlega ekki (hlær). Við skulum segja að ég hafi verið svona skipulagður. Nei, annars. Ég var bara með svo marga til aðstoðar. Á mjög góða að og þeir voru allir boðnir og búnir að hjálpa mér. En svo á ég eftir að mublera upp og fleira.“

Þurftuð þið að bera dótið upp marga stiga?

„Nei, nei. Það er lyfta í húsinu þannig að dótið fór beint inn af götunni og upp.“

Nú má Karl ekki vera að því að masa öllu lengur því viðskiptavinur bíður eftir hársnyrtingu en ekki er hægt að sleppa honum úr símanum öðruvísi en að óska honum til hamingju með nýja þáttinn, Í nýju ljósi, sem fór í loftið í gær. Þar er hann að hjálpa konum að upplifa sig í nýju ljósi, eða eins og hann orðar það, að fara í gegnum vaxtarlag og klæðaburð og hvernig á að hafa hlutföllin rétt. „Ég held þetta verði skemmtilegt,“ segir hann. „Bland af húmor og fræðslu og ég vona að ég finni réttu hlutföllin þar á milli.“

*- gun*

● **ÞEGAR FLYTJA ÞARF PÍANÓ** Kallaðu til fjóra sterka vini til aðstoðar og settu tvo á hvorn enda píanósins. Passaðu að enginn þeirra sé slæmur í baki. Allir ættu að vera í vinnuvettlingum.

Passaðu að lokið á píanóinu þarf að vera læst. Vefðu plasti eða dúk um píanóið og límdu vel saman svo engir lausir endar þvælist fyrir fótum flutningsmanna.

Með samstilltu átaki skal síðan lyfta píanóinu upp á hjólabretti. Munið að beygja hnén og hafa bakið beint svo átakið lendi á lærvöðvum.

Þá er píanóinu rúllað á brettinu fram að dyrum, haldið allan tímann um öll horn og farið varlega yfir þröskulda.

Ef flytja þarf píanó milli hæða gæti verið vissara að hringja í flutningaþjónustu. Eins ef píanóið er mjög stórt og þungt gæti verið vissara að fá fagmenn í verkið.






# Aukin þjónusta Eimskips um Norður-Atlantshaf

## Styttra á milli ferða – meiri flutningsgeta

Eimskip hefur styrkt leiðakerfi sitt á Norður-Atlantshafi. Nýtt skip hefur bæst í flotann og eru nú tvö skip í siglingum til Norður-Ameríku í stað eins áður. Með þessu fjölgar ferðum og við bætast nýir áfangastaðir, sem bætir þjónustu enn frekar við viðskiptavini félagsins.

Fiton ehf. / SÍA

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM



# Heilræði við flutninga

● Byrjið snemma. Það er vel hægt að nota tímann og pakka niður útifötum, rúmfötum og öðru sem er ekki verið að nota þá stundina í einn og einn kassa þótt flutningarnir séu ekki formlega hafnir.

● Best er að geyma verðmæti á öruggum stað. Það getur auðveldlega gleymst í hvaða kassa ákveðnir hlutir fara og því er gott að passa upp á að hlutir eins og lyf, passar og mikilvægir pappírar séu í einum og sama kassanum. Þá er gott að koma sér upp góðu merkjakerfi og merkja gróflega hvað er í hverjum kassa.

● Við flutninga myndast kjöraðstaða til að losa sig við hluti sem hafa staðið ónotaðir í marga mánuði eða jafnvel ár. Ef tilteknir hlutir hafa ekki verið notaðir í langan tíma ætti að hugleiða það að gefa þá til Rauða krossins, í Góða hirðinn eða selja á bland.is.

● Bíðið með að pakka fötum og handklæðum þangað til farið er að pakka brothættum munum og leirtaui. Það er óþarfi að pakka öllu í dagblöð og flytja þau á milli staða. Frekar ætti að nýta plássið og pakka inn í það sem þarf hvort eð er að flytja með.

● Pakkið ekki bókum í stóra kassa. Þeir verða of þungir. Það sama gildir um leirtauið.

● Pakkið uppáhaldsbókum, leikföngum, teppi, náttfötum og fleiri uppáhaldshlutum niður fyrir börnin og hafið með á nýja staðinn. Það er gott fyrir þau að geta strax haft eitthvað kunnuglegt við höndina.

**MUNIÐ AÐ TILKYNNA NÝTT HEIMILISFANG**

**Tilkynna þarf** til Þjóðskrár um nýtt lögheimili. Eyðublaðið er að finna á www.hagstofa.is eða farið í Borgartún 24, Reykjavík.

● **Tilkynna** þarf nýtt heimilisfang til Póstsins. Eyðublöð eru á öllum afgreiðslustöðum. Þú getur líka gert þetta rafrænt á www.postur.is.

● **Gakktu** úr skugga um að atvinnuveitandi þinn viti nýja heimilisfangið.

● **Tilkynntu** til allra blaða eða tímarita sem þú ert áskrifandi að um nýtt heimilisfang.



● **FLUTT MEÐ SÁTTA TÁNINGA** Stendur til að flytjast búferlum með fjölskylduna? Þá skiptir höfuðmáli að undirbúa ungmenni heimilisins með því að ræða breytingarnar í tíma. Leyfið þeim að fylgjast með frá upphafi og svarið vel öllum spurningum sem kunna að vakna. Unglingar eru líklegri en yngri börn til að setja sig upp á móti flutningum. Þeir eru flestir farnir að taka virkan þátt í félagslífi jafnaldra sinna, eiga jafnvel í ástarsambandi og óttast að missa tengsl við sinn besta vin. Láttu unglinginn þinn vita að þú virðir sjónarmið hans og sért alltaf tilbúinn að hlusta. Sjáðu til þess að hann eigi auðvelt með að heimsækja gamla hverfið og gömlu vinina. Sé flutt á miðju skólaári er fýsilegt að láta unglinga ljúka skólaárinu í sínum gamla skóla. Eftir flutninga er mikilvægt að koma barna- og unglingaherbergjum strax í stand og hafa reglu á matmálstímum og samverustundum fjölskyldunnar.





# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2008, ekinn 46 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.221420.



NISSAN Pathfinder disel. Árgerð 2008, ekinn 97 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.350.000. Rnr.250879.



CADILLAC Escalade. Árgerð 2008, ekinn 55 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.103231.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

bilfang.is S.567 2000



Glæsilegur Bíll ! Nissan Navara D/Cab AT LE Diesel sjálfskiptur, Breyttur fyrir 35" með kantabreytingu plasthús kvoða í palli Alveg nyr 35" negldur gangur + aukagangur tilboð 3980



Suzuki Swift GL 11/2007 ek. '96 þ.km sjálfskiptur snyrtilegur bíll verð 1490 þús.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

BÍLAFRÁGANGUR
Örugg bílaviðskipti frá aðeins 7.500.-
Kynntu þér málið.
www.Bilafragangur.is

**Bílafrágangur**
**Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 651 3500**
**Opnunartími 10-21 alla virka daga**
**http://www.bilafragangur.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



OPEL Vectra station ssk. Árgerð 1999, ekinn 158 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.15" felgur Ný tímreim TILBOÐ 340þ stgr. ÁSETT 490þ Topp bíll Rnr.154318. Möguleiki á 100% Visa rað láni í allt að 36 mánuði

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



TOYOTA Auris. Árgerð 2007, ekinn 28 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.350.000. Rnr.119825.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Avensis 1.8 Sol Árgerð 2003, ekinn 142þ.km, bsk. Full þjónustusaga. Góður bíll sem er á staðnum! Verð 1.290.000kr. Raðnúmer 152626. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

100bilar.is bílasala



LAND ROVER Range Rover Supercharged, Árg 2/2007, ekinn 93 Þ.KM, Með öllum aukabúnaði, litur mjög vel út, Listaverð 8,9m, Verð aðeins 6.950þ.kr Rnr.116686. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

Breiðan ehf
821-6292



Suzuki Jimny árgerð 2000, ekinn 167 þús., sk.2013, nýr vatnskassi, tímareim, þjónustubók og fl., verð kr. 590.000,- 100% lánað, 821-6292.



Subaru Outback árgerð 2005, ekinn 171, sjálfskiptur, sk. 2013, dráttarkúla, álfelgur, raf í sætum, lítur mjög vel út, verð kr. 1.550.000,- 100% lánað 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



MAZDA 6 wagon t. Árgerð 2006, ekinn 130 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790. Rnr.112035.



TOYOTA Land cruiser 90 lx „35. Árgerð 1999, ekinn 199 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.690.Fallegur og vel með farinn bíll Rnr.112053.



VOLVO Xc90 d5. Árgerð 2006, ekinn 147 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.150. Umboðs bíll og ein eigandi frá upphafi Rnr.111266.



M.BENZ Ml350 disel bluetec . Árgerð 2010, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.900. Rnr.112002.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



Toyota Corolla Verso Árg.'07 1,8 Ssk. 7 manna. Verð 1.8 millj. Uppl. í s. 693 2991.

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun



Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355



Tilboð 590 stgr. Til sölu Subaru Legacy 2.0 GL árg 2000, ek 178000, sjálfsk, ný negld dekk. Uppl. í s: 842 2800.




50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.



Renault Megane Scenic '98. 140km. 1.6vél 5gíra. Sumar- og vetrardekk. Tilboð 220 Þ. S. 616 2597.



Citroen picasso XSAPO, árg. '04. og níu mán. Ek. 115 þkm. 5. gíra, sk. 12, vetradekk. Tilboð 650 þ. Uppl. 616 2597.



**Tilboð**
WV. Golf station 2.0 árg. Á götuna 2004,ek 105þ. Fjórhjóladrifinn með krók, topplúgu, nýjum dekkjum,skoðaður 2012. Verð 630þ. S: 856 6518.



Til sölu Toyota Hiace árg'04 lítur vel út. Ekinn 202þús. upp í s. 6986623



**Nýárs-Tilboð: 2.490.000**
Honda Accord Sport Special Edition 5/2008. Ekinn 56.500. Áhv. 1.237.000 kr. Afb. 32.500 á mán. Ný nagladekk og nýr rafgeymir. Bein sala eðs skipti á ód. Corollu/Skoda station. Uppl í síma 899-6292.

## 250-499 þús.



**100% visa/euro lán**
Toyota Corolla árg. '98, sk. '12, ek. 178 þús, ssk. Nýleg tímareim, nýsmurður, góð dekk. Verð 399 þús. Ein. BMW 530 Disel '04 S. 899 4009.



**100% visa/euro lán**
Til sölu Subaru Legacy 4x4 '96 sk. 2012. Nýleg tímareim, ný kúpling og vatnskassi. Nýir demparar að aftan og mjög góð dekk. Verð 330þús. Uppl. í síma 899 4009.



**TILBOÐ 290 ÞÚS! Á NÝJUM NAGLADEKKJUM!**
SKODA OCTAVIA 1,6 árg'99 ek.179 þús,beinskiptur,skoðaður 12,er á nýjum nagladekkjum! góður bíll! ásett verð 490 þús TILBOÐ 290 þús! fyrstur kemur fyrstur fær! s.841 8955



**4x4 á 100% láni**
MMC Pajero Pinin árg. 2002 ekinn 241 þ. km 1.8 vél, 5 gíra, 4x4 heilsársdekk, skoðaður 2013 verð 390.000- stgr. möguleiki á 100% visa raðgreiðslum uppl. í síma 861-7600.

## 1-2 milljónir



**DIESEL Á TILBOÐI**
Peugeot 407 DIESEL árg. 9/2006 ekinn 215 þ. km sjálfskiptur, 17" álfelgur, ný heilsársdekk, skoðaður 2013 glæsilegur bíll í toppstandi verð 1.890.000- TILBOÐ 1.290,000 uppl. í síma 861-7600.

## Bílar óskast

Óska eftir Mazda B 2600 pick-up '92-'94 módel. Uppl. í s. 868-3871

**Óska eftir bíl á 0-300 þús staðgreitt!**
Óska eftir bíl fyrir allt að 300 þús. staðgreitt!!! fólksbíl smábíl eða jeppi allt kemur til greina! Má vera bilaður tjónaður óskoðaður eða bara orðin sjúskaður! Uppl. s. 691 9374.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Jeppar



**Góður diesel jeppi!!!!**
Land Rover Discovery II 2.5 Diesel árg. '99 ekinn 237 þ. km sjálfskiptur 4x4 skoðaður 2013 krókur topplúgur álfelgur heilsársdekk eyðslugrannur bíll verð 1,490,000 Tilboð 950,000 uppl. í síma 861-7600.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



Mersedes Bens Actros árg. 2005 til sölu. Uppl. í síma 892 2033.




**Vörubíla og vinnuvéladekk**
Eigum á lager 315/80R22,5 vörubíladekk á góðu verði Höfum einnig gott úrval af vinnuvéladekkjum O.K. Varahlutir ehf sími 696-1050- okspares@simnet.is

## Reiðhjól




**Veturinn er kominn!**
Ljós, nagladekk og allt hitt. KRÍA HJÓL, reiðhjóla verslun og verkstæði Hólmaslóð 2, s.5349164

## Vélsleðar




## Vinnuvélar




## Bátar



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Óska eftir að kaupa utanborðsmótor 25-35 hp. uppl. í s. 866 3155.

## Varahlutir

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Bílapartasalan







### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

### Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

### Japanskar vélar Bílapartasala

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020




# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 og 699 6069

## Snjómokstur

**SNJÓMOKSTUR**

**Mokum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Fjarlægjum einnig snjó ef óskað er.**

**Véló - Sími 823 7473**

## Hreingerningar

### Vy-þrif ehf.

öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

### VERTU Í SKILUM.

Velkomin í þjónustu hjá Skilaborg. Alhliða bókhaldsþjónusta. Úthýsing húsfélaga, fjölbýlishúsa og fyrirtækjasambýla. www.skilaborg.is, skilaborg@skilaborg.is sími: 564-6609

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.




## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

### GS VERKTAKAR EHF

Óskar eftir verkefnum úti sem inni í viðhaldi húsa, breytingarvinnu, nýsmíði. Áratuga reynsla. Tilboð/tímakaup S. 864 4789.

## Spádómar

### Spásíminn 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**

**Einkatímar.**

**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**

## Rafvirkjun

### RAFVIRKJUN S. 896 6025

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.




## Trésmíði






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Tilkynningar

Landsvirkjun

### Forval nr. 20069 Skjalakerfi og kerfi fyrir ábendingar, úrbótaverkefni og innri úttektir

**Landsvirkjun óskar eftir þátttöku í samningskaupaferli vegna kaupa á eftirfarandi kerfum:**

Kerfislausn 1: Skjalakerfi fyrir almenn skjöl og gæðaskjöl fyrirtækisins.

Kerfislausn 2: Kerfi fyrir ábendingar og útbótaverkefni ásamt innri úttektum.

Heimilt er að bjóða í báðar fyrrgreindar kerfislausnir eða aðeins aðra þeirra. Leitað er eftir heildstæðri lausn sem uppfyllir þarfir fyrirtækisins og getur þróast með því.

Innkaupin fara fram með svokölluðu samningskaupaferli. Í samningskaupaferlinu taka þátt þeir bjóðendur sem valdir eru á grundvelli forvals.

Afhendingarstaður er höfuðstöðvar fyrirtækisins að Háaleitisbraut 68. Stefnt er að gangsetningu kerfanna eigi síðar en í maí 2012.

Forvalsgögn á íslensku eru til afhendingar í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 3.000 fyrir hvert eintak.

Óskum um þátttöku í samningskaupaferli skal skila á sama stað fyrir klukkan 11.00 föstudaginn 20. janúar 2012 þar sem nöfn umsækjenda verða lesin upp að viðstöddum þeim þátttakendum sem þess óska.

### AUGLÝSING um deiliskipulag fyrir íþróttasvæði, tjaldsvæði og Aragerði Sveitarfélaginu Vogum.

Með vísan til ákvæða 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 28. desember, 2011 samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði, tjaldsvæði og Aragerði, Sveitarfélaginu Vogum.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Vatnsleysustrandarvegi til austurs, Hafnargötu til suðurs, íbúðarlóðum við Egilsgötu, Austurgötu og Mýrargötu til vesturs, íbúðarlóðum við Staðarborg, og Gíslaborg til norðvesturs og safngötunni Grænuborg til norðausturs. Svæðið er rétt tæpir 9 hektarar að flatarmáli og nær til 3ja skilgreindra svæða í aðalskipulagi, íþróttasvæði við Hafnargötu, OS-1 (5,5 ha), Aragerði og nágrenni, OS2-3 (2,7 ha) og íþróttamiðstöð og sundlaug Þ-4 (0,8 ha). Deiliskipulagstillagan felur m.a. í sér að skilgreind eru íþróttasvæði með völlum og leiksvæðum, tjaldsvæði og lóðir fyrir þjónustuhús, söluturn og smáhýsasvæði og bæjargarðurinn Aragerði. Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð dags. 21.12.2011 og vísast til hennar um nánari upplýsingar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá 2. janúar til 20. febrúar 2012. Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is

Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eigi síðar en mánudaginn 20. febrúar 2012. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests telst samþykkur henni.

Vogum, 29. desember 2011.
F.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP
vísir
TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

## Nudd

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Þjónusta



**Frelsi frá reykingum 2012 s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Til sölu 60l fiskabúr m ljósi. Sýkliðupari. Fiskapar. Loftdæla, hreinsari og hitari o.fl. Verð 18þús. S. 861 5297.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 4ra herbergja íbúð á góðum barnvænum stað í Grafarholti. Stæði í bílageymslu fylgir. Aðeins reglusamir og traustir leigjendur koma til greina. Gæludýr ekki leyfð. Íbúðin er laus strax og leigist til eins árs. Leiguverð 160.000, hússjóður og hiti innifalinn. Uppl. í s.861-0002

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 50þ. Uppl. í s. 895 0482.

Fully furnished room, 101 Rvk, with access to kitchen, bathroom, washing machine, internet. 55þús. Tel. +3546921681.

Rúmgóð herbergi með aðgengi að öllu 40þús. per mán. Uppl. í s. 869-2618.

Hálf-stúdíó til leigu á sv. 105. Skammtíma-eða langtímaleiga. Hiti og rafmagn innifalið. S. 869-2618.

Hús í Dalaseli nr 7 í kjallara, 3 herb. eldhús. baðherb. 70.5 fm. Hægt er að koma að skoða e. kl. 17. Uppl. 775 1231.

52fm 2ja herb. íbúð til leigu í 107. Uppl. S: 561-6515 / 824-6661.

## Húsnæði óskast

18 ára reyklaus maður óskar eftir einstaklingshúsnæði í eða við miðbæ. S.6591782

Ég er 45 ára óska eftir eftir herbergi 15-20 fm. Vantar herbergi strax. Uppl. í s: 861 5297.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kokkur**
**Vantar kokk eða vanan matreiðslumann. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt veitingahús**

20 ára Hlölla bátar

**Hlöllabátar Smáralind**
**Hlöllbátar Smáralind óska eftir starfsfólki í vaktavinnu og hlutastarf. 18 ára aldurstakmark og íslenskukunnátta skilyrði. Vinsamlegast sækið um á www.hlollabatar.is eða á staðnum milli 10-14.**

MOSFELLS BAKARÍ

**Fullt starf - Reykjavík**
**Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríínu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Um er að ræða vaktir ýmist fyrir eða eftir hádegi ásamt helgarvinnu. Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp**

**Trésmiðir til Noregs**
**Trésmiðir / Mótasmiðir Vinna í Noregi í vetur 190 Nokr. á tímann íbúð 3000 nokr. á mán. Frá 10 Janúar 2012. Sendið ferilskrá á thulekraft@gmail.com og uppl. S. 696 7324**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

**Starfsfólk óskast!**
**vantar í hálfsdagsstörf í bakaríin okkar, á virkum dögum. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni og síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

Hótel í miðborg Rvk. óskar eftir vönu fólki í þrif á herbergjum uppl. s. 562 0800.

**Hafnarfjörður Bakarí**
Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu, hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 Þóra.

## Atvinna

**Góður sölumaður óskast**

Við hjá Íslensku Ölpunum, Faxafeni 8, Reykjavík, leitum eftir jákvæðum og góðum sölumanni/verslunarstjóra til starfa sem fyrst í framtíðarstarf. Íslensku Alparnir er útivistarverslun fyrir fólk á ferðinni, allt frá fjöru til fjalla.

Starfið snýst fyrst og fremst um sölumennsku og að þjónusta viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**

- Stundvís, skipulagður og heiðarlegur
- Hefur gaman af sölustörfum
- Hefur gaman af lífinu og er jákvæður
- Stundar eða hefur þekkingu á útivist og skíðavörum
- Góður í mannlegum samskiptum og liðtækur í öllum þeim verkefnum sem tilfalla
- Æskilegur aldur er 25 ára og eldri

Tóbakslaus vinnustaður
Opnunartími verslunarinnar er frá 10 -18 virka daga og 10 - 16 laugardaga.

Vinsamlegast sendið ferilskrá með mynd fyrir 10 janúar 2012 á netfangið alparnir@alparnir.is merkt "GÓÐUR SÖLUMAÐUR"

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

**Tilbreyting?**
Konur sem vilja skemmta sér með karlmanni nota Rauða Torgið. Það kostar ekkert að auglýsa. Sími 555-4321.

42 ára KK vill kynnast KK sem er með góða aðstöðu. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, nr. 8350.

Rúmlega 60 karlmaður vill kynnast karlmanni með áhuga á sexý undirfatnaði, er grannur og sexý vaxinn. Sími 843 9100.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# PROTAB2XXL

## 10" MULTIMEDIA SPJALDTÖLVA

Glæsileg og öflug multimedia spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Google Android 2.3 stýrikerfi

- 10" 5-punkta fjölsnertiskjár 1024x600
- 1080p HDMI mini til að tengja í sjónvarp
- 4GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- Spilar kvikmyndir beint af USB flakkara
- 300Mbps þráðlaust WiFi n net
- Li-Polymer rafhlaða allt að 6 tímar
- 1xHDMI mini, 2xUSB2 og MicroSD
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Android 2.3 Gingerbread og fjöldi forrita

**36.900**

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



FULL HD 1080P ÞESSI SPILAR ALLT

DOLBY DIGITAL · dts · Full HD 1080 · Blu-ray

# 1.5TB

## FULL HD MEDIA PLAYER

- Ný kynslóð 1080P FULL HD spilara
- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, USB, RCA, RGB, ljósleiðari ofl.
- Mest seldi sjónvarpsflakkarinn okkar

**39.900**

2TB ARGOSY 373T KR. 42.900



OFUR HLJÓÐLÁT 23CM VIFTA

INNBYGGÐ DUAL BAY HARÐDISK DOKKA

USB3 AÐ FRAMAN

Thermaltake COOL ALL YOUR LIFE

# V9 BlacX

## THERMALTAKE LEIKJATURN

- Dual Bay harðdisk Dock'a á toppi
- Mjög þróaður kaplaskipuleggjari
- 3x 5.25", 7x 3.5", 2x 2,5" & 2x 3.5"Dock
- 230mm Silent 800rpm Top-vifta
- 2.stk 120mm fram og bak viftur
- 10x hraðara USB 3.0 tengi að framan
- Innbyggðar ryksíur (hægt að þvo)

**21.900**

Á TILBOÐI Í JANÚAR



USB 3.0

10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

LACIE

# 2TB

## MINIMUS FLAKKARI

- 2TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**24.900**

ÚRVAL LACIE FLAKKARA




LENDIR EFTIR HELGI FYRSTIR PANTA FYRSTIR FÁ

BenQ

GL2450

# 24"LED

## BENQ FULL HD LED SKJÁR

Glæsilegur LED skjár frá BenQ þar sem glæsileg hönnun og gæði fara saman ásamt Sensey3 tækni sem skilar enn meiri myndgæðum, skerpu og ótrúlegri litadýpt.

- 24" LED FULL HD 1080p 16:9
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin

**29.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ Á 24" LED



FULL HD 1080P SPILAR OG TEKUR UPP

# HV339T

## FULL HD SPILARI

- 1080P HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb.netkorti
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Hægt að bæta við 3,5" SATA harðdisk
- Dual Digital DVB-T tuner með upptöku

DOLBY DIGITAL · dts · Full HD 1080 · Blu-ray

**21.900**

SPILAR OG TEKUR UPP



# VX800

## LIFE CAM

- Vefmyndavél á ótrúlegu verði
- Einstaklega einföld í notkun
- Sjálfvirkur 4x Zoom aðdráttur
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir Videospjall
- Glæsileg hönnun og gæði

**2.990**

Microsoft VEFMYNDAVÉL



AMBIENT LIGHT SJÁLFVIRK BIRTUSTILLING

HÆKKANLEGUR

BenQ

BL2400PT

# 24"VALED

## FULL HD VA-LED SKJÁR

- 24" VA LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3
- 8ms GtG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI-D HDCP, DisplayPort 1.2, VGA
- Aukin myndgæði með Deep Black

**49.900**

BYLTING Í MYNDGÆÐUM

# VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



7" RAMMAR FRÁ KR. 9.990

# 8"LCD

## MYNDARAMMI

- Super Slim hönnun aðeins 9mm
- Notendavænt snertiviðmót
- 800x600 upplausn (4:3)
- 300 cd/m2 birtustig og 500:1 skerpa
- Innbyggð klukka og dagatal
- Fjöldi slideshow möguleika
- Fjarstýring til að stjórna aðgerðum

**14.900**

7" MYNDARAMMAR FRÁ 9.990



SKJÁVARPAR Á VERÐI FRÁ 89.900

720p TRUE HD ALLT AÐ 300" MYNDFLÖTUR

# HD 720p

## 3D SKJÁVARPI

- 720p HD upplausn 1280x720 16:9
- 3D DLP og nVIDIA 3D Vision Ready
- 120Hz 3D Gamers og 3D Movie Ready
- Birtustig 2200 lumens, 10000:1 skerpa
- Sérstakur sparnaðar 6000 klst lampi
- 2xHDMI, VGA, S-Video, Video RCA ofl

**169.900**

BenQ W700 3D GAMERS&MOVIE

4BLS BÆKLINGUR







packard bell

SB004

# TS11

## NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 4ra kjarna örgjörva og nýjasta og einn öflugasta skjákjarna í heimi

- AMD A6-3400M Quad Core 2.3GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD6520G DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.900**

FÆST Í 3 LITUM

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR




SB002

# LS11

- AMD A6-3400M Quad Core 2.3GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD LED SLIM Diamond 1600x900
- 512MB ATI HD6520G DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**119.900**

NÝJASTA TÆKNIN




SB195

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

packard bell

# TK81

- Athlon II Dual Core X2 P360 2.3GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD6470 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**89.900**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR




ÖRÞUNN 12,9mm FISLÉTT 1360g

acer

S3

# ULTRABOOK

## ÖRÞUNN OG FISLÉTT

Acer Ultrabook S3 er örþunnt og öflugt tækniundur sem spáð er mestri sölu á árinu 2012 en hún er lent og er á ótrúlegu tilboði í verslunum Tölvutek!

- Intel Core i5-2467M 2.3GHz Turbo HT
- 320GB diskur og 4GB DDR3 minni
- 2 sekúndur úr dvala með 20GB SSD
- Rafhlaða endist 50 daga í svefnham
- 13.3" HD LED CineCrystal 1366x768
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.900**

SKÓLATÖLVAN 2012



ASUS

1011PX

# EEEPC

- Intel Dual Core N570 1.66GHz 4xHT
- 1GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1" LED UltraBright 1024x600
- 256MB Intel GMA 3150 skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 3 cellu rafhlaða allt að 4,5 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Starter stýrikerfi

**54.900**

FÆST Í 2 LITUM




20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

TOSHIBA

28W

# C660

- Intel Core i3-2310M 2.1GHz 3MB
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD TruBrite 1366x768 skjár
- 512MB GeForce G315M skjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**99.900**

TOSHIBA Á FRÁBÆRU TILBOÐI




AÐEINS 565g

SAMSUNG

P7510

# 10.1"TAB

- nVidia Tegra2 250 Dual Core A9 1.0GHz
- 16GB FLASH SSD geymsludiskur
- 10.1" HD LCD fjölsnertiskjár 1280x800
- GeForce 8 kjarna leikjaskjástýring
- 300Mbps Dual WiFi og Bluetooth 3.0
- Tvær vefmyndavélar 3MP og 2MP
- Rafhlaða: 9klst video/ 72klst tónlist
- Android 3.1 Honeycomb stýrikerfi
- Spjaldtölvunni fylgir fjöldi forrita

**99.900**

SAMSUNG GALAXY TAB 3G 119.900

acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

## OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Skemmtilegasta
ÚTSALA
ársins!
* takmarkað magn
40% afsláttur
Tilboðsverð
1.499*
Fullt verð 2.599,-
ADELE 21
40% afsláttur
Sigurður Guðmundsson
Sigríður Thorlacius
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Tilboðsverð
1.699
Fullt verð 2.799,-
Aðeins Meira Pollapönk
40% afsláttur
Tilboðsverð
1.599
Fullt verð 2.599,-
TÓNLIST FRÁ 499
Allt að 70% afsláttur
Tilboðsverð 499
Tilboðsverð 499
1961
Tilboðsverð 499
AMY MACDONALD
Tilboðsverð 499
JAMES BLUNT
Tilboðsverð 499
IL DIVO
Tilboðsverð 499
Tilboðsverð 499
Tilboðsverð 499
ELDFÆRIN
Tilboðsverð 999
Tilboðsverð 999
Tilboðsverð 999
eivør
larva
Tilboðsverð 999
KARDEMOMMUBÆRINN
Tilboðsverð 999
DVD frá 699
RIO
50% afsláttur
Tilboðsverð
1.499
Fullt verð 2.999,-
LA VIE EN ROSE
Tilboðsverð
699
STEINDINN OKKAR
50% afsláttur
Tilboðsverð
1.499
Fullt verð 2.999,-
Leikir frá 999
PS3
FIFA
30% afsláttur
Tilboðsverð
7.999
Fullt verð 11.999,-
PS3
BATTLEFIELD 3
30% afsláttur
Tilboðsverð
7.999
Fullt verð 11.999,-
create
Tilboðsverð
999
S·K·Í·F·A·N
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** dóms, **6.** klafi, **8.** flík, **9.** berja, **11.** karlkyn, **12.** goðmögn, **14.** kál, **16.** drykkur, **17.** hyggja, **18.** maka, **20.** gjaldmiðill, **21.** án.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfall, **3.** frá, **4.** markmið, **5.** stykki, **7.** snyrting, **10.** beita, **13.** veitt eftirför, **15.** á tónleikaferð, **16.** vefnaðarvara, **19.** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** mats, **6.** ok, **8.** fat, **9.** slá, **11.** kk, **12.** tótem, **14.** salat, **16.** te, **17.** trú, **18.** ata, **20.** kr, **21.** utan.
**LÓÐRÉTT:** **1.** lost, **3.** af, **4.** takmark, **5.** stk, **7.** klósett, **10.** áta, **13.** elt, **15.** túra, **16.** tau, **19.** aa.



## Hefur í nægu að snúast fram á vor

Jóhanna Vigdís Arnardóttir fer með hlutverk Ölmu Ekdahl í verkinu Fanný og Alexander sem frumsýnt verður annað kvöld og hlutverk góðu nornarinnar í Galdrakarlinum í Oz.



FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

# Stóra áramótaheitið

BAKÞANKAR
sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar



Þorir þú? Áramót veita tækifæri til að núllstilla og forgangsraða. Framundan er opinn tími. Hvernig getur þú notið þess tíma best, sem þér er gefinn? Ef þú lætur aðeins stjórnast af áreiti daganna og gerir ekkert annað en að bregðast við hættir þú að heyra rödd hjartans. Þá blæs viskan hjá og spekin líka. Siglandi skip þarfnast stefnu og menn þarfnast líka stjórnar á sínum lífssjó.

**ÉG SÁ** fyrirlestur á vefnum um hvernig við getum breytt lífsmynstrinu til að njóta lífsins sem best. Fyrirlesarinn minnti á, að mörg okkar lifum þrískipta ævi. Fyrst koma bernsku- og námsárin, oft nærri tuttugu og fimm ár. Síðan tekur við starfsævin, sem er gjarnan fjörutíu ár ef heilsan er góð og vinnustaðir eru góðir. Síðan fylgja eftirlaunaárin og ellin. En hentar öllum þessi þrískipting ævinnar?

**FYRIRLESARINN** ákvað að dreifa eftirlaunaárunum á alla starfsævi sína. Fyrsta sinn fór hann á „eftirlaun“ þegar hann var liðlega þrítugur og þá í eitt ár. Svo vann hann í sjö ár og þá tók við nýtt náðarár til að gera það, sem hann langaði mest til. Hann tók ákvörðun um, að taka sér alltaf ársleyfi á sjö ára fresti til íhugunar, lífsendurskoðunar, hamingjuræktar og til eflingar innri manni óháð hasar daganna. Fjárhagslega gekk betur en hann hafði búist við því gæði vinnunnar urðu meiri en áður og annars hefði orðið.

**AÐ DREIFA** hleðslutíma á ævina með þessu móti krefst, að málum sé raðað í forgang. Í stað neyslu verður að spara, nýta fjármuni til andlegrar iðju fremur en kaupa hluta og eigna. Tíminn er ekki bara peningar. Tíminn er ekki heldur aðeins hinn krónólógíski tími eða hið fjórvíða tímarými. Tíminn er lifaður, er persónulegur. Hann getur verið angistarfullur sorgartími, stórkostlegur barneignatími, áhyggjutími eða tími algleymis og hamingju. Við megum sjálf gefa tímanum merkingu. Við megum líka hugsa nýjar hugsanir. Hin trúarlega nálgun er að leyfa himni og heimi að faðmast og kyssast í okkar eigin lífi.

**Í DJÚPI** kristninnar er boðskapur um að Guð þorir. Kristin trú er ekki niðurnjörvaður átrúnaður hins læsta heimskerfis. Guð breytir um stefnu og tekur upp á hinu óvænta. Guð leggur sig í hættu vegna lífsins. Það er til fyrirmyndar. Þú ert vissulega vera í heimi tímans, en í þér á frelsið heima. Má bjóða þér hamingjutíma? Þorir þú að lifa vel?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# 2 lyfjaform samtímis

## geta skilað árangri fyrr

Margir sem vilja hætta að reykja nýta sér stuðning nikótínlyfja. Reynslan sýnir þó að sumir geta þurft meiri hjálp en aðrir. Samsett meðferð Nicorette felst í að nota saman Nicorette forðaplástur og annaðhvort 2 mg Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí eða innsogslyf.




**Kostir lyfjaformanna sameinaðir**
Samsett meðferð sameinar kosti lyfjaformanna: þ.e. jafna og stöðuga nikótíngjöf plástursins og skjótvirkari áhrif lyfjatyggigúmmísins eða innsogslyfsins.

Þegar reykingalöngunin „toppar“, stýrir þú nikótínþörfinni með lyfjatyggigúmmíi eða innsogslyfi.

**nicorette® auðveldar þér að hætta að reykja**

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf -12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

nicorette nicotin ™

**SAMSÝNINGU SIGURÐAR ÞÓRIS** og Sigurðar Örlygssonar í sýningarsölum Norræna hússins fer að ljúka. Síðasti dagur málverkasýningarinnar, sem ber heitið Strangir fletir, er á sunnudaginn næstkomandi, 8. janúar.

# Tónverk fyrir hátalara

S.L.Á.T.U.R. samtökin standa fyrir tónleikum á laugardaginn klukkan fjögur þar sem hátalarar verða í aðalhlutverki.

Á dagsskrá tónleikanna verða ný verk sem eru samin sérstaklega með ákveðin hátalaraeintök í huga. Einnig verða sérstakar samsetningar hátalara, hljómbreyttir hátalarar og hátalarar í nýju hlutverki og samhengi á tónleikunum, segir í fréttatilkynningu. Þar eru áhugamenn um nýja tækni, raftónlist, hljóðlist og nýmæli sérstaklega hvattir til að mæta.

S.L.Á.T.U.R. eru samtök tónskálda sem standa reglulega fyrir tónleikum og hátíðum. Tónleikarnir verða í sal Tónverkamiðstöðvar Íslands, Skúlatúni 2, efstu hæð.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON
28.12.11–03.01.12




**1** **Almanak háskóla Íslands 2012**
Þorsteinn Sæmundsson



**2** **Þóra - heklbók**
Tinna Þórudóttir Þorvaldsd.




**3** **Maggi mús heldur jól**
Bergvin Oddsson



**4** **Konur eiga orðið 2012**
Kristín Birgisdóttir ritst.




**5** **Almanak Íslenska þjóðvina-félgasins** - Ýmsir höfundar




**6** **Ég man þig - kilja**
Yrsa Sigurðardóttir



**7** **The 13 Yule Lads of Iceland**
Brian Pilkington




**8** **Happ happ húrra** - Unnur Ólafsdóttir og Erna Sverrisd.




**9** **The Yule Lads**
Brian Pilkington




**10** **1001 Þjóðleið**
Jónas Kristjánsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU
Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**LITRÍK FJÖLSKYLDA** Hér eru þau Kristbjörg Kjeld og Jóhann Sigurðarson í hlutverkum sínum, sem amma og frændi systkinanna Fannýar og Alexanders. Þau systkinin búa við litskrúðugt og ástríkt fjölskyldulíf, sem skuggi fellur á þegar faðir þeirra deyr. MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

# Fjölskyldu- og átakasaga frumflutt á þrettándanum

**Um 20 leikarar koma að leikritinu Fanný og Alexander sem verður frumsýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins á þrettándanum, næstkomandi föstudag, í leikstjórn Stefáns Baldurssonar.**

Hin mikla fjölskyldu- og átakasaga Fanný og Alexander eftir Ingmar Bergman verður frumflutt á Stóra sviði Borgarleikhússins á föstudaginn kemur, nánar tiltekið á þrettándanum. Stefán Baldursson er leikstjóri og höfundur leikgerðarinnar, sem hann vann upp úr handriti að sjónvarpsþáttum Bergmans um systkinin Fanný og Alexander og fjölskyldu þeirra. Þættina stytti hann síðan í kvikmynd árið 1982, en hún var síðasta kvikmyndaverk Bergmans.

Leikhúsgestir fá að kynnast systkinunum Fanný og Alexander, sem alast upp við mikið ástríki víðsýnnar og litríkrar leikhúsfjölskyldu. Breytingar verða á högum þeirra þegar faðir þeirra deyr og móðir þeirra giftist biskupnum í bænum. Við það breytist líf þeirra í martröð. „Þarna er stillt upp mismunandi lífsviðhorfum, bæði í uppeldismálum og því hvernig fólk kýs að lifa sínu lífi,“ segir Stefán. „Ég vona að fólk hafi gaman af þessu. Þetta er sterk og mögnuð saga, heilmikið drama sem verður spennandi og næstum því ævintýralegt þegar á líður. Við höfum sett þetta í búning ævintýrisins og losum okkur frá umhverfisraunsæi kvikmyndarinnar og sjónvarpsins. Sviðsmyndin er innblásin af leikhúsinu hans Alexanders, sem hann fær í gjöf í upphafi verksins. Leikmyndin er stækkuð mynd af því. Það má segja að þetta sé heimurinn séð með augum Alexanders.“

Ingmar Bergman hefur lengi verið í uppáhaldi hjá Stefáni, eða allt frá því að hann horfði á bíómyndir hans á unglingsárunum. „Ég hef alltaf haldið mikið upp á Ingmar Bergman og hann hefur verið mér innblástur á margan hátt. Hann kenndi mér meðal annars í háskólanum, þegar ég var að læra leikstjórn og leikhúsfræði í Svíþjóð. Hann var mjög áberandi á meðan ég var þarna úti, bæði í kvikmyndum en ekki síður í leikhúsinu, þar sem hann hefur ekki síður verið áberandi í Svíþjóð, þótt hann sé heimsfrægur fyrir bíómyndirnar.“



**STEFÁN BALDURSSON LEIKSTJÓRI** Sænski kvikmyndaleikstjórinn og leikhúsmaðurinn Ingmar Bergman, höfundur kvikmyndarinnar um Fanný og Alexander, hefur lengi verið Stefáni innblástur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það eru um 30 ár frá því að sjónvarpsþættir Bergmans um Fanný og Alexander voru frumfluttir. Það var hins vegar fyrst í desember árið 2009, sem verkið var sett upp á sviði, þegar það var heimsfrumsýnt í Þjóðleikhúsi Norðmanna. Sú uppfærsla varð sú vinsælasta í sögu leikhússins. Síðan hefur verkið verið sett upp í nokkrum leikhúsum á Norðurlöndum, en það verður frumflutt í Svíþjóð í febrúar.

Stór hópur fólks úr ýmsum áttum kemur að sýningunni. Þórarinn Eldjárn annaðist íslenska þýðingu, tónlistarstjórn er í höndum Jóhanns G. Jóhannssonar, Vytautas Narbutas hannaði leikmyndina, Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir búningana og Björn Bergsteinn Guðmundsson sér um lýsinguna. Með helstu hlutverk fara þau Hilmar Guðjónsson, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Katrín Ynja Hrafnkelsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason, Kristbjörg Kjeld og Gunnar Eyjólfsson. Í heild taka 20 leikarar þátt í sýningunni.

holmfridur@frettabladid.is

# Teiknismiðja í Hafnarhúsi

Í Hafnarhúsinu, næstkomandi sunnudag klukkan þrjú, leiðir Hugrún Þorsteinsdóttir safnakennari skapandi teiknismiðju og leiðsögn sem sérstaklega er sniðin fyrir börn á aldrinum fimm til tíu ára, en þátttöku foreldra er líka vænst.

Í upphafi verður gengið um tvær sýningar Errós þar sem ljósi er varpað á teikningar hans annars vegar og plaköt hans hins vegar. Í smiðjunni verða valin verk skoðuð og notuð sem kveikja að skapandi teiknismiðju. Smiðjan byggir á spuna og öðrum fjölbreyttum æfingum í teikningu.




**SÝNA Í GALLERÍ KLÓSETTI** Verk eftir Etienne de France sem er meðal þeirra sem sjá má á sýninguni sem opnar á laugardag.

# Sýna um heim allan

**Hópurinn CONCLUSION OF SOLUTION byrjar árið hjá Gallerí Klósetti 2012 með sinni allra fyrstu sýningu á laugardaginn. Hópurinn samanstendur af sjö listamönnum, þeim Etienne de France, Jóhönnu Kristbjörgu Sigurðardóttur, Loga Bjarnasyni, Páli Hauki Björnssyni, Rakel McMahon, Unndóri Agli Jónssyni og Þorgerði Ólafsdóttur.**

**Myndlistarmennirnir eiga það sameiginlegt að hafa útskrifast frá Listaháskóla Íslands á árunum 2008 til 2009 en eru nú á víð og dreif um jarðkringluna að sinna ólíkum verkefnum.**

**Þessi upphafssýning CONCLUSION OF SOLUTION mun svo leiða af sér áframhaldandi sýningaröð næstu árin í þeim borgum sem listamennirnir eru búsettir í og að því ferli loknu verður afrakstur sýninganna sýndur hér heima á Íslandi.**

**Sýningin hefst klukkan átta í Galleríi Klósetti sem er við Hverfisgötu 61.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 05. janúar 2012**

### Tónleikar

**19.30** Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands verða haldnir í Hörpu. Einsöngur verður í höndum Sigrúnar Hjálmtýsdóttur, Diddú. Stjórnandi tónleikana er Willy Büchler sem er aðalgestastjórnandi Strausshátíðarhljómsveitarinnar í Vínarborg. Miðaverð er frá kr. 3.000.



### Leiklist

**19.30** Leikritið Hreinsun í leikstjórn Stefáns Jónssonar verður sýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins. Meðal leikara eru Margrét Helga Jóhannsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Þorseinn Bachmann. Miðaverð er kr. 4.300.

### Tónlist

**22.00** Dj Seth þeytir skífum á Glaumbar.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Gissur og Garðar verða í hlutverki Rodolfo

„Þetta leggst rosalega vel í mig. Það var gaman að vera í Töfraflautunni fyrir jólin, fyrstu uppfærslu Óperunnar í Hörpu, svo tilhlökkunin er mikil að syngja þar aftur," segir Garðar Thór Cortes, sem tekur þátt í uppfærslu Íslensku óperunnar á La bohème sem verður frumsýnd í Eldborg í Hörpu 16. mars.

Í aðalhlutverkum verða Hulda Björk Garðarsdóttir sem Mimì, og Gissur Páll Gissurarson sem Rodolfo, en Þóra Einarsdóttir og Garðar Thór syngja sömu hlutverk á tveimur sýningum.

La bohème er ein elskaðasta ópera allra tíma. Í henni segir frá hópi bóhema í París á síðari hluta 19. aldar, sem þrátt fyrir fátækt og vosbúð kunna að njóta lífsins. En það skiptast á skin og skúrir í lífi unga fólksins og eins og í svo mörgum óperum endar sagan með harmrænum hætti. Óperan var fyrst sýnd á Ítalíu árið 1896 en fór svo eins og eldur í sinu um heiminn. Í dag skipar hún fjórða sæti á lista yfir þær óperur sem oftast eru settar á svið.

Af öðrum sem fara með hlutverk í óperunni má nefna að Ágúst Ólafsson fer með hlutverk Marcello, Jóhann Smári Sævarsson hlutverk Colline, Bergþór Pálsson syngur hlutverk Benôit og Alcindoro, og Herdís Anna Jónasdóttir syngur hlutverk Musettu. Þá syngur Kór Íslensku óperunnar í sýningunni, auk þess sem barnakór tekur þátt í uppfærslunni. Hljómsveit Íslensku óperunnar leikur og er konsertmeistari Sigrún Eðvaldsdóttir. - hhs



**GARÐAR THÓR CORTES OG GISSUR PÁLL GISSURARSON** Fara báðir með hlutverk Rodolfo í uppfærslu Íslensku óperunnar á La Bohème sem verður frumsýnd í Hörpunni 16. mars.




# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 11 FIMMTUDAGUR OPNUM

598 KR. 750 ML
BERIO EXTRA VIRGIN OLÍA

KOMIN AFTUR
1998 KR. 10 KG.
ROYAL JASMINE HRÍSGRJÓN
10 KG. POKI

Barilla
249 KR. 1 KG.
BARILLA SPAGHETTI 1 KG.

198 KR. 750 ML
HUNTS PASTASÓSUR 750 ML.

## FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR

1995 KR. KG
FERSKAR BRINGUR

679 KR. KG
FERSKIR LEGGIR

898 KR. KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK

ALLTAF NÝBAKAÐ Í BÓNUS

259 KR. 4 STK.
LANGLOKUR 4 STK.

259 KR. 4 STK.
KJALLARABOLLUR M.OSTI

498 KR. KG
ALI REYKT MEDISTERPYLSA

TILBOÐ
ALI BJÚGU
398 KR. 750 GR
ALI GRÍSABJÚGU 4 STK.

ÍSLANDSFUGL
HEILL FROSINN KJÚKLINGUR
659 KR.KG

798 KR. 620 GR
KF FROSIÐ NAUTAHAKK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KLUKKAN 11 FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 11




FROSNIR ÁVEXTIR
Í HEILSUDRYKKINN






PHILIPS




**BLANDARI / MIXER**
600 WATTS
(SÉRVÖRUVERSLANIR)




**VILLT ÍSLENSK AÐALBLÁBER OG KRÆKIBER 240 GR**
FRÁ BERJABÚINU Á VÖLLUM







**GRÍSAVEISLU FERSK PURUSTEIK**




**CHEERIOS 518 GR**




*FJÓRIR FERSKIR 80 GR NAUTAVEISLU*
## NAUTAHAMBORGARAR
MEÐ BRAUÐI




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | 3 |
| | 1 | 5 | 4 | | | | | 9 |
| 2 | | 3 | | 5 | 1 | 4 | | |
| | | | | 8 | | | 9 | 6 |
| | | 4 | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | | 1 | | | | |
| | | 1 | 5 | 2 | | 7 | | 8 |
| 5 | | | | | 3 | 9 | 6 | |
| 4 | | | | | | | | 5 |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS



**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu vildartengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# Fólk

folk@frettabladid.is



34 **ERU LIÐIN** frá fæðingu hinnar bráðhuggulegu January Jones úr Mad Men-þáttunum.

## Moore opnar sig



Demi Moore tjáir sig á mjög opinskáan hátt um skilnað sinn og Ashtons Kutcher í viðtali við bandaríska glamúrtímaritið Harper's Bazaar. Þar kemur meðal annars fram að sambandi þeirra hafi verið lokið í nóvember en þá höfðu fjölmiðlar velt sér upp úr hjónabandinu og stöðu þess í nokkrar vikur.

Moore viðurkennir að eftir tvö misheppnuð hjónabönd óttist hún að hinn eini sanni sé ekki til. „Ég hræðist það mest að þegar ég stend nú á þessum tímamótum að ég sé ekki þess verð að vera elskuð," segir Moore af mikilli hreinskilni. „Að ég verðskuldi hreinlega ekki að vera elskuð, að eitthvað sé að mér."

Moore segist jafnframt hafa verið niðurbrotin þegar skilnaðurinn var yfirvofandi en hún sé óðum að jafna sig. „Ég óttaðist virkilega að vera yfirgefin þar til góður vinur minn útskýrði fyrir mér að aðeins börn væru yfirgefin, ekki fullorðið fólk, það hefði alltaf eitthvert val."

**ÓTTAST ÁSTLEYSIÐ** Demi Moore óttast að vera ekki þess verðug að vera elskuð og að sá eini rétti sé hreinlega ekki til.


ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

**Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn föstudaginn 13. janúar 2012, kl. 15.00 í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.**

**Dagskrá:**

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15.grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar til handa félagsstjórntil kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofunni í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ á fundardag.

Mosfellsbæ 5. janúar 2012
Stjórn ÍSTEX hf.



ÖFLUGIR VINNUÞJARKAR




109.900 m/vsk
Fullt verð 124.900

94DCK296CS
BORVÉL 18V, OG SKRÚFVÉL 10V
13mm patróna | 2 x 1,5Ah Li-Ion | 2 gírar | Led ljós
1/4" Hex | 2 x 1,3Ah Li-Ion | 8 Nm | Sterk taska

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði




**VINSÆLL** Ryan Seacrest er orðinn vanur kynnir og vinsæll meðal áhorfenda. NORDICPHOTOS/GETTY



**HRESSANDI** Lady Gaga söng fyrir áhorfendur.

# Árinu fagnað á TIMES SQUARE

**Fræga fólkið var samankomið á Times Square í New York um áramótin en þar er allajafna bein útsending í sjónvarpinu og talið er niður í komu nýs árs. Hinn eini sanni Ryan Seacrest sá um að kynna herlegheitin ásamt leikkonunni Jenny McCarthy en þau kynntu meðal annars til leiks vinsælustu tónlistarmenn ársins 2011, Justin Bieber og Lady Gaga, sem tóku lagið. Rappararnir Pitbull og Drake komu einnig fram fyrir mannfjöldann á Times Square sem fagnaði nýja árinu með tilheyrandi húllumhæi.**



**STÓÐ SIG VEL** Jenny McCarthy stóð vaktina á gamlárskvöld sem kynnir kvöldsins.



**GÓÐIR SAMAN** Rapparinn Pitbull og Justin Bieber stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.



**KLÆDDUR Í PELS** Rapparinn Cee Lo Green mætti á Times Square í sínu fínasta pússi.



**NÝÁRSKOSS** Borgarstjóri New York, Michael Bloomberg, fékk góðan koss frá Lady Gaga þegar nýja árið gekk í garð.

## Leikur óvænt í Vesalingunum

„Þetta leggst vel í mig. Það er gaman að vera kominn þarna aftur," segir Þórhallur Sigurðsson, Laddi.

Hann hefur tekið við hlutverki kráareigandans Thénardiers í söngleiknum Vesalingarnir sem verður frumsýndur í Þjóðleikhúsinu í mars. 22 ár eru liðin síðan Laddi steig síðast á fjalirnar í Þjóðleikhúsinu, eða þegar hann lék Fagin í söngleiknum Oliver!.

Hringt var í Ladda rétt fyrir áramót og hann beðinn um að taka að sér hlutverkið eftir að Örn Árnason heltist úr lestinni vegna anna með Spaugstofunni. „Það var eiginlega tekin ákvörðun á gamlársdag. Þetta gerðist svo snöggt að ég hafði ekki tíma til að segja nei."

Æfingar fyrir Vesalingana eru nýhafnar og segist Laddi hafa verið svolítið nervus fyrstu dagana en allt eigi eftir að fara vel. Aðspurður segist hann vera í góðu söngformi, enda stóð hann sig með prýði í áramótaþætti Hljómskálans í Sjónvarpinu. „Það er búið að hrósa mér fyrir það, bæði fyrir Snjókorn falla og Búkollu, þannig að ég hlýt að vera í ágætisformi," segir hann hógvær. „Maður er svo sem ekkert sísyngjandi en ég hlýt að komast í gott form með því að syngja á hverjum degi."

Með aðalhlutverkið í Vesalingunum fer Þór Breiðfjörð sem hefur sungið sama hlutverk á West End í London. Nokkrir leikarar koma fram í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu í söngleiknum, eða þau Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Bjarni Snæbjörnsson, Jana María Guðmundsdóttir og Orri Huginn Ágústsson. -fb



**SNÝR AFTUR Í ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Laddi snýr aftur í Þjóðleikhúsið eftir 22 ára fjarveru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Stjörnuljós
Flugeldasala
Glæsileg
Þrettándatilboð
30-50 %
Afsláttur
Af öllum vörum
meðan birgðir endast
Opið 10:00 - 20:00
5. og 6.Janúar
Smiðjuvegi 9a
Dalvegi 4
Kópavogi

# Beckham kastar klæðum fyrir H & M

Auglýsingaherferð nýrrar undirfatalínu Davids Beckham fyrir Hennes & Mauritz var frumsýnd í vikunni en þar leikur knattspyrnuhetjan sjálf aðalhlutverkið. Á myndunum má sjá Beckham klæðast nærbuxum og hlýrabol úr eigin smiðju. Um er að ræða herranærfatnað sem kemur í yfir 1.800 verslanir sænska verslanarisans út um allan heim í febrúar. Samstarf H&M við Beckham einskorðast ekki við þessa einu línu en hann á að hanna fleiri nærfatalínur fyrir verslunina, og jafnvel dömufatnað, í framtíðinni.

„David Beckham er mikill áhrifavaldur innan íþrótta- og tískuheimsins og við hlökkum til að eiga við hann langt og farsælt samstarf,“ segir Ann-Sofie Johansson, yfirhönnuður H&M, við breska blaðið Telegraph.

Beckham-hjónin hafa því bæði haldið innreið sína inn í tískuheiminn en eins og flestir vita hannar Victoria Beckham föt undir sínu nafni við góðan orðstír.



**HÚÐFLÚR** David Beckham er ófeiminn við að sýna öll húðflúrin sem þekja líkama hans á myndunum. MYND/HM



**DULARFULLUR** David Beckham tekur sig vel út í þessum hlýrabol en forsvarsmenn Hennes & Mauritz segja að nærfatnaðurinn frá kappanum verði á viðráðanlegu verði.



**HEIÐRAÐUR** Martin Scorsese fær Baftaheiðursverðlaun í næsta mánuði.

# Heiðraður á Bafta-hátíð

**Bandaríski leikstjórinn Martin Scorsese verður heiðraður af bresku kvikmyndaakademíunni á Bafta-verðlaununum í næsta mánuði. Áður hafa leikstjórarnir Steven Spielberg, Alfred Hitchcock og Stanley Kubrick fengið verðlaunin.**

**Formaður dómnefndarinnar sagði Scorsese goðsögn í lifanda lífi sem hafi veitt ungum leikstjórum mikinn innblástur. Síðasta mynd Scorsese, Hugo, hefur fengið mjög góðar viðtökur. Fleiri myndir á ferilsskrá hans eru Taxi Driver, Goodfellas og The Departed sem hann fékk Óskarinn fyrir 2007.**



**MINNIST WINEHOUSE** Patti Smith samdi ljóð sem varð að lagi um söngkonuna Amy Winehouse, sem lést á síðasta ári.

# Patti samdi lag um Amy

**Söngkonan Patti Smith hefur samið lag um Amy Winehouse, sem lést í júlí á síðasta ári 27 ára gömul.**

**Í viðtali við tímaritið Uncut sagði Smith að lagið yrði á væntanlegri plötu söngkonunnar. „Þetta litla lag sem er helgað Amy blómstraði í hljóðverinu,“ sagði Patti Smith. „Við vorum þar að vinna í annarri tónlist þegar Amy lést. Ég skrifaði lítið ljóð og bassaleikarinn minn, Tony Shanahan, kom með smá laglínu og þetta tvennt passaði fullkomlega saman.“**






# Vinsælustu forsíðustúlkurnar

Árlega gerir Audit Bureau of Circulations í Bretlandi könnun hvaða tímarit seldust best á árinu og þá hvaða forsíður vöktu áhuga flestra lesenda árið 2011. Það eru leikkonurnar Sarah Jessica Parker og Jennifer Aniston sem prýddu forsíður mest seldu tímarita ársins 2011.

Jennifer Aniston var framan á júlíútgáfu breska tískutímaritsins Marie Claire sem seldist mjög vel sem og nóvember-tölublaði ELLE en áhugi lesenda á leikkonunni virðist hafa orðið meiri eftir að hún byrjaði með leikaranum Justin Theroux á vormánuðum 2011.

Parker hins vegar kom janúarútgáfu Elle í metsölu sem og aðalblaði ársins, ágústútgáfu tískubiblíunnar Vogue, sem er allajafna mest selda blað ársins. Nýstirnið á þessum lista er leikkonan unga Mila Kunis en hún var á forsíðu karlatímaritsins GQ í ágúst í fyrra og seldist það blað í 205 þúsund eintökum sem er met hjá blaðinu. Kunis sló í gegn með leik sínum í Black Swan árið 2010.

Vinsældir Kim Kardashian virðast hins vegar vera að dala því blöð sem raunveruleikastjörnuna á forsíðunni stóðu ekki undir væntingum en árið 2010 var hún vinsælasta forsíðustúlkan.



**SÖLUVÆN** Bandaríska leikkonan Jennifer Aniston á stóran aðdáendahóp sem greinilega er ekki orðinn þreyttur á að lesa við hana viðtöl.



**VINSÆL** Sarah Jessica Parker prýddi forsíður mest seldu blaða ársins 2011.



**SLÓ MET** Tímaritið GQ sló sölumet er þeir settu leikkonuna ungu Milu Kunis á forsíðuna.

NORDICPHOTOS/GETTY



**Á NIÐURLEIÐ** Vinsældir Kim Kardashian virðast vera að dala því að sem forsíðustúlka selur hún ekki jafn mörg blöð í fyrra og hún gerði árið 2010.



**SKÁLDSAGA** Leikarinn James Franco ætlar að gefa út sína fyrstu skáldsögu.

## Sendir frá sér skáldsögu

**Leikarinn James Franco ætlar að gefa út sína fyrstu skáldsögu, Actors Anonymous, á vegum útgáfufélagsins Amazon Publishing. Að sögn blaðsins New York Observer verður sagan lauslega byggð á ævi leikarans, sem er 33 ára.**

**Franco hefur áður gefið út smásagnabókina Palo Alto sem kom út í júlí síðastliðnum hjá forlaginu Scribner. Hann er þekktastur fyrir leik sinn í myndum á borð við Spider-Man og 127 Hours. Fyrir síðarnefndu myndina fékk hann tilnefningu til Óskarsverðlaunanna.**

## Hætt við skilnaðinn

**Söngkonan Sinéad O´Connor er hætt við að skilja við fjórða eiginmann sinn, Barry Herridge. Parið gifti sig óvænt í Las Vegas í byrjun desember en hætti saman aðeins sextán dögum síðar.**

**O´Connor, sem hélt tónleika í Fríkirkjunni síðasta haust, ákvað að hætta með Herridge eftir þrýsting frá ættingjum hans og vegna þess að hann var ósáttur við að hún skyldi reyna að kaupa eiturlyf á brúðkaupsnótt þeirra. Núna hafa þau tekið saman á nýjan leik, að því er O´Connor heldur fram á Twitter.**

**HÆTT VIÐ** Sinéad O´Connor er hætt við að skilja við fjórða eiginmann sinn.






SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Gleðilegt nýtt bíóár!




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SITTER | KL. 6 - 8 – 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 4.45 - 8 - 9 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MI-GHOST PROTOCOL | KL. 6 - 8 - 10.50 | 16 |
| MI-GHOST PROTOCOL LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 | 16 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN | KL. 3.40 | |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES | KL. 6 - 8 - 10.40 | 12 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6.45 - 9 - 10 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 6 | L |
| JACK AND JILL | KL. 10.20 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA | KL. 5.40 - 8 | 7 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE SITTER | KL. 8 - 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6 - 9 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 6 | L |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE SITTER | 8, 10 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | 6.45, 10 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 7, 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNANIR | 6 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10 - 10:40 - 10:50 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:50 - 8 - 8:20 - 10:30 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |
| HAROLD AND KUMAR Með texta | kl. 8(2D) | 2D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE 2 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 8 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 8 - 10:30 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 8 - 10:30 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | kl. 8 | 2D | 16 |
| HAROLD & KUMAR 3D ótextuð | kl. 11 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:50 | 2D | 12 |

ALVÖRU FRÍÐINDI
kynntu þér SAMbíóklúbbinn á
SAMbio.is
SAMbio.is SAMBÍÓIN



**EKKI ÁHUGASAMIR** Lítill áhugi er á amerísku útgáfunni af Karlar sem hata konur. Aðeins 3.700 hafa séð myndina hér á landi í þann hálfa mánuð sem hún hefur verið sýnd en tæplega nítján þúsund sáu sænsku útgáfuna fyrir þremur árum. Myndin hefur engu að síður fengið flottar viðtökur gagnrýnenda og aðalleikkonan, Rooney Mara, er tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna.

# Lítill áhugi á amerískri útgáfu af Lisbeth Salander

**Þrátt fyrir flotta dóma og mikla umfjöllun hafa aðdáendur Stiegs Larsson tekið amerísku útgáfunni af Körlum sem hata konur heldur fálega. Aðsóknin hefur verið dræm hérlendis.**

Kvikmyndaver Sony hefur tilkynnt að það hafi enn í hyggju að gera myndir tvö og þrjú eftir bókum Stiegs Larsson í Millennium-þríleiknum svokallaða þrátt fyrir að fyrstu myndinni, Karlar sem hata konur, hafi ekki tekist að slá í gegn. Talsmaður Sony lýsti þessu yfir í samtali við Entertainment Weekly.

Þar kom jafnframt fram að Daniel Craig og Rooney Mara hefðu þegar samið um að leika tvíeykið Mikael Blomkvist og Lisbeth Salander í næstu tveimur myndum en ekki liggur fyrir hvort leikstjórinn David Fincher endurtaki leikinn. Hann hefur hins vegar þegar gefið það út að ef handritið að mynd númer tvö sé gott komi það sterklega til greina en ráðgert er að hún verði frumsýnd seint á næsta ári. Karlar sem hata konur hefur „eingöngu“ þénað sextíu milljónir dollara í miðasölu í Bandaríkjunum frá því að hún var frumsýnd 21. desember. Á heimsvísu hefur myndin halað inn 72 milljónum dollara. Myndin kostaði rúmlega níutíu milljónir dollara. Viðbrögð gagnrýnenda hafa hins vegar verið góð, rottentomatoes.com gefur myndinni 86 prósent og metacritic.com 71 af hundrað. Þá hefur Rooney Mara verið tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna fyrir frammistöðu sína sem Lisbeth Salander.



Sömu sögu er að segja af Íslandi því þar virðist ameríska útgáfan ekki ætla að hitta í mark þrátt fyrir að bækur Larsson hafi notið mikilla vinsælda.

Eftir tvær vikur í sýningu hafa rúmlega 3.700 séð myndina en til samanburðar má nefna að tæplega nítján þúsund sáu sænsku útgáfuna á jafn löngu tímabili í lok september árið 2009.

**freyrgigja@frettabladid.is**

# Fuglahræða á ferð og flugi

Bíó ★★★

**This Must Be the Place**

Leikstjórn: Paolo Sorrentino

**Leikarar:** Sean Penn, Frances McDormand, Judd Hirsch, Harry Dean Stanton, David Byrne, Eve Hewson, Kerry Condon

Sean Penn leikur Cheyenne, nýbylgjurokkstjörnu sem hefur lagt hljóðnemann á hilluna og slæpist nú í höllinni sinni í Dublin. Við fylgjumst með ferðalagi hans sjóleiðis til Bandaríkjanna (hann er flughræddur) og leit hans að fyrrverandi nasistaforingja í felum. Á leið sinni hittir hann marga kynlega kvisti en þarf að horfast í augu við sjálfan sig um leið. Klassísk flétta og þá sérstaklega í vegamyndum sem þessari.

Cheyenne er hálfgert bergmál af persónu sem eitt sinn var, en eiturlyfjaneysla fortíðarinnar



hefur tekið sinn toll og stundum veit áhorfandinn ekki hvað er raunverulegt og hvað eru ofskynjanir. Penn er frábær leikari og tekst á endanum að láta mann gleyma kjánalega goth-fuglahræðugervinu sem hann er í. Auk þess að sjá um tónlistina í myndinni leikur söngvarinn David Byrne (úr hljómsveitinni Talking Heads) sjálfan sig og eru hann og Cheyenne gamlir vinir. Cheyenne öfundar Byrne sem hann álítur sannan listamann, öfugt við sjálfan sig, en hann segist vera fúskari hvers sérviska og lagasmíðar voru einungis í þágu vinsælda.

Stundum finnst mér eins og Sorrentino (leikstjóri myndarinnar) reyni að villa um fyrir áhorfandanum. Innan um flottar og táknrænar senur leynast aðrar sem jaðra við tilgangslausan súrrealisma og verða þreytandi til lengdar. Á ég að gera greinarmun á hinni sönnu list og handahófskenndri tilgerð? Hvort þessar andstæður eigi að endurspegla persónuleika Cheyenne veit ég ekki, en það sem dregur This Must Be the Place helst niður í gæðum er lengd hennar. Ég get þó mælt með henni fyrir þá forvitnu og víðsýnu en myndin er full af frábærri tónlist, skemmtilega skrýtnum senum og kvikmyndatakan er upp á tíu.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Ekki fyrir alla en áhugaverð og falleg mynd.

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FIMMTUDAGUR: THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ ELDFJALL 18:00, 20:00 ■ SUPER-CLASICO 20:00, 22:00 ■ PARTIR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00
ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

GLEÐILEGT NÝTT ÁR!
Bíó Paradís er frá 1. janúar hluti af
EUROPA CINEMAS
EUROPA CINEMAS



# SÖNGSKÓLI
## Maríu Bjarkar

# Skráning í fullum gangi fyrir vorönn

Námskeið fyrir alla aldurshópa börn-unglingar-fullorðnir, byrjendur jafnt sem lengra komna.

- Forskólinn 3-5 ára:
- Börn 5-12 ára:
- Unglingar 13-15 ára:
- Fullorðnir:
- Complete Vocal Technique:



Við erum með skemmtileg verkefni sem tengist kvikmyndum á árinu 2012 og leitum af börnum frá aldrinum 3ja- 12 ára . Við byrjum á því að velja börn úr Söngskólanum.

## Sími: 588 1111 • www.songskolimariu.is





- NÝTT Píanónám eftir eyranu!
- Hljóðfæranám spilar stórt hlutiverk í að ná árangri í söng.
- Námskeið fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.
- Nemendur öðlist færni í að spila á píanó eftir eyranu og spila undir eigin söng.

Kennari Guðrún Árný

Ágústa



Emilía



Sessý



Regína



Sara



Ína



Guðrún Árný



Skráning og upplýsingar: Sími: 588 1111 & 897 7922 • Fákafeni 11 • www.songskolimariu.is • songskolimariu@songskolimariu.is

# sport

sport@frettabladid.is

11 DAGAR EM í handbolta 2012

**ÓLAFUR STEFÁNSSON** er eini Íslendingurinn sem hefur náð því að verða markakóngur á Evrópumóti. Ólafur varð markahæstur á EM í Svíþjóð 2002 þegar hann skoraði 58 mörk í átta leikjum eða 7,3 mörk að meðaltali í leik og hafði betur í baráttunni við Svíann Stefan Lövgren. Ólafur gaf einnig 54 stoðsendingar í þessum átta leikjum og kom því með beinum hætti að 112 mörkum íslenska liðsins.

## ÚRSLIT Í GÆR

*Iceland Expr. kvenna í körfu*

**Keflavík-Fjölnir 82-69 (47-48)**
**Stig Keflavíkur:** Jaleesa Butler 20 (17 frák./5 varin) Sara Rún Hinriksdóttir 19 (13 frák.), Pálína Gunnlaugsdóttir 17 (8 frák./10 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 16, Telma Lind Ásgeirsdóttir 5, Helga Hallgrímsdóttir 4, Hrund Jóhannsdóttir 1.
**Stig Fjölnis:** Brittney Jones 27, Katina Mandylaris 17 (22 frák.), Erla Sif Kristinsdóttir 7, Hugrún Valdimarsd. 4, Eva María Emilsd. 4, Heiðrún Ríkharðsd. 4, Birna Eiríksd. 3, Bergdís Ragnars. 3.

**Snæfell-Valur 72-87 (41-47)**
**Stig Snæfells:** Kieraah Marlow 26, Hildur Sigurdardottir 15, Hildur Björg Kjartansdóttir 10 (11 frák.), Alda Leif Jónsdóttir 8, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 4, Björg Guðrún Einarsdóttir 4, Ellen Alfa Högnadóttir 3, Berglind Gunnarsd. 2.
**Stig Vals:** Melissa Leichlitner 26 (5 stolnir), Kristrún Sigurjónsdóttir 18, María Ben Erlingsdóttir 18, Guðbjörg Sverrisdóttir 11, María Björnsdóttir 4, Þórunn Bjarnadóttir 3, Unnur Ásgeirsd. 3, Hallveig Jónsd. 2, Lacey Simpson 2.

**Njarðvík-Haukar 87-70 (48-25)**
**Stig Njarðvíkur:** Shanae Baker-Brice 20, Lele Hardy 20 (12 frák.), Erna Hákonardóttir 12, Petrúnella Skúladóttir 11, Ólöf Helga Pálsdóttir 9, Salbjörg Sævarsdóttir 5, Ína María Einarsdóttir 4, Harpa Hallgrímsdóttir 4, Emelía Grétarsdóttir 2.
**Stig Hauka:** Jence Ann Rhoads 27, Íris Sverrisdóttir 18, Gunnhildur Gunnarsdóttir 9, Hope Elam 9, Auður Ólafsd. 5, María Lind Sigurðar. 2.

**Hamar-KR 67-75 (30-42)**
**Stig Hamars:** Samantha Murphy 25, Katherine Graham 23 (6 stoðs./8 stolnir), Marín Davíðs-dóttir 10, Íris Ásgeirsdóttir 5, Álfhildur Þorsteinsdóttir 2 (11 frák.), Kristrún Antonsd. 2.
**Stig KR:** Erica Prosser 22 (5 stoðs./7 stolnir), Margrét Kara Sturludóttir 14 (21 frák./5 stoðs.), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 12, Bryndís Guðmundsdóttir 10, Hafrún Hálfdánardóttir 6, Anna María Ævarsdóttir 6, Helga Einarsdóttir 5.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **15** | **12** | **3** | **1183-1051** | **24** |
| Njarðvík | 15 | 11 | 4 | 1259-1118 | 22 |
| **KR** | **15** | **9** | **6** | **1119-1029** | **18** |
| Haukar | 15 | 8 | 7 | 1115-1092 | 16 |
| **Snæfell** | **15** | **8** | **6** | **1041-1064** | **16** |
| Valur | 15 | 6 | 9 | 1055-1119 | 12 |
| **Fjölnir** | **15** | **4** | **11** | **1098-1240** | **8** |
| Hamar | 15 | 2 | 13 | 1018-1175 | 4 |

*Enska úrvalsdeildin:*

**Everton - Bolton 1-2**
1-0 Tim Howard (63.), 1-1 David N'Gog (67.), 1-2 1-2 Gary Cahill (78.)

**Newcastle - Manchester United 3-0**
1-0 Demba Ba (33.), 2-0 Yohan Cabaye (47.), 3-0 Sjálfsmark Phil Jones (90.).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. City** | **20** | **15** | **3** | **2** | **56-16** | **48** |
| Man. United | 20 | 14 | 3 | 3 | 49-20 | 45 |
| **Tottenham** | **19** | **13** | **3** | **3** | **36-20** | **42** |
| Chelsea | 20 | 11 | 4 | 5 | 39-25 | 37 |
| **Arsenal** | **20** | **11** | **3** | **6** | **36-28** | **36** |
| Liverpool | 20 | 9 | 7 | 4 | 24-18 | 34 |
| **Newcastle** | **20** | **9** | **6** | **5** | **29-25** | **33** |



**DEMBA BA** Var áfram á skotskónum á móti United í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Allt um leiki gærkvöldsins
er að finna á
vísir.is

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# Enn margir óvissuþættir

**Átján leikmenn eiga enn möguleika á að komast í landsliðshóp Íslands fyrir EM í Serbíu en landsliðið heldur utan í dag til Danmerkur þar sem strákarnir munu spila á æfingamóti. Nokkrir lykilmenn landsliðsins eru þó að glíma við meiðsli.**

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi í gær átján leikmenn sem hann mun taka með sér á æfingamót í Danmörku sem fer fram nú um helgina. Leikið verður við heimamenn, Pólverja og Slóvena, en síðastnefnda þjóðin er einnig með Íslandi í riðli á Evrópumeistaramótinu sem hefst í Serbíu þann 15. desember næstkomandi.

Guðmundur fær að tilkynna sextán leikmenn í EM-hóp Íslands en nokkrir óvissuþættir eru enn um leikmannahópinn. Snorri Steinn Guðjónsson hefur til að mynda ekkert æft með liðinu í vikunni – hann er enn í Danmörku þar sem kona hans á von á sér. Guðmundur vill því hafa varann á.

„Af þeim sökum hefur Arnór [Atlason] verið mikið á miðjunni og Aron [Pálmarsson] yfirleitt í vinstri skyttunni á æfingum okkar," segir Guðmundur en Ólafur Guðmundsson og Ólafur Bjarki Ragnarsson geta líka leyst þessar stöður. „Vonandi getur Snorri komið eins fljótt og mögulegt er til okkar en þangað til þurfa hinir að vera með sín hlutverk á hreinu."

### Að mörgu að huga

Hann segir að flestir leikmenn séu heilir en þeir Ingimundur Ingimundarson og Alexander Petersson gátu þó lítið sem ekkert æft í gær vegna meiðsla. Ingimundur meiddist á nára á fyrstu æfingu landsliðsins í vikunni og Alexander er tæpur vegna meiðsla í öxl. Svo má geta þess að Arnór Atlason lætur sig hafa það að spila þrátt fyrir brjósklos í baki en ljóst að það er að mörgu að huga hjá Guðmundi.

Aron Rafn Eðvarðsson fer út til Danmerkur sem þriðji markvörður en Guðmundur hefur mikla trú á honum. „Hann fer með svo hann kynnist því betur hvernig það er að vera með landsliðinu. Að mínu mati er hann maður framtíðarinnar - ég er reyndar ekki í vafa um það. Þess vegna viljum gefa honum tækifæri," segir Guðmundur. „Vegna þess og stöðu Snorra Steins förum við með átján menn til Danmerkur en ekki sextán."

Hann útilokar ekki að taka sautján leikmenn með sér til Serbíu og halda einu sæti lausu í sextán manna lokahópnum þegar keppnin hefst. „Við verðum bara að meta það út frá meiðslum leikmanna og hvort við viljum eiga fleiri valkosti úti í Serbíu. Álagið er mikið á svona mótum og því gæti það verið góður kostur."



**HLUSTAÐ AF ATHYGLI** Guðmundur fer yfir málin með leikmönnum íslenska landsliðsins fyrir æfingu í íþróttahúsi Fram í Safamýrinni gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Ánægður með alla leikmennina

Fannar Friðgeirsson og Arnór Þór Gunnarsson eru í æfingahópnum en fara ekki með til Danmerkur. Þeir munu samt æfa áfram með liðinu þegar það kemur heim á mánudaginn. „Ég er mjög ánægður með báða þessa leikmenn og reyndar við alla þá leikmenn sem voru valdir í hópinn. Þeir hafa staðið sig vel á æfingum," segir Guðmundur.

Hann vill að liðið nái vel saman í Danmörku og skili því í leikina sem hafi verið tekið fyrir á æfingum. „Þetta er allt að koma, ég er viss um það. Við viljum líka upplifa að við getum spilað vel og staðið okkur vel svo að menn fái sjálfstraustið í lag. Aðalmálið verður þó að við stöndum okkur vel þegar mótið hefst og það verður ekki heimsendir þótt leikir tapist í æfingamóti. Við töpuðum til að mynda öllum okkar leikjum fyrir Ólympíuleikana í Peking – það er því allur gangur á þessu," sagði þjálfarinn og brosti.

eirikur@frettabladid.is

**Æfingahópurinn**

**Markverðir**
Björgvin Páll Gústavsson, Magdeburg
Hreiðar Leví Guðmundsson, Nötteröy
Aron Rafn Eðvarðsson, Haukum

**Vinstra hornamenn**
Guðjón Valur Sigurðsson, AG Kaupm.
Oddur Gretarsson, Akureyri

**Vinstri skyttur**
Arnór Atlason, AG Kaupmannahöfn
Ólafur Guðmundsson, Nordsjælland

**Leikstjórnendur**
Aron Pálmarsson, Kiel
Ólafur Bjarki Ragnarsson, HK

**Hægri skyttur**
Alexander Petersson, Fücshe Berlin
Rúnar Kárason, Bergischer HC

**Hægri hornamenn**
Þórir Ólafsson, KS Vive Targi Kielce
Ásgeir Örn Hallgrímsson, Hannover

**Línumenn**
Róbert Gunnarsson, R-Neckar Löwen
Kári Kristján Kristjánsson, Wetzlar
Vignir Svavarsson, Hannover-Burgdorf

**Varnarmenn**
Sverre Jakobsson, Grosswallstadt
Ingimundur Ingimundarson, Fram



**GYLFI ÞÓR** Er kominn til Wales þar sem hann mun spila með Swansea í ensku úrvalsdeildinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þýskir fjölmiðlar:

## Gylfi talaði ekki við þjálfarann

**FÓTBOLTI** Holger Stanislawski, þjálfari þýska úrvalsdeildarfélagsins Hoffenheim, segir að hann hafi ekki rætt sérstaklega við Gylfa Þór Sigurðsson áður en gengið var frá lánssamningnum við Swansea. Stanislawski hafi heyrt af yfirvofandi félagaskiptum Gylfa frá umboðsmanni hans.

Hann hafi þó ekki ákveðið að banna Gylfa að fara. „Þetta er eins og þetta er. Við töluðum ekki saman. Þegar leikmaður vill ekki lengur spila með félaginu þá þýðir ekkert að reyna að láta hann skipta um skoðun. Það er tilgangslaust," er haft eftir Stanislawski.

Gylfi er samningsbundinn Hoffenheim til 2014 en óvíst er hvort hann hefur spilað sinn síðasta leik fyrir félagið. Hann fékk fá tækifæri hjá Stanislawski undir það síðasta – aðeins einn leik síðustu tvo mánuðina áður en deildin fór í vetrarfrí.

Samkvæmt könnun sem dagblaðið Rhein-Neckar Zeitung framkvæmdi á heimasíðu sinni voru 82 prósent stuðningsmanna Hoffenheim ósátt við brotthvarf Gylfa. Hafði einn þeirra á orði að miðað við orð þjálfarans væri ekki líklegt að Gylfi myndi snúa aftur – sem væru slæm tíðindi fyrir liðið.

- esá

Atli Hilmarsson, fyrrum landsliðsmaður og faðir Arnórs landsliðsmanns, þekkir stöðu Snorra Steins vel:

# Komu Arnórs í heiminn flýtt svo Atli kæmist á ÓL

**HANDBOLTI** Sú staða sem Snorri Steinn Guðjónsson er í þessa dagana er ekki ný hjá íslenska handboltalandsliðinu. Snorri getur ekki tekið þátt í undirbúningi landsliðsins fyrir EM þar sem hann bíður eftir því að konan hans fæði þeim barn.

Þegar liðsfélagi Snorra hjá AG og landsliðinu, Arnór Atlason, kom í heiminn árið 1984 lá mikið við því faðir Arnórs, Atli Hilmarsson, átti að fara á Ólympíuleikana í Los Angeles með landsliðinu en hann vildi heldur ekki missa af fæðingu frumburðarins.

Atli og fjölskylda voru komin til Þýskalands þar sem hann var búinn að semja við úrvalsdeildarliðið Bergkamen. Ísland komst bakdyramegin inn á leikana tveim mánuðum áður en þeir byrjuðu og þá þurfti að breyta ýmsum plönum.

Arnór er fæddur átta dögum fyrir fyrsta leik íslenska liðsins á Ólympíuleikunum en ákveðið var að flýta keisaraskurði svo Atli kæmist með landsliðinu til Bandaríkjanna.



**EFTIRMINNILEGT ÁR** Árið 1984 mun seint renna Atla Hilmarssyni úr minni. Þá eignaðist hann sitt fyrsta barn, fór á ÓL og spilaði svo í þýsku úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það var alltaf klárt að það þurfti að taka Arnór með keisaraskurði. Mamma hans var fullgengin og allt í góðu. Fæðingunni var samt flýtt um nokkra daga svo ég kæmist á leikana. Á leikana fór ég daginn eftir að Arnór fæddist og náði að komast með liðinu út. Þetta er náttúrlega fáránlegt og myndi aldrei gerast í dag," sagði Atli er hann rifjar upp þennan eftirminnilega viðburð í sínu lífi.

„Ég fór í burtu frá þeim í þrjár vikur með einhverja eina mynd með mér. Þetta var ansi viðburðaríkur tími því þegar ég kem heim fór ég í móttöku á Bessastöðum til forsetans, svo var Arnór skírður og degi síðar er ég farinn til Þýskalands. Þegar við förum aftur út er Arnór orðinn rúmlega þriggja vikna og ég búinn að sjá hann tvisvar," sagði Atli en dvölin í Bandaríkjunum var honum ekki auðveld.

„Ég var engan veginn í sambandi. Það var ekkert Skype og GSM-símar á þessum tíma. Ég þurfti að fara í eitthvert símaver til þess að hringja heim. Þetta var alveg fáránlegt," sagði Atli sem er einn af bestu leikmönnum landsliðsins frá upphafi. Þrátt fyrir erfiða stöðu gekk honum vel á leikunum og var næstmarkahæstur í íslenska liðinu.

„Þetta er auðvitað skemmtileg minning í dag fyrst að þetta fór vel. Ég myndi samt ekki mæla með þessu fyrir neina fjölskyldu. Þessi saga sýnir samt hvað tímarnir hafa breyst mikið."

- hbg


5. - 16. JANÚAR
JANÚAR TILBOÐ!
LÆKKAÐ VERÐ Á VÖLDUM VÖRUM FRÁ:
adidas
asics
hummel
NIKE
PUMA
RUSSELL ATHLETIC
RÖHNISCH
SKECHERS
SPEEDO
INTERSPORT
LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is
ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA
EXPO • www.expo.is

> Stöð 2 kl. 21:35

## NCIS: Los Angeles

***Spennandi þáttaröð um starfsmenn rannsóknardeildar bandaríska hersins. Núna fá þeir það verkefni að finna hermenn sem er saknað eftir að ráðist var á bifreið þeirra í eyðimörkinni við landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON HEFUR ÁHYGGJUR

# *Norsk áhrif barnaefnis*



Á mínum mótunarárum bjó ég í Noregi, sem á níunda áratugnum var frekar þurrt og leiðinlegt samfélag. Barnaefnið sem sýnt var endurspeglaði þann veruleika vel. Það var oftar en ekki praktískt og þroskandi en án skemmtanagildis. Ævintýralegasta teiknimyndin var „Sögustund með Janusi“, sem snérist um hálfdrukkið bjarndýr að segja óspennandi sögur af litlausum vinum sínum. Flest barnaefnið var leikið til að skapa raunveruleikatengingu og hemja ímyndunaraflið. Það innihélt oftar en ekki boðskap sem kenndi ábyrgð, sparsemi eða skipulagshæfileika.

Maður sá glitta í innrætinguna í hegðun fullorðinna Norðmanna. Í minningunni smurðu þeir allir nesti hvert sem þeir fóru, söfnuðu fyrir sumarfríinu fyrirfram, fóru til Majorka og töldu fríið hafa gengið vel ef allar tímaáætlanir stóðust. Praktískir en leiðinlegir.

Sem eigandi barns hef ég nýverið endurnýjað kynni mín við barnaefni og sé þau áhrif sem það hefur á hegðun dóttur minnar, enda áhrifagirni ráðandi hjá litlu fólki. Ég hef sérstakar áhyggjur af því þegar barnaefnið fjallar um ungabörn með útlits- og/eða tískukomplexa, ofurhetjur í magabolum eða Cartoon-Network-framleiddar furðuverur sem voru líkast til hugsaðar fyrir neytendur hugvíkkandi efna fremur en börn. Ég vona svo innilega að þetta sull sé ekki að hafa sömu áhrif á dóttur mína og samferðamenn hennar og leiðindin úr æsku minni höfðu á norsku þjóðina.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Lífsins tré við gulan geisla **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Miðdegistónar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.00** „Óperan leiðir okkur inní draumaheim...“ **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsperla: Þegar bjarminn ljómar - Seinni þáttur **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.10 Mumbai kallar** (6:7) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Gurra grís** (22:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (23:52)
**17.36 Mókó** (10:52)
**17.41 Fæturnir á Fanneyju** (23:39)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (19:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Íþróttamaður ársins 2011** Bein útsending frá kjöri íþróttamanns ársins 2011.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (2:23) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (Criminal Minds V) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýnir í persónuleika hættulegra glæpamanna til að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Hernumið land** (2:2) (Occupation) Bresk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum um þrjá fyrrverandi hermenn sem snúa aftur til Basra í Írak, hver af sinni ástæðu.
**00.40 Kastljós** (e)
**01.05 Fréttir**

## 2 BÍÓ

**08.00 Who the #$&% is Jackson Pollock**
**10.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**12.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**14.00 Who the #$&% is Jackson Pollock?**
**16.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**18.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**20.00 Date Night**
**22.00 Little Nicky**
**00.00 Pride**
**02.00 Pucked**
**04.00 Little Nicky**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (86:175)
**10.20 White Collar**
**11.10 Extreme Makeover. Home Edition** (20:25)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Dirty Rotten Scoundrels** Frábær grínmynd þar sem þeir félagar Steve Martin og Michael Cane fara á kostum sem svikahrapparnir Lawrence og Freddie. Þeir gera tilraun til að vinna saman en með lélegum árangri þar til þeir átta sig á því að bærinn sem þeir búa í við Miðjarðarhafið er ekki nógu stór fyrir þá báða.
**14.50 E.R.** (13:22)
**15.35 Friends** (15:24)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (17:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (2:22)
**19.40 My Name Is Earl** (22:27)
**20.05 Hell's Kitchen** (9:15)
**20.50 Human Target** (9:13)
**21.35 NCIS. Los Angeles** (3:24)
**22.20 Breaking Bad** (8:13)
**23.10 Love Don't Cost a Thing** Rómantísk gamanmynd með söngkonunni Christinu Milian í aðalhlutverki. Myndin er gerð eftir hinni frægu Can't Buy Me Love.
**00.50 Dirty Rotten Scoundrels**
**02.35 The Painted Veil** Dramatísk og hugljúf mynd um breskan lækni, leikinn af Edward Norton, sem er sendur í lítið kínverskt þorp ásamt konunni sinni, leikin af Naomi Watts, til að lækna kóleru.
**04.40 Malcolm In The Middle** (2:22)
**05.05 The Simpsons** (17:21)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.15 Meistaradeild Evrópu. Arsenal - Olympiakos**
**20.00 Winning Time: Reggie Miller vs NY Knicks**
**22.00 HM - úrslit** Útsending frá úrslitaleik Noregs og Frakklands á HM í handbolta í Brasilíu.
**23.25 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - RN Löwen**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Newcastle - Man. Utd.**
**15.40 Everton - Bolton**
**17.30 Sunnudagsmessan**
**18.50 Premier League Review 2011/12**
**19.50 Premier League World**
**20.20 Man. City - Liverpool**
**22.10 Premier League Review 2011/12**
**23.10 Wolves - Chelsea**

## 2 EXTRA

**19.45 The Doctors** (20:175)
**20.30 In Treatment** (59:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Middle** (12:24)
**22.15 Í nýju ljósi** (1:10) Karl Berndsen er mættur til leiks á Stöð 2 og heldur áfram að gefa konum góð ráð varðandi útlitið. Þættirnir eru unnir eftir hugmyndafræði Kalla um að hægt sé að skipta vaxtarlagi kvenna í fjórar gerðir, svokölluð VAXi-aðferð. Hann ráðleggur konum með mismunandi vaxtalag um hvernig best sé að klæða sig til að ná fram því besta sem líkaminn hefur uppá að bjóða.
**22.45 Hawthorne** (9:10)
**23.30 The Reckoning** (2:2)
**00.20 Satisfaction**
**01.10 Malcolm In The Middle** (2:22)
**01.35 My Name Is Earl** (22:27)
**01.55 In Treatment** (59:78)
**02.20 The Doctors** (20:175)
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Being Erica** (7:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Pan Am** (7:13) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (3:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (24:25)
**19.45 Will & Grace** (6:25) (e)
**20.10 The Office** (12:27)
**20.35 30 Rock** (19:23) Liz og Kenneth hefja dauðaleit að Tracy því hann er sá eini em getur bjargað þættinum.
**21.00 House** (18:23)
**21.50 Flashpoint** (1:13) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar. Vopnaður glæpamaður tekur tvö ungmenni í gíslingu en þegar hann er handtekinn kemur í ljós að annar gíslinn er ekki allur þar sem hann er séður.
**22.40 Jimmy Kimmel** (e)
**23.25 CSI: Miami** (14:22) (e) Stúlka er á óhugnanlegan hátt grýtt til dauða á íþróttaleikvangi og beinist grunurinn fljótlega að tölvunördunum í skólanum.
**00.15 Jonathan Ross** (6:19) (e) Kjaftfori séntilmaðurinn Jonathan Ross er ókrýndur konungur spjallaþáttanna í Bretlandi. og fær í hverri viku til sín góða gesti.
**01.05 Everybody Loves Raymond** (24:25) (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.35** US Open 2011 (2:4) **12.00** Golfing World **12.50** US Open 2011 (3:4) **16.05** Inside the PGA Tour (1:45) **16.30** US Open 2011 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2000 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.45** The Weakest Link **07.30** ,Allo ,Allo! **09.40** New Tricks **11.25** Come Dine With Me **12.15** EastEnders **12.45** Jack Dee Live At The London Palladium **13.35** Top Gear **14.30** ,Allo ,Allo! **16.35** QI **17.35** Top Gear **18.30** Jack Dee Live At The London Palladium **19.20** Come Dine With Me **20.10** QI **21.10** Top Gear **22.00** Alan Carr. Tooth Fairy Live **22.55** Live at the Apollo **23.40** QI **00.40** Alan Carr. Tooth Fairy Live **01.35** Live at the Apollo **02.20** The Graham Norton Show **03.05** The Weakest Link **03.50** New Tricks

## DR 1

**11.00** Søren Ryge præsenterer **11.30** Hammerslag **12.00** DR Update - nyheder og vejr **12.10** Skattejægerne **13.35** Aftenshowet **15.00** DR Update - nyheder og vejr **15.10** Flodens børn **16.00** Postmand Per **16.15** Timmy-tid **16.25** Den fortryllede karrusel **16.35** Peter Pedal **17.00** Rockford **17.50** DR Update - nyheder og vejr **18.00** Price og Blomsterberg **18.30** TV Avisen med Sport **19.05** Aftenshowet **20.00** Sporløs **20.30** Bag Facaden **21.00** TV Avisen **21.25** SportNyt **21.30** Downton Abbey

## NRK 1

**11.05** Dallas **11.50** Filmavisen **12.00** NRK nyheter **12.15** Aktuelt **12.45** Tour de Ski **14.30** V-cup alpint **15.00** NRK nyheter **15.10** Tour de Ski **16.20** NRK nyheter **16.30** Hoppuka **17.30** Sport i dag **17.40** Oddasat - nyheter på samisk **17.55** Tegnspråknytt **18.00** Sport i dag **18.10** V-cup skiskyting **18.40** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen **19.45** Ikke gjør dette hjemme **20.15** Mens vi venter på Idrettsgalla **20.55** Distriktsnyheter **21.00** Dagsrevyen 21 **21.30** Debatten **22.30** Miranda **23.00** Kveldsnytt **23.15** Lilyhammer

## svt1

**10.00** Sverkers stora strid **11.00** Minnenas television **11.55** Anslagstavlan **12.00** Rapport **12.05** Drottning Sonja och Kungliga slottet **12.35** Inför Idrottsgalan 2012 **12.45** Skidor **14.30** Alpint **15.25** Rapport **15.30** Skidor **16.30** En komikers arbetslivserfarenhet **17.00** Mysteriet med de tre vise männen **17.55** Sportnytt **18.00** Rapport **18.10** Två hungriga italienare **19.10** Semester, semester, semester **19.30** Rapport **19.45** Humor godkänd av staten **20.00** Fredriksdalsteatern 2011. Viva la Greta **22.00** Brottsplats Edinburgh

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




STEINI / PÉSI
& GAUR Á TROMMU

MIÐAR Á 2012 SÝNINGAR KOMNIR Í SÖLU!

| | | |
|---|---|---|
| Laugardagur | 07.01.2012 | 22:30 |
| Föstudagur | 13.01.2012 | 22:30 |
| Föstudagur | 27.01.2012 | 22:30 |

GAMLA BÍÓ LEIKHÚS

Miðasala á gamlabio.is og midi.is. Sími 563 4000.
Opið mán.-mið. 14:00-18:00 og fim.-sun. 14:00-20:00.

# DANS STUDIO WORLD CLASS

## VORÖNN HEFST 16. JANÚAR

FJÖLBREYTT OG VANDAÐ 13 VIKNA DANSNÁM

VERÐ: 24.900 KR.

NÝTT!

**FRÍTT LÍKAMSRÆKTARKORT**
fyrir alla nemendur 15. ára og eldri




SKREFI NÆR ÞÉR

HAFNARFJÖRÐUR - HR - LAUGAR - KRINGLAN - MOSFELLSBÆR - SPÖNGIN - SELTJARNARNES - TURNINN - ÖGURHVARF

**Nám byggt á ólíkum dansstílum:**
Hip Hop / Jazz Funk / Nútímadans / Lyrical / House
Broadway / Jazz / Street / Barnadansar

**Aldur:**
4-6 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára,
16-19 ára, 20 plús og 25 plús

**Dans fyrir 20 ára og eldri**
Áhersla lögð á mismunandi dansstíla og danstækni
Hámarksbrennsla í hverjum tíma

**Dans fyrir 25 ára og eldri**
Áhersla lögð á alhliða líkamsþjálfun
Markmiðið er að hafa gaman!
Námskeið fyrir allar stelpur/konur sem hafa gaman af dansi
og hefur alltaf langað að æfa, kunna að dansa eða bæta sig

**DANCEOFF**
danskeppni í Tjarnarbíó 11. febrúar

**NEMENDASÝNING**
í Borgarleikhúsinu í lok annar



SKRÁNING ER HAFIN Í S. 553 0000 OG RAFRÆNT Á WORLDCLASS.IS

Nánari upplýsingar er að finna á worldclass.is/heilsuraekt/dansstudio-wc

ÍTR Frístundakortið

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*Vinnan mín sem tónlistarmaður og plötusnúður felur í sér að ég þarf að hlusta á músík á hverjum degi. Byrja daginn oftast á að hlusta á dub og/eða afróbít. Síðan þegar ég er almennilega vaknaður sekk ég mér í leit að góðri elektróník og teknó tónlist. Mér finnst svo alltaf gott að loka deginum með rólegri tónum frá Miles Davis og fleiri djass-og blúslistamönnum.*

Hrafnkell Flóki Kaktus Einarsson, meðlimur sveitarinnar Captain Fufanu og dúx í Borgarholtsskóla.

# Ingó týndist en fer ekki á taugum

„Hann náði einhvern veginn ekki í gegn. Hann fékk ekki þá útvarpsspilun sem hann hefur fengið oft áður og týndist svolítið,“ segir Eiður Arnarsson hjá Senu um fyrstu sólóplötu Ingólfs Þórarinssonar, Ingó, sem kom út fyrir jólin á vegum fyrirtækisins.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins seldust innan við eitt þúsund eintök af henni, sem er óvenju lítið þegar hinn vinsæli Ingó er annars vegar. „Við vorum að vonast eftir meiri sölu. Við bjuggumst ekki við neinu í líkingu við Veðurguða-plötuna en vorum að vonast eftir um þrjú þúsund seldum plötum,“ segir Eiður. Plata Ingós og Veðurguðanna sem kom út 2009 hefur selst í um fimm þúsund eintökum. Þar hjálpuðu ótrúlegar vinsældir lagsins Bahama sem kom út árið áður.

Ingó sjálfur hefur enga eina skýringu á reiðum höndum. „Maður veit víst ekki neitt, það er það eina sem maður veit,“ segir hann. „Hún fékk lélega dóma á nokkrum stöðum, ég veit ekki hvort það hefur haft áhrif. Svo var þetta kannski ekki eins krakkamiðað og á fyrri plötunni. Náði ekki til eins víðs hóps.“

Sjálfur segist hann vera ánægður með plötuna og vonast til að fleira fólk gefi henni gaum. „Maður fer ekkert á taugum þó að platan seljist illa,“ segir hann og er hvergi af baki dottinn. **- fb**



**VONBRIGÐI** Salan á fyrstu sólóplötu Ingólfs Þórarinssonar var minni en búist var við.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þrátt fyrir að rapparinn og fjölmiðlamaðurinn **Erpur Eyvindarson** sé staddur á Kúbu og ætli að dvelja þar næstu vikur heldur Gróa á Leiti áfram að láta gamminn geisa um kappann. Kjaftasagan um endurkomu Johnny National, persónu sem Erpur lék eftirminnilega í þáttum á Skjá einum, hefur verið lífseig og ekki alveg að ástæðu lausu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur möguleg endurkoma verið rædd í gegnum tíðina, þótt ekkert sé í hendi. Hinn kjaftfori Johnny Naz fær því að hvíla sig aðeins lengur. **- afb**


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**
551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is



**Heimsljós** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 7.1. Kl. 19:30 4. sýn. U | Lau 28.1. Kl. 19:30 10. sýn. Ö | Lau 18.2. Kl. 19:30 14. sýn. |
| Sun 8.1. Kl. 19:30 5. sýn. U | Sun 29.1. Kl. 19:30 11. sýn. Ö | Sun 19.2. Kl. 19:30 15. sýn. |
| Lau 14.1. Kl. 19:30 6. sýn. U | Lau 4.2. Kl. 19:30 12. sýn. Ö | Lau 25.2. Kl. 19:30 16. sýn. |
| Sun 15.1. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Sun 5.2. Kl. 19:30 13. sýn. Ö | Sun 26.2. Kl. 19:30 17. sýn. |
| Lau 21.1. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Lau 11.2. Kl. 19:30 1. Aukas. | |
| Sun 22.1. Kl. 19:30 9. sýn. Ö | Sun 12.2. Kl. 19:30 2. Aukas. | |



**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | |
|---|---|
| Sun 8.1. Kl. 19:30 33. sýn. | Fös 20.1. Kl. 19:30 37. sýn. |
| Fim 12.1. Kl. 19:30 34. sýn. | Lau 21.1. Kl. 19:30 38. sýn. |



**Hreinsun** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fim 5.1. Kl. 19:30 16. sýn. | Fös 13.1. Kl. 19:30 17. sýn. |



**Litla skrímslið og stóra skrímslið í leikhúsinu** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 8.1. Kl. 13:30 6. sýn. U | Sun 15.1. Kl. 15:00 | Sun 29.1. Kl. 13:30 |
| Sun 8.1. Kl. 15:00 7. sýn. U | Sun 22.1. Kl. 13:30 | Sun 29.1. Kl. 15:00 |
| Sun 15.1. Kl. 13:30 Ö | Sun 22.1. Kl. 15:00 | |



**Judy Garland** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | |
|---|---|
| Lau 8.1. Kl. 16:00 | Fös 13.1. Kl. 22:00 |

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30

Sími í miðasölu 551 1200






The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textíll. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textíll | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textíl, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is


LEONCIE: NÝJU LÖGIN MÍN ERU HVERT ÖÐRU FYNDNARA OG JÁKVÆÐARA

# Indverska prinsessan með langþráða tónleika á Íslandi

„Ég hlakka mikið til að koma fram á Íslandi,“ segir indverska prinsessan Leoncie.

Leoncie er væntanleg til landsins og kemur fram á Gauki á Stöng laugardaginn 28. janúar. Sjö ár eru liðin frá því að Leoncie flutti til Bretlands og hefur hún síðan þá ekki komið fram á Íslandi. Í viðtali við Fréttablaðið segist hún ekki óttast að það hafi fækkað í aðdáendahópnum hér á landi. „Ég á hiklaust fjölmarga aðdáendur á Íslandi vegna þess að lögin mín eru upplífgandi og jákvæð,“ segir hún. „Nýju lögin mín eru hvert öðru fyndnara og jákvæðara. Ég nýt þess að koma fólki til að hlæja. Ég elska að sjá fólk brosa. Það er niðurdrepandi að horfa framan í fúlt fólk. Hvers vegna í veröldinni ætti fólk að vera fúlt og leiðinlegt? Allir aðdáendurnir mínir eru hamingjusamt fólk. Húrra!“

Leoncie hyggst flytja mörg ný lög – lög sem hún fór alla leið til Kanada til að taka upp. „Ég mun svo pottþétt flytja klassísk lög eins og Ást á pöbbnum og fleiri,“ segir hún. Hún segist hafa komið víða fram undanfarið, meðal annars í heimalandi sínu Indlandi, Kanada og Bandaríkjunum. „Ég kem fram á risastórum vel borguðum viðburðum á vegum stórfyrirtækja,“ segir hún.

Dvöl Leoncie á Íslandi verður ekki löng í þetta skipti, en hún segist vera mikið bókuð á næstunni og bætir við að eftirspurnin sé mikil á meðal skólabarna í Kanada og Bandaríkjunum, sem vilja að hún komi fram á söngkeppnum. „Hversu yndislegt er það? Ég elska það. Þau eru að minnsta kosti að gera eitthvað jákvætt og gott í lífinu, í staðinn fyrir að áreita fólk eins og hatursfullu uppvakningarnir í Sandgerði fyrir sjö árum.“ Hún ætlar jafnvel að taka upp ný tónlistarmyndbönd hér á landi ásamt því að skoða fasteignamarkaðinn, en hún hyggst festa kaup á húsi hér á landi í náinni framtíð. „Ég á þegar þorp á Indlandi þar sem hamingjusöm börn syngja lögin mín,“ segir Leoncie.

Leoncie lofar einstökum tónleikum í lok janúar. „Ég er ánægð með þá staðreynd að margt fólk sér lífið með sömu augum og ég. Hvort sem ég fæ spilun í útvarpi eða ekki, heimsfrægð eða ekki, stóra samninga eða ekki. Ég er í þessum bransa til að vera,“ segir Leoncie og sendir þjóðinni áramótakveðjur. **atlifannar@frettabladid.is**



**VÆNTANLEG TIL LANDSINS** Leoncie kemur fram á tónleikum á Gauknum í janúar. Hún lofar einstökum tónleikum.

# Klipptur út úr fyrsta Skaupinu

„Þetta voru töluvert margar senur en ég er ekkert svekktur og skil mjög vel að þetta skyldi hafa verið gert. Auðvitað var leiðinlegt að sjá á eftir þessum atriðum enda í fyrsta skipti sem ég leik í Skaupinu,“ segir leikarinn Atli Þór Albertsson.

Flest öll atriði með leikaranum voru klippt út úr Áramótaskaupinu en Atli átti að leika Egil Einarsson eða Gillz. Honum bregður stuttlega fyrir í hlutverki Egils í einu af upphafsatriðum spéspegilsins, þá ber að ofan með hár á bringunni, þar sem sjónvarpsþátturinn Með okkar fallegu augum er kynntur til leiks. Þátturinn var gegnumgangandi í öllu Skaupinu en stjórnendur hans voru nafntogaðir einstaklingar á borð við Hildi Líf, Kristrúnu Ösp og Tobbu Marinós.

„Upphafsatriðið var ekki alveg eins og það átti að vera en ég veit ekkert hvernig það var klippt til.“ Að sögn Atla voru þetta töluvert margar senur, þar á meðal ein þar sem hann stendur, ber að ofan, að taka viðtal uppi á Hellisheiði í skítakulda. Ákvörðun um að klippa út grínatriði með persónu Egils Einarssonar var tekin eftir að sjónvarpsmaðurinn var kærður ásamt kærustu sinni fyrir nauðgun. Rannsókn á því máli er nú á lokastigi. **-fgg**



**SÝNIR SKILNING** Atli Þór Albertsson er ekkert sár þótt hann hafi verið klipptur út úr Skaupinu, hann skilji ákvörðunina mjög vel í ljósi aðstæðna. Atli átti að leika Gillz í Áramótaskaupi Sjónvarpsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


ÚTSALA
20-50% afsláttur
af völdum vörum í verslunum
ZO•ON Kringlunni og Bankastræti
ZO•ON ICELAND Kringlunni og Bankastræti Sími 527 1050
ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bubbi frjór

**Bubbi Morthens** er ekkert að tvínóna við hlutina frekar en venjulega. Núna er kappinn búinn að semja heil átján lög fyrir næstu plötu sína og vinnslan hefst formlega á föstudaginn. Tónlistin ku vera eins konar sveitatónlist, en forvitnilegt verður að heyra í kónginum á nýju ári. Hann hefur verið í miklu stuði undanfarið, en síðasta plata hans, Ég trúi á þig, sem kom út í fyrra, fékk góðar viðtökur hjá aðdáendum sem og gagnrýnendum.



### Jólaballið á Bessastöðum

Árlegt jólaboð forseta Íslands fór fram á Bessastöðum í fyrradag. Töframaðurinn Einar Mikael var fenginn til þess að skemmta börnunum sem þangað mættu og sló algjörlega í gegn. Á Facebook-síðu sinni greinir Einar Mikael frá því að Ólafur Ragnar Grímsson hafi sagt töfrabrögðin þau flottustu sem hann hefði séð. Jólaboðið í fyrradag er væntanlega hið síðasta sem Ólafur Ragnar heldur þar sem hann hefur gefið til kynna að hann hyggist ekki bjóða sig fram til embættisins á nýjan leik. **- afb, þeb**



### Mest lesið vísir

1. Brunnin kanína í Garðabæjarhrauni
2. Hefur þú séð Dag Loga?
3. Vill ekki borga dýrt og lélegt malbik
4. Lögreglan vill lífsýni úr skyldmenni Rögnu Estherar
5. Akurnesingar hætta við meiðyrðamál gegn Páli Baldvini
6. Kínverskur kaupsýslumaður át baneitraða kattakássu




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, júlí–sept. 2011.

